

**SKOÐUN** Pawel Bartoszek líkir krónunni við inneignarnótu innanlands. 15



**MENNING** Katla Þórhallsdóttir loftfimleikakona kennir fólki að leika listir hangandi neðan úr loftinu 34



**SPORT** Damier Pitts hefur slegið í gegn á Ísafirði og lætur sólarleysið ekki hafa slæm áhrif á sig. 30


Yfirburðir Fréttablaðsins staðfestir!

93%

Auglýsing í Fréttablaðinu nær til yfir 93% lesenda blaðanna




Prentmiðlakönnun Capacent Gallup. 18-49 ára á höfuðborgarsvæðinu. Meðallestur á tölublað, okt.-des. 2012.



# FRÉTTABLAÐIÐ

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

**Föstudagur**

22. febrúar 2013
45. tölublað 13. árgangur
Sími: 512 5000

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup janúar - mars 2012


# Ríki og borg í viðræður um neyslurými fyrir sprautufíkla

Neyslurými fyrir sprautufíkla í Reykjavík er rætt af alvöru innan borgarinnar. Verður að fara nýjar leiðir, segir varaformaður velferðarráðs. Fulltrúar Alþingis, velferðarráðuneytis og borgar funda um málið í næstu viku.

**SAMFÉLAGSMÁL** Heiða Kristín Helgadóttir, stjórnarformaður Bjartrar framtíðar og varaformaður velferðarráðs Reykjavíkurborgar, segir tímabært að skoða aðrar leiðir en farnar hafi verið til að mæta þörfum sprautufíkla. Í því ljósi hafa forsvarsmenn Besta flokksins rætt um þörfina á sérstöku neyslurými fyrir sprautufíkla í Reykjavík. Björk Vilhelmsdóttir, formaður velferðarráðs, telur um færa leið að ræða, að því gefnu að sannað sé að um árangursríka aðferð sé að ræða.

Heiða Kristín segir mikinn vilja hjá Besta flokknum að skoða þessa leið. Hún bendir á að starfsemi neyslurýma hafi gefist vel víða erlendis og því sé nauðsynlegt að skoða þann möguleika hér á landi. „Þetta er eitthvað sem við höfum rætt og við munum einnig taka þetta málefni upp innan Bjartrar framtíðar,“ segir hún. „Það er ljóst að við þurfum að fara að nálgast málin með raunhæfari hætti.“

Björk segir að innan borgarinnar sé unnið samkvæmt því að leita leiða til að minnka þann skaða sem hlýst af neyslu. „Ef það er mat fagfólks að þessi leið, að fá fólk til að sprauta sig á öruggum stað og veita því um leið ráðgjöf, sé fær þá er ég líka vita, með áreiðanlegum hætti, hvort um raunverulegan árangur sé að ræða af þessu starfi.“ Björk bætir við að það sé alltaf spurning hvenær svo langt er gengið í skaðaminnkandi þjónustu að ástandi þeirra sem eru í svo alvarlegri fíkn sé viðhaldið. „Við verðum að gæta þess að við séum ekki að viðhalda neyslu, en nauðsynlegt að skoða þetta í þaula,“ segir Björk.

Heiða Kristín stýrir hópi um málefni utangarðsfólks í Reykjavík. Hópurinn fundar í næstu viku með fulltrúum þingsins og velferðarráðuneytisins þar sem málin verða rædd. Skaðaminnkandi nálgun sé ein af stefnum Reykjavíkurborgar og þetta sé hluti af því að mæta fólki þar sem það er statt. „Það er mjög rökrétt næsta skref. Það er mikill vilji til að skoða þetta og halda þessu á lofti.“ - sv, shá

## Fíklar fái ráðgjöf í neyslurýmum



Sigríður Ingibjörg Ingadóttir, formaður velferðarnefndar Alþingis, sagði í Fréttablaðinu á mánudag að neyslurými fyrir fíkla myndi auka lífsgæði þeirra, draga úr skaða í umhverfinu og auka líkur á að fólk hætti þar sem það fengi ráðgjöf í rýmunum.



**UTANVEGAAKSTUR Á AUSTURVELLI** Það er víðar en á hálendinu sem fara verður varlega á vélknúnum ökutækjum, eins og berlega mátti sjá á Austurvelli í Reykjavík í gær. Garðyrkjustjóri Reykjavíkur gat ekki gefið upplýsingar um hver þarna þurfti að stytta sé leið en telur víst að ummerkin verði horfin þegar tekur að vora. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Kaup útlendinga á jörðum:

## Samstaða um takmörkun

**JARÐAMÁL** Flestir stjórnmálaflokkar virðast sammála um að einhvers konar takmarkanir verði að setja á eignarhald útlendinga á jörðum. Helst er það Samfylkingin sem lítið hefur gefið upp um afstöðu sína í þeim efnum.



**STEINGRÍMUR J. SIGFÚSSON**

Starfshópur á vegum Steingríms J. Sigfússonar, atvinnuvega- og nýsköpunarráðherra, hefur unnið drög að nýjum jarðalögum. Steingrímur segir að skoða verði, opið og án nokkurs þjóðrembings, hvernig lög um eignarhald eigi að vera. „Til dæmis skiptir máli ef erlendur aðili vill kaupa jörð í hvaða tilgangi það er. Hvað þarf hann mikið land?“ - kóp / sjá síðu 10

Rannsókn á tuttugu kílóa amfetamínsmygli með pósti vindur upp á sig:

## Tollvörður í gæsluvarðhaldi

**LÖGREGLUMÁL** Lögregla handtók í fyrradag tollvörð á fimmtugsaldri, grunaðan um aðild að smygli á um tuttugu kílóum af amfetamíni til landsins. Hann var úrskurðaður í gæsluvarðhald í gærmorgun.

Efnið, bæði í vökva- og duftformi, fannst í tollpósti sem kom frá Danmörku og er umræddur tollvörður eini starfsmaður tollsins sem er grunaður um aðild að málinu.



Snorri Olsen tollstjóri vildi ekkert tjá sig um málið í gær, sagði að rannsóknin mundi leiða í ljós hver þáttur mannsins var.

Fram kom í fréttum Stöðvar 2 í gær að þetta væri í fyrsta sinn sem tollvörður væri handtekinn á Íslandi, grunaður um tengsl við fíkniefnainnflutning.

Fimm aðrir sitja í gæsluvarðhaldi vegna málsins, tveir Litháar og þrír Íslendingar, þar af 35 og 39 ára bræður sem hafa rekið saman fyrirtæki. Einn til viðbótar sat í varðhaldi um skeið en var síðan sleppt úr haldi. Þá hafa þrír verið handteknir við rannsóknina án þess að vera úrskurðaðir í varðhald. - sh



**TOLLSTJÓRI** Snorri Olsen tollstjóri vildi ekkert tjá sig um málið í gær. Rannsókn leiði í ljós hver þáttur mannsins er. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

**LÍFIÐ**



### Leikur lélegan kokk

Sigrún Edda ræðir um þrjátíu ára feril sinn í leikhúsinu og hlutverk sitt sem matselja í Mary Poppins.

**FRÉTTIR**

**Sölunni á Skíðaskálanum rift** Sölu á Skíðaskálanum í Hveradölum hefur verið rift og er hann skráður aftur á fyrri eiganda sem hyggst halda veitingarekstri áfram. 2

**Ný flutningaleið á sjó** Samskip taka í þessum mánuði upp nýja siglingaleið frá Vestfjörðum og Norðurlandi til Evrópu. 4

**Laxinn bjargi makrílnum** Orri Vigfússon segir að stjórnmálamönnum hafi mistekist að leysa makríldeiluna. Tími sé kominn til að hleypa hagsmunaaðilum að samningaborðinu. 8




14

| | | | |
|---|---|---|---|
| Bolungarvík | 5° | SA | 9 |
| Akureyri | 7° | S | 5 |
| Egilsstaðir | 6° | SV | 5 |
| Kirkjubæjarkl. | 6° | SA | 5 |
| Reykjavík | 8° | SA | 11 |

**Rigning S- og V-lands** í dag. Bjart NA-til í fyrstu en dregur fyrir um miðjan dag. 8-13 m/s V-til á landinu en hægari vindur A-til. Hiti 2-10 stig. 4

**3 SÉRBLÖÐ**

Lífið | Innheimta & ráðgjöf
Fólk





INTEL PENTIUM



TOSHIBA Toshiba C850-1C8

Ein af okkar vinsælustu fyrir hefðbundna tölvuvinnslu. Hagstætt verð fyrir 15,6“ fartölvu með Intel Pentium, 4GB vinnsluminni og 500GB hörðum diski. Kemur uppsett með nýja Windows 8 stýrikerfinu.

99.990

tl.is TÖLVULISTINN



KOMIN Í KILJU Á ÍSLENSKU!




JPV ÚTGÁFA
www.forlagid.is
alvöru bókabúð á netinu

## SPURNING DAGSINS



Karen, var þetta algjör steypa?

**„Nei þetta er bara gaman þegar maður er komin á steypirinn.“**

Karen Kjartansdóttur var boðið í óvænt steypiboð, í tilefni þess að hún á von á sínu fyrsta barni. Slík boð eru að ryðja sér til rúms hér á landi en eru nokkuð gömul hefð í Bandaríkjunum þar sem þau kallast „baby shower“.

„Þetta er engin hótun, þetta er bara staða sem getur komið upp,“ segir Þór Saari:

# Íhugar að leggja vantraustið fram aftur

**ALÞINGI** Þór Saari, þingmaður Hreyfingarinnar, íhugar enn að bera fram vantrauststillögu á ríkisstjórnina ef frumvarp að nýrri stjórnarskrá kemst ekki til afgreiðslu á þinginu.

„Ég er ekkert ákveðinn í því, en það er alltaf sá möguleiki í stöðunni,“ segir Þór. Hann vonist til þess að stjórnvöldum takist að klára málið. „Þau virðast hafa brett upp ermarnar svolítið síðan og útlitið orðið betra en það var.“ Ef svo fer hins vegar ekki þurfi hann að fá skýringar á því og verði þær ófullnægjandi kunni vantraust að verða lagt fram.

Spurður hvort hann sé að hóta stjórnarliðum segir hann: „Þetta er engin hótun, þetta er bara staða sem getur komið upp.“

Þór lagði fram vantrauststillögu síðdegis á miðvikudag en dró hana til baka í gærmorgun, eftir að í ljós komu formgallar á tillögunni, auk þess sem Þór var ósáttur við að stjórnarliðar hygðust koma málinu á dagskrá strax í gær, en ekki bíða til þriðjudags eins og Þór hafði lagt til.

„Þetta var sambland af ýmsu – þau voru búin að telja hausa og töldu sig vita að tillagan yrði felld. Með því að draga hana til baka hef ég möguleika á að leggja hana fram aftur.“



ÞÓR SAARI

Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra sagði í fréttum Stöðvar 2 í gær að tillaga Þórs hefði verið vond og heimskuleg og ekki til þess fallin að vinna stjórnarskrármálinu framgang. Hefði hún verið samþykkt hefði stjórnarskrármálið verið ónýtt.

„Hún verður bara að eiga það við sig,“ segir Þór. „Mín skoðun er sú að málið sé nánast ónýtt hvort eð er.“ **- sh**



**FÁMÁLL** Sigurður Ingi vildi ekki tjá sig við fjölmiðla að fundinum loknum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

FBI-pilturinn gaf allsherjarnefnd skýrslu:

# Mætti með lífvörð

**ALÞINGI Sigurður Ingi Þórðarson, pilturinn sem fulltrúar FBI-komu hingað til lands að ræða við sumarið 2011, mætti í fylgd lífvarðar og sálgæslumannsins á nefndasvið Alþingis í gærmorgun til að gefa allsherjar- og menntamálanefnd skýrslu um málið.**

**Björgvin G. Sigurðsson, formaður nefndarinnar, sagði í samtali við Vísi í gærmorgun að skýrsla Sigurðar varpaði enn skýrara ljósi á það að alríkisfulltrúarnir hefðu sannarlega verið að rannsaka Wikileaks-samtökin hér á landi. Hann gat þó ekki farið út í smáatriði þar sem fundurinn var lokaður.**

**Sigurður vildi ekki tjá sig við fjölmiðla að loknum fundinum.** **- sh**

# Skíðaskálinn aftur í hendur fyrri eiganda

Sölu á Skíðaskálanum í Hveradölum er rift og hann skráður aftur á fyrri eiganda eftir að kaupandinn stóð ekki við umsamdar greiðslur. Þetta er leiðindamál, segir Svavar Helgason, sem hyggst því halda áfram veitingarekstri sínum í Hveradölum.

**VIÐSKIPTI** Skíðaskálinn í Hveradölum er aftur kominn í eigu Svavars Helgasonar eftir að félag sem keypti skálann í september síðastliðnum stóð ekki við greiðslur.

„Þetta er leiðindamál og það er verið að rifta þessu. Ég ætla bara að reka þetta áfram þangað til annað kemur í ljós,“ segir Svavar sem hefur verið með veitingasölu í Skíðaskálanum frá því 1995.

Fram kom í Fréttablaðinu í nóvember síðastliðnum að kaupendurnir, sem voru Inga Lísa Sólonsdóttir og Aron Þorsteinson, hygðu á mikla uppbyggingu við Skíðaskálann og stóreflingu ferðaþjónustu þar á svæðinu. Frá því kaupin voru frágengin hefur verið lagt þar í ýmsar framkvæmdir, til dæmis málningarvinnu, stígagerð og ýmsa jarðvinnu.

Meðal hugmynda sem settar voru fram í haust var uppbygging baðlónsins Viking Lagoon, gerð golfvallar og smíði þyrlupalls fyrir útsýnisflug. „Þessi fjárfesting er svokölluð gullnáma sem hefur verið afar vannýtt eða legið í dvala, gullnáma sem býður í raun upp á óendanlega möguleika,“ sagði í viðskiptaáætlun fyrir verkefnið.

Umsamið verð Skíðaskálans var 98,5 milljónir króna. Af þeirri upphæð greiddu Aron og Inga Lísa 9 milljónir út og áttu að borga 6,5 milljónir króna 7. janúar síðastliðinn en gerðu ekki. Þess utan áttu þau að greiða 650 þúsund krónur mánaðarlega af 82 milljóna króna láni sem hvíldi á fasteigninni.

„Mér þykir þetta mál allt mjög leitt. Vegna þess hvernig hlutirnir þróuðust var ekki hægt að halda verkefninu áfram,“ segir Aron Þorsteinsson aðspurður um málið.

Í Fréttablaðinu í nóvember kom fram að Aron og Inga Lísa væru hjón. Aron segir þetta rangt. Þau Inga hafi átt í sambandi um fárra mánaða skeið frá því um mitt síðasta sumar en því hafi verið lokið áður en sagt var frá málinu í Fréttablaðinu.

Sjálfur kveðst Aron hafa afsalað sér hlut sínum í félaginu þegar áðurnefnda greiðslu átti að inna af hendi í byrjun janúar. „Svavar Helgason hefur staðið vel við allt sitt og ég óska honum alls hins besta,“ segir Aron Þorsteinsson. **gar@frettabladid.is**



**SKÍÐASKÁLINN** Stórhuga áætlanir voru um mikla uppbyggingu ferðaþjónustu í Hveradölum en þær eru nú úr sögunni að sinni.



**Telja sig hafa keypt vannýtta gullnámu**

Nýir eigendur Skíðaskálans í Hveradölum boða mikla uppbyggingu og stóraukin umsvif í veitinga- og ferðaþjónustu. Þeir segja staðinn mjög vannýttan og bjóða upp á óendanlega möguleika. Verður okkar draumaveröld, segir annar eigandinn.

**ÞJÓNUSTA** Hjónin Inga Lísa Sólonsdóttir og Aron Þorsteinsson, sem keypt hafa hinn fornfræga Skíðaskála í Hveradölum af Svavari Helgasyni, áforma þar stóraukin umsvif með verkefninu Skíðaskálinn í Hveradölum – Luxury resort.

Í viðskiptaáætlun kemur fram að úttekt á rekstri og arðsemi Skíðaskálans lofi afar góðu. „Þessi fjárfesting er svokölluð gullnáma sem hefur verið afar vannýtt eða legið í dvala, gullnáma sem býður í raun upp á óendanlega möguleika,“ segir í áætluninni. Skapa á mun meiri tekjur en nú er með því að hafa opið allt árið. Jólahlaðborð hafa hingað til verið burðarás rekstursins.

Inga Lísa segir ætlunina að bjóða heim göngufólki og náttúruunnendum með stórbættri aðstöðu og lagfæringu á stígakerfi. Aðgangur verður að þremur heitum pottum sem nýta mikinn jarðhita á svæðinu. Laða á að tónlistarmenn jafnt á sumrum sem vetrum, stórauka verslun á staðnum með sölu á alls kyns sérvöru og efna til útimarkaða.

Ekki síst á að bjóða veitingar árið um kring og leigja út mismunandi sali skálans fyrir alls kyns viðburði. Þá er ætlunin að fá skólabörn í fræðsluferðir og tengja greiðasöluna við gestamóttöku Hellisheiðarvirkjunar sem er þar skammt frá. Meðal annarra hugmynda Ingu og Arons er síðan uppbygging baðlónsins Viking Lagoon, gerð golfvallar og smíði þyrlupalls fyrir útsýnisflug.

„Guðdómlegt umhverfi í faðmi fjalla veitir ...



**SKÍÐASKÁLINN Í HVERADÖLUM** Framtíðarskipulag Skíðaskálans gerir meðal annars ráð fyrir baðlóni og búningsaðstöðu. TEIKNING/MAGNÚS JENSSON ARKITEKT

**Margir líta svo á að við séum að endurvekja Eden í nútímalegri mynd.**
*Inga Lísa Sólonsdóttir eigandi Skíðaskálans í Hveradölum*

sem heitir leir- og gufuhverir og aðrar perlur íslenskrar náttúru veita Skíðaskálanum þá réttmætu upphefð að geta talist veislu- og náttúruparadís,“ segir í viðskiptaáætluninni sem fjárfestar fá nú til skoðunar.

Áformin hafa verið kynnt fyrir bæði Orkuveitu Reykjavíkur ...

Svavar Helgason mun ljúka jólahlaðborðahaldinu sem nú stendur yfir og afhenda Ingu og Aroni Skíðaskálann í janúar. Inga Lísa segir þau hjónin sjálf munu búa á staðnum sem gestgjafar.

„Margir líta svo á að við séum að endurvekja Eden í nútímalegri mynd. Þetta verður okkur draumaveröld,“ segir Inga Lísa. „Hvað er betra en sunnudagsbíltúrar, útivist og eðalveisluhöld í flottasta kastala landsins? Hveradalir er staður kærleiks og menningar, hér ...

**FRÉTTABLAÐIÐ 23. NÓVEMBER 2012**

## DALVÍK

### Meira fé í Fiskidaginn mikla

Styrkur Dalvíkurbæjar til Fiskidagsins mikla var hækkaður í fyrra um eina og hálfa milljón króna og nam 3,5 milljónum. Bærinn hyggst styrkja viðburðinn beint um sömu upphæð á þessu ári.

## HVERAGERÐI

### Eden undir gleri

Bæjarstjóra Hveragerðis hefur verið falið að ræða við Árna Björn Guðjónsson, sem óskar eftir lóð í bænum fyrir ferðamannamiðstöð með sundlaugargarði og Edengörðum sem eiga að vera undir gleri.

Lögreglan í Danmörku:

# Fær ekki botn í gengjaglæpina

**DANMÖRK** Einungis fæst botn í lítinn hluta af árásarmálum sem tengjast glæpagengjum í Danmörku. Þetta segir í skýrslu sem var kynnt á danska þinginu og þarlendir miðlar greina frá.

Alls særðust 23 og einn lést í átján skot- eða hnífaárásum milli gengjanna í fyrra, en nú eru einungis sjö þeirra upplýst.

Lögregla segir að ástæðan sé sú að gengjameðlimir aðstoði ekkert við rannsókn mála, heldur þurfi að reiða sig á ótengd vitni og sönnunargögn á vettvangi. **- þj**







Úrskurður um tryggingarlausn Oscars Pistorius dregst enn á langinn:

# Botha látinn hætta afskiptum

**SUÐUR-AFRÍKA, AP** Hilton Botha, sem stjórnað hefur lögreglurannsókn í máli Ólympíuhlauparans Oscars Pistorius, hefur verið látinn hætta afskiptum af málinu. Vinesh Moonoo heitir sá sem tekur við af honum.

Botha hefur, ásamt tveimur öðrum lögreglumönnum, á ný verið ákærður fyrir sjö morðtilraunir. Ákærurnar á hendur þeim höfðu áður verið felldar niður.

Árið 2011 skutu Botha og félagar hans á leigubifreið, sem í voru sjö manns. Að sögn suðurafrískra fjölmiðla voru þeir að elta mann sem sakaður hafði verið um að hafa myrt og sundurlimað konu.

Þessi fortíð lögreglumannsins og margvísleg mistök sem hann hefur viðurkennt að hafa gert við rannsóknina á máli Pistorius hafa orðið til þess að grafa undan málflutningi saksóknara í málinu.

Dómari hefur vegna þessa enn á ný frestað því að kveða upp úrskurð um hvort Pistorius verði látinn laus gegn tryggingu. Hvort svo verður ræðst þó væntanlega í dag. **- gb**



**HILTON BOTHA** Rannsóknarlögreglumaður ákærður fyrir sjö morðtilraunir. NORDICPHOTOS/AFP

TOYOTA

ALWAYS A
BETTER WAY














# RISA jeppasýning
## laugardaginn 23. febrúar

Toyota jeppar hafa um árabil átt sérstakan stað í hjörtum Íslendinga. Á morgun, laugardaginn 23. febrúar, hyllum við Toyota jeppa með glæsilegri sýningu í Kauptúni frá klukkan 12 - 16. Við sýnum Hilux og Land Cruiser í öllum helstu útfærslum og litum. Breyttir jeppar á 33 - 46 tommu dekkjum verða bæði í sal og á útisvæði.

Arctic Trucks kynnir jeppabreytingar, 66° Norður kynnir útivistarfatnað, 4x4 kynnir starfsemina. Freyju sælgæti á staðnum, ískalt Coca Cola og klukkan 14 kemur Vilborg Arna pólfari og sýnir okkur búnaðinn sem hún notaði til að komast á Suðurpólinn.

Myndirnar í auglýsinguna fengum við flestar frá Facebook vinum okkar og kunnum við þeim góðar þakkir fyrir. Ekki missa af STÆRSTU bílasýningu ársins. Húsið opnar klukkan 10.00 eins og venjulega á laugardögum og sýningin hefst klukkan 12.00. Við hlökkum til að sjá ykkur.


























**Toyota Kauptúni**
Kauptúni 6
Sími: 570 5070

Opið mán-fös
kl. 07.45-18.00
lau kl. 10.00 - 16.00
info@toyota.is

Samstarfsaðilar:

ARCTIC TRUCKS · 66° NORÐUR · Coca-Cola · FREYJA · MÁLNINGARVÖRUR EHF. · 4x4 · ÚTIVIST · KLETTUR

**GENGIÐ**
21.02.2013

| | | |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 129,73 | 130,35 |
| Sterlingspund | 197,27 | 198,23 |
| Evra | 170,8 | 171,76 |
| Dönsk króna | 22,893 | 23,027 |
| Norsk króna | 22,757 | 22,891 |
| Sænsk króna | 20,125 | 20,243 |
| Japanskt jen | 1,3917 | 1,3999 |
| SDR | 196,53 | 197,71 |

**GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR**
232,7147

Meirihluti geislafræðinga hefur sagt upp störfum á Landspítalanum og bíður eftir fundi:

# Geislafræðingar bíða eftir svari forstjórans

**KJARAMÁL** Alls hafa 46 geislafræðingar á Landspítalanum (LSH) sagt upp störfum, þar af eru 42 á myndgreiningardeild og fjórir á geisla- og meðferðardeild. Um 80 slíkir sérfræðingar eru á spítalanum í dag, þó ekki allir í fullu starfi.

Katrín Sigurðardóttir, formaður Félags geislafræðinga, segir hópinn hafa óskað eftir fundi með forsvarsmönnum spítalans á mánudag en ekki hafa fengið svör enn.

„Fyrst og fremst þarf að viðurkenna störfin formlega sem slík. Það þarf að koma inn á ýmsar skipulagsbreytingar og að menn fái framgang við faglega þekkingu,“ segir hún. „En það á alveg eftir að ræða þetta.“

Engar fastar kröfur varðandi laun hafa enn komið frá geislafræðingum og Katrín undirstrikar að forsendur þeirra séu afar ólíkar þeim er komu frá hjúkrunarfræðingum.

„Mínir félagar eru mjög þreyttir og hafa verið lengi. En þetta er á öðrum forsendum og deila hjúkrunarfræðinganna og það er allt annað í gangi hjá okkur,“ segir hún. „Það þarf að breyta fyrirkomulaginu.“ - sv

## Ungir menn endast illa í faginu

Af 80 starfandi geislafræðingum á LSH eru þrír karlar. Að sögn Katrínar eru þeir ráðnir tímabundið svo ólíklegt verði að teljast að þeir hafi sagt upp störfum. „En þessir ungu menn endast nú yfirleitt ekki lengi í faginu,“ segir Katrín.


KATRÍN SIGURÐARDÓTTIR

Pétur Blöndal á Alþingi:

## Hver fékk greitt fyrir XL-fréttir?

**STJÓRNMÁL** Pétur Blöndal, þingmaður Sjálfstæðisflokks, ræddi á Alþingi í gær um umfjöllun Ríkissjónvarpsins um kvikmyndina XL í leikstjórn Ólafs Darra Ólafssonar. Umfjöllunin hafi verið afar mikil.


PÉTUR BLÖNDAL

„Hversu mikils virði er svona auglýsing og var hún einhvern veginn borguð? Fékk ríkisútvarpið greitt eða fékk einhver starfsmaður greitt eða hvernig var þetta allt saman?“ spurði Pétur sem taldi verðmætið hlaupa á milljónum og jafnvel tugmilljónum króna. Óvíst væri hvort aðrar kvikmyndir nytu þess sama. Benti Pétur sérstaklega á að fram hefði komið að XL fjallaði um drykkfelldan alþingismann og væri sannsöguleg. - gar

Dæmdur fyrir skilasvik:

## Jón Snorri á hálfs árs skilorð

**DÓMSMÁL** Jón Snorri Snorrason, fyrrverandi stjórnarformaður Sigurplasts og lektor í viðskiptafræði við Háskóla Íslands, var í gær dæmdur í hálfs árs skilorðsbundið fangelsi fyrir skilasvik.

Hann er fundinn sekur um að hafa veðsett hlut eignarhaldsfélags síns í Sigurplasti til tryggingar á láni frá Sparisjóði Mýrasýslu, þótt hluturinn hafi þegar verið veðsettur SPRON.

Jón Snorri bar því við að hann hefði fengið leyfi frá útlánastjóra SPRON fyrir þessu, en sá kannaðist ekkert við málið og sagði skýringuna fráleita. - sh

Kallaði dómara „tussu“:

## Hrákadómur Barkar stendur

**DÓMSMÁL** Hæstiréttur staðfesti í gær sex mánaða fangelsisdóm yfir Berki Birgissyni, dæmdum ofbeldismanni, fyrir að hrækja á skikkju dómara við Héraðsdóm Reykjaness og kalla hann „tussu“.


BÖRKUR BIRGISSON

Atvikið átti sér stað þegar verið var að leiða hann fyrir dómara, þegar hann sat í gæsluvarðhaldi, til að krefjast þess að hann yrði látinn afplána eftirstöðvar gamallar refsingar.

Börkur var í desember dæmdur í sex ára fangelsi fyrir tvær hrottalegar líkamsárásir í máli sem kennt var við hann og Annþór Kristján Karlsson. - sh

Olíufélögin hækka verð:

## Bregðast ekki við lækkun á heimsmarkaði

**VIÐSKIPTI** Bensínverð hækkaði um 2,50 krónur að jafnaði á þriðjudag, á sama tíma og heimsmarkaðsverð lækkaði um sem nemur tæpum 10 krónum á lítrann. Þetta kemur fram í umfjöllun Félags íslenskra bifreiðaeigenda (FÍB).

„Þetta hlýtur að teljast í meira lagi dularfullt og skýring á þessu undri ekki vel sjáanleg,“ segir á vef FÍB. Bent er á að á miðvikudag hafi heimsmarkaðsverð á bensíni lækkað enn frekar, um sem nemur tveimur krónum á lítra. Engar breytingar hafi orðið á bensínverði hér, þvert á hækkanir fyrr í mánuðinum, strax í kjölfar hækkana á heimsmarkaðsverði. - óká

# Mikið hagræði með nýrri hringleið á sjó

Samskip taka upp siglingar frá Vestfjörðum og Norðurlandi beint til Evrópu. Fiskútflytjandi á Ísafirði segir mikinn styrk felast í þjónustunni fyrir landsbyggðina.

**ATVINNULÍF** Flutningafyrirtækið Samskip tekur í þessum mánuði upp nýja siglingaleið frá Vestfjörðum og Norðurlandi beint til Bretlands og meginlands Evrópu. Útflytjendur og innflytjendur á landsbyggðinni komast með þessu í beint samband við markaðssvæði sín í Evrópu. Nýja siglingaleiðin mun draga úr landflutningum með tilheyrandi olíusparnaði og minna álagi á vegakerfið. Mikið hagræði, segir fiskútflytjandi á Ísafirði.

Um nýja hringleið í flutningum er að ræða. Flutningaskip á vegum félagsins fer frá Reykjavík til Ísafjarðar, Akureyrar og Reyðarfjarðar og þaðan til Immingham í Bretlandi og Rotterdam í Hollandi með viðkomu í Kollafirði í Færeyjum. Frá Rotterdam fer skip félagsins aftur til Reykjavíkur og leggur af stað í nýja hringferð daginn eftir heimkomu. Viðkomustöðum verður hugsanlega fjölgað í framtíðinni.

Ásbjörn Gíslason, forstjóri Samskipa, segir í tilkynningu að verið sé að svara þörf fyrir beinar siglingar frá Vestfjörðum og Norðurlandi, ekki síst með sjávarafurðir inn á helstu markaði í Bretlandi og á meginlandi Evrópu.

Ólafur B. Halldórsson, framkvæmdastjóri Ísfangs á Ísafirði, telur augljóst að ný siglingaleið Samskipa verði styrkur fyrir sitt fyrirtæki og önnur fyrirtæki í útflutningi á svæðinu. „Eins og landið liggur í dag þurfum við að flytja okkar sjávarafurðir landleiðis fyrir skip í Reykjavík með tilheyrandi kostnaði,“ segir Ólafur sem efast ekki um að um mikið hagræði sé að ræða. „Hættan er hins vegar sú, hugsa ég, að Eimskip byrji á þessu líka. Þá drepa þeir hvor annan og hætta báðir jafnt,“ segir Ólafur sem segir söguna geyma viðlíka dæmi. „Kakan er einfaldlega ekki svo stór að hún sé til skiptanna.“

Daníel Jakobsson, bæjarstjóri á Ísafirði, segir mjög jákvætt að Ísafjörður sé aftur orðinn útflutningshöfn. „Ég bind miklar vonir við þetta og tel að samkeppnisstaða fyrirtækja hér í kring styrkist mjög við þetta,“ segir Daníel.

Í sama streng tekur Halla Björk Reynisdóttir, formaður bæjarráðs Akureyrar. Hún segir nýja siglingaleið styrkja stöðu Norðurlands til mikilla muna, bæði hvað varðar flutninga til og frá höfuðborgarsvæðinu og ekki síður við Evrópu.

svavar@frettabladid.is



**NÝ HRINGLEIÐ** Flutningar á sjó hafa lengi verið í umræðunni sem hagsmunamál landsbyggðarinnar. Því er nú svarað með nýrri hringleið. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON


**SJÓFLUTNINGAR AF LANDSBYGGÐINNI** Skipið verður um hálfan mánuð að fara hringinn. MYND/SAMSKIP


Fiskbúðin Höfðabakka
Fiskbúð • Kjötborð • Heitur matur í hádeginu
Höfðabakka 1 • ☎ 587 5070

Laxaflök
2.490 kr/kg

Nautalundir
6.390 kr/kg

NautaRibeye
4.990 kr/kg

Opið á laugardögum 11-16


## Veðurspá

Gildistími korta er um hádegi






**Á morgun**
5-15 m/s hvassast SV-til



**Sunnudagur**
10-15 m/s

**MILT UM HELGINA** Helgin að ganga í garð með vætu um S- og V-vert landið en mildu veðri um allt land. Sólin ætti að leika um Norðlendinga og Austfirðinga á morgun en dregur fyrir fram á sunnudag. Hvessir SA-lands á sunnudagskvöld.

| | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Alicante | 21° | Billund | 0° | Gautaborg | -2° | London | 3° | Orlando | 28° | San Francisco | 15° |
| Basel | 2° | Frankfurt | 1° | Kaupmannahöfn | -2° | Mallorca | 16° | Ósló | 1° | Stokkhólmur | -4° |
| Berlín | -1° | Friedrichshafen | -4° | Las Palmas | 21° | New York | 4° | París | 2° | | |


**Snjólaug Ólafsdóttir**
veðurfréttamaður

**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS–AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*, Hlynur Þór Steingrímsson *hlynur@365.is*, Laila Awad *laila@365.is*, Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir *sigridurdagny@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann *atli.bergmann@365.is*, Benedikt Freyr Jónsson *benediktj@365.is*, Elsa Jensdóttir *elsaj@365.is*, Jóna María Hafsteinsdóttir *jmh@365.is*, Sverrir Birgir Sverrisson *sverrirbs@365.is* **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Elín Albertsdóttir *elin@365.is* og Vera Einarsdóttir *vera@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is*




| BASIC | PLUS | GOLD |
| --- | --- | --- |
| FRÁBÆRT VERÐ | ÞÆGINDI & GÆÐI | EINSTÖK GÆÐI |
| Ef þú óskar eftir vörum á frábæru verði og vilt fá mikið fyrir peninginn, veldu þá BASIC. | Ef þú óskar eftir þægindum og gæðum á góðu verði, veldu þá vörur merktar PLUS. | Ef þú óskar eftir einstökum gæðum án þess að greiða of mikið, veldu þá vörur merktar GOLD. |

## Mikið úrval í öllum verðflokkum

Það er mikilvægt að velja dýnu sem uppfyllir þínar þarfir. Í Rúmfatalagernum höfum við breitt úrval af dýnum og rúmútfærslur í öllum verðflokkum til þess að uppfylla misjafnar þarfir og óskir. Í DREAMZONE® og WellPur flokkunum okkar getur þú prófað allar dýnur, sem skipt er niður í þrjá flokka: BASIC, PLUS og GOLD.

# Leiðbeiningar að réttri dýnu

**Boxdýna**
Með boxdýnu þarftu aðeins að festa fæturna undir rúm-grindina til að gera rúmið klárt, þar sem gormar dýnunnar eru byggðir inn í trégrind. Í flestum tilfellum fylgir yfirdýna með þegar þú kaupir boxdýnu.

**Springdýna**
Springdýnur henta bæði rafmagnsrúmum og rúmum með rimlabotni. Lengja má líftíma flestra springdýna með því að snúa þeim reglulega á alla kanta. Í kjarna springdýna eru fjaðrir og hafa dýnurnar mismunandi fjöðrun.

**Svampdýna**
Svampdýnur henta rafmagnsrúmum eða rúmum með rimlabotni. Yfirleitt má þvo áklæðið sem hlífir svampdýnunum okkar.

**Yfir- og hlífðardýna**
Með notkun yfir- og hlífðardýna má lengja líftíma dýnunnar og auka þægindi hennar. Hlífðardýnan gegnir því hlutverki að hlífa dýnunni sjálfri. Flest áklæði utan af yfirdýnunum okkar þola þvott og sama gildir um hlífðardýnurnar.

**Rafmagnsrúm**
Rafmagnsrúm býður upp á mikla fjölbreytni þar sem botninn bæði lyftir og gefur eftir og býður upp á margar mismunandi setu-, hvíldar- og svefnstöður. Við eigum gott úrval af samsettum rafmagnsrúmum en einnig er hægt að fara aðrar leiðir í samsetningu þeirra til að uppfylla sérstakar óskir.

**Hæð og þyngd**
Dýnan þarf að veita réttan stuðning sem miðast við þyngd notanda. Stífleiki dýnunnar skiptir máli. Því þyngri sem viðkomandi er, því stífari þarf dýnan að vera til þess að stuðningur dýnunnar sé réttur.

**Finndu dýnu með stuðningi sem hentar þér:**
Hér eru þrjú góð ráð til að finna dýnu með réttum stuðningi:
- Axlir þínar og mjaðmir eiga að sökkva niður þannig að hryggsúla þín sé lárétt. Þannig finnur þú dýnuna sem hentar þér best.
- Ef þú liggur á bakinu áttu að geta sett hönd þína flata undir lendina. Ef það er mjög auðvelt er bilið milli lendar og dýnu of mikið, en þá er dýnan of stíf. Ef þetta reynist erfitt er dýnan hins vegar ekki nægilega stíf fyrir þig
- Yfir nóttina svitnum við. Til að þess að koma í veg fyrir að dýnan verði rök er yfir- eða hlífðardýna, sem má þvo, góð lausn.

**Prófaðu dýnuna**
Besta leiðin til þess að finna út hvort dýnan sé rétt fyrir þig er að leggjast á hana. Taktu þér góðan tíma þegar þú prófar dýnuna og leggstu í þá stellingu sem þú liggur oftast í heima hjá þér. Dýnan þarf að vera að minnsta kosti 10 sm. lengri en hæð þín og nægilega breið, þannig að olnbogar þínir séu inni á dýnunni þegar þú liggur á bakinu með hendurnar meðfram líkamanum.

„Get ég aðstoðað!
Leyfðu mér að finna dýnuna sem hentar þér!



RÚMFATA LAGERINN
HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ
www.rumfatalagerinn.is

## VEISTU SVARIÐ?



**1.** Hvaða tónlistarmaður hlaut flest verðlaun á Íslensku tónlistarverðlaununum?
**2.** Hvaða þingmaður hefur boðið sig fram til varaformennsku í Vinstri grænum?
**3.** Hvaða íslenski fjölmiðlamaður mun lýsa Óskarsverðlaununum á sunnudag?

**SVÖR**

**1.** Ásgeir Trausti **2.** Björn Valur Gíslason **3.** Freyr Gígja Gunnarsson

## NORÐURLÖND




## Fá meiri aðstoð ef börnin eru rík

**1 DANMÖRK** Aldraðir í Danmörku sem eiga rík börn fá meiri heimilisaðstoð en aldraðir sem eiga tekjulág börn. Umfang aðstoðarinnar er óháð tekjunum sem aldraðir höfðu á meðan þeir voru sjálfir á vinnumarkaði. Þetta kemur fram í frétt Politiken um könnun dönsku hagstofunnar.

Tine Rostgaard, prófessor við Álaborgarháskóla, telur mögulegt að ríku börnin séu með meiri menntun og eigi þess vegna auðveldara með að eiga við kerfið.

## Lögreglan notar hrákahettu




**2 NOREGUR** Norska lögreglan er orðið þreytt á lögbrjótum sem hrækja á hana og ætlar þess vegna að setja sérstaka hettu á þá. Haft er eftir lögreglunni á vef Aftenposten að hettan sé hættulaus. Árið 2006 lést maður sem sett hafði verið hetta á og var þá hætt að nota þær.

## Hart deilt um sýknudóm

**3 SVÍÞJÓÐ** Harðar umræður eru nú í Svíþjóð í kjölfar dóms hofréttar yfir manni sem stungið hafði fingrum sínum upp í leggöng unnustu sinnar í þeim tilgangi að kanna hvort hún hefði verið ótrú, eins og hann hélt fram. Maðurinn hafði um langt skeið hótað unnustu sinni og barið hana.

Undirréttur dæmdi manninn í tveggja ára og átta mánaða fangelsi, meðal annars fyrir nauðgun. Hofréttur taldi málið ekki vera kynferðisbrot þótt maðurinn hefði brotið gegn kynhelgi konunnar. Tilgangur sakbornings hefði ekki verið kynferðislegur. Hofréttur dæmdi manninn í 14 mánaða fangelsi.


**Stjórnarkjör**

Eining-Iðja auglýsir hér með eftir listum eða tillögum um menn í stjórnarsæti vegna kjörs stjórnar og trúnaðarráðs fyrir starfsárið 2013-2014 að viðhafðri allsherjaratkvæðagreiðslu.

Ber samkvæmt því að skila lista skipuðum 100 manns í trúnaðarráð, tveimur skoðunarmönnum reikninga og einum til vara til eins árs. Einnig er hægt að bjóða fram einungis gegn formanni og/eða ritara sem kosnir eru til tveggja ára.

Hverjum framboðslista eða tillögu skulu fylgja meðmæli minnst 80 fullgildra félagsmanna.

Listum eða tillögum ber að skila á skrifstofu félagsins Skipagötu 14 Akureyri eigi síðar en kl. 12:00 á hádegi föstudaginn 1. mars 2013.

Akureyri 20. febrúar 2013
Stjórn Einingar-Iðju

Eining-Iðja / Skipagata 14 / Akureyri / Sími: 460 3600 / www.ein.is www.ein.is




**KLAPPAÐ FYRIR FORMANNI** Bjarni Benediktsson, formaður Sjálfstæðisflokksins, talaði fyrir sérstökum skattaafslátti vegna afborgana fólks af íbúðalánum á landsfundinum í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Mun veita eigendum húsnæðis skattaafslátt

Formaður Sjálfstæðisflokksins boðar skattaafslátt til handa þeim sem borga af húsnæðislánum sínum. Hann talaði aftur fyrir lyklaleiðinni svokölluðu í setningarræðu sinni á landsfundi flokksins og lofaði jöfnu hlutfalli kynja í ráðherraliðinu.

**STJÓRNMÁL** Sjálfstæðisflokkurinn hyggst, komist hann til valda í vor, veita sérstakan skattaafslátt vegna afborgana fólks af lánum til íbúðakaupa.

Bjarni Benediktsson, formaður flokksins, sagði í setningarræðu sinni á landsfundi flokksins í gær að þetta yrði gert til að létta greiðslubyrði og auðvelda fjölskyldum að lækka húsnæðislán sín.

„Og við munum nýta skattkerfið til að hjálpa fólki að lækka húsnæðislán sín,“ sagði hann í ræðunni. „Skattaafsláttur er í dag veittur til að leggja fyrir í séreignarsparnað. Ég vil veita þeim sem frekar kjósa að greiða inn á húsnæðislánin sín þennan sama afslátt – varanlega. Það mun létta áhyggjum af fjölmörgum um hver mánaðamót.“

Þá talaði Bjarni aftur fyrir svokallaðri lyklaleið. Ef skuldari sjái engan veginn fært að standa undir rekstri húsnæðis síns eigi „honum að vera heimilt að skila lyklunum og losna undan skuldum sínum, án þess að það leiði til gjaldþrots“.

Bjarni vék að jafnréttismálum í ræðu sinni og sagði að kæmist flokkurinn í stjórn mundi hann „að sjálfsögðu gæta þess að hlutur karla og kvenna úr okkar röðum verði jafn þegar kemur að ríkisstjórnarmyndum“. Þetta er nokkur stefnubreyting frá því sem var þegar Sjálfstæðisflokkurinn sat síðast við stjórnvölinn. Þá voru fimm af sex ráðherrum flokksins karlar.

Landsfundinum lýkur á sunnudaginn, þegar formaður og varaformaður verða kjörnir. Bjarni Benediktsson hefur gefið kost á sér til áframhaldandi setu á formannsstóli og Hanna Birna Kristjánsdóttir hefur boðið sig fram í varaformannsembættið. stigur@frettabladid.is

### Hefði getað misst bæði konu og barn

„Ég vona að þið virðið mér það til betri vegar að ég segi frá eigin brjósti: Ef dugandi lækna og hjúkrunarfólks hefði ekki notið við á Landspítalanum hefði ég getað misst bæði konu og barn fyrir rúmu ári,“ sagði Bjarni þegar hann ræddi stöðuna í heilbrigðiskerfinu í setningarræðunni í gær. Bjarni eignaðist son í september 2011.

Hann sagði nauðsynlegt að forgangsraða upp á nýtt til að geta tryggt öryggi og aðgengi að heilbrigðisþjónustu á Íslandi.


**Lokað í dag !**

**Föstudaginn 22. febrúar er lokað hjá ríkisskattstjóra**

Beðist er velvirðingar á þeim óþægindum sem þetta kann að valda.

Athygli er vakin á að á **skattur.is** er boðið upp á sjálfsafgreiðslu og á **rsk.is** er hægt að nálgast ýmsar upplýsingar um skattamál.

RSK RÍKISSKATTSTJÓRI







Barnaheill á Íslandi fagna lögfestingu Alþingis á Barnasáttmála SÞ í vikunni:

# Loks festur í lög eftir tuttugu ár

**SAMFÉLAGSMÁL** Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna var formlega festur í lög á Alþingi á miðvikudag, tæpum tuttugu árum eftir að hann var fullgiltur hér á landi þann 28. október árið 1992.

Samningurinn var undirritaður af hálfu Íslands þann 26. janúar árið 1990 og öðlaðist gildi hér á landi 27. nóvember 1992.

„Þetta er mikil réttarbót fyrir börn á Íslandi,“ segir Erna Reynisdóttir, framkvæmdastjóri Barnaheilla – Save the Children á Íslandi. Sáttmálinn hafi verið álitinn leiðarljós samtakanna sem hafa lengi barist fyrir lögfestingu hans hér á landi. „Það er því mikið fagnaðarefni að nú sé Barnasáttmálinn loksins orðinn lögglitur og að hægt sé að beita ákvæðum hans fyrir íslenskum dómstólum sem settum lögum.“

Alþjóðasamtök Barnaheilla, Save the Children, sendu frá sér tilkynningu vegna málsins í gær þar sem fram kom að samtökin hefðu frá upphafi barist ötullega fyrir réttindum barna og segja mætti að saga samtakanna væri samofin sögu Barnasáttmálans og baráttu fyrir réttindum barna.

Þá sendi Unicef á Íslandi frá sér tilkynningu í gær þar sem áfanganum er fagnað og þingmönnum færðar þakkir. Samtökin segja að um tímamót sé að ræða. - sv



**RÉTTINDI ÞEIRRA FEST Í LÖG** Alþingi lögfesti Barnasáttmála SÞ í vikunni, tæpum tuttugu árum eftir að hann tók formlega gildi hér á landi. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI




**ÞÚ GETUR UNNIÐ DRAUMAELDHÚS**

**AÐ VERÐMÆTI**

**700.000,-**

# KVIK KVIK HÚRRA

Framúrskarandi dönsk hönnun á óvenju lágu verði er lykillinn að velgengni Kvik í 30 ár – **og í dag opnum við einnig í Reykjavík**. Þú getur því leyft þér að fylla skápa og skúffur með öllu því sem kryddar lífið og tilveruna.

Við fögnum opnuninni með lukkuleik þar sem þú getur unnið draumaeldhúsið þitt*. Þú færð einnig 30% afslátt af borðplötum**. Sama fyrir hverju þú fellur, færð þú alltaf fallega danska hönnun á frábæru verði.

Við höfum opið alla helgina.

**Kvik Reykjavík:** Suðurlandsbraut 16, Sími 5880500

*Leikurinn stendur frá 22. febrúar - 4. mars 2013. Vinningnum er ekki hægt að skipta í peninga.
**Tilboðið gildir frá 22. febrúar - 24. mars 2013 og gildir ekki með öðrum tilboðum.

... smart in Danish

# Vill pólitíkusa frá samningaborðinu

Orri Vigfússon, formaður Verndarsjóðs villtra laxastofna, segir ljóst að stjórnmálamönnum hafi mistekist að leysa makríldeiluna. Tími sé kominn til að hleypa hagsmunaaðilum að samningaborðinu. Laxastofninum í N-Atlantshafi var bjargað frá hruni með einkaframtakinu.

**SJÁVARÚTVEGUR** Fyrir tveimur áratugum var komið í veg fyrir ofveiði á laxi í hafi. Þetta var gert fyrir tilstilli Verndarsjóðs villtra laxastofna (North Atlantic Salmon Fund - NASF), sem keypti upp veiðihlunnindi á laxi í sjó og heldur sú vinna áfram í dag. Orri Vigfússon, formaður sjóðsins, veltir fyrir sér hvort ekki sé hægt að nota sömu aðferðafræði til að leysa makríldeiluna – bjarga makrílnum.

Í samtali við Fréttablaðið segir Orri að nánast allur laxastofninn í Norður-Atlantshafi sæki fæðu sína í hafsvæði sem eru utan umráðasvæðis Evrópusambandsins og að nú virðist sem makríllinn sé að gera slíkt hið sama. Makríllinn sé nú þegar byrjaður að hrygna innan íslenskrar fiskveiðilögsögu og hafi jafnframt ákveðið að bestu fæðuna sé að finna hér við land.

Að sögn Orra sýna rannsóknir Hafrannsóknastofnunar að makríllinn hafi étið um tvær milljónir tonna af lífmassa á svæðinu sem sé gríðarlegt magn. Til samanburðar sé samanlagður lífmassi íslenska laxastofnsins um 200 tonn. Mikilvægt sé að hafa í huga að fæðan sem makríllinn étur sé sú sama og þorskur og ýsa, tvær af verðmætustu fisktegundum Íslendinga, éta.

„Það má kenna hlýnun jarðar um þessa þróun en það hjálpar ekki þeim þjóðum sem veiða makrílinn að komast að niðurstöðu um kvóta heldur flækir bara þá vinnu,“ segir Orri. „Ef fram heldur sem horfir blasir því við að örlög makrílsins gætu orðið þau sömu og síldarinnar sem var veidd af miklu offorsi á síðustu öld. Svo miklu að stofninn varð nánast útdauður.“

**Tvískinnungur í málflutningi**

Verndarsjóðurinn er bandalag náttúruverndarhópa, þar sem einkaaðilar og opinberir aðilar hafa sameinast um að endurreisa villta laxastofna. Orri segir að þetta hafi tekist þrátt fyrir að Norðmenn, Skotar og Bretar, þjóðirnar sem nú deila hvað harðast á Íslendinga fyrir makrílveiðar, hafi um árabil gróflega misnotað laxastofnana. Það sé því tvískinnungur í málflutningi þessara þjóða í makríldeilunni.

„Ég vil taka það fram að ég er ekki með neina töfralausn en það er hins vegar alveg ljóst að Evrópusambandinu og stjórnmálamönnum hefur mistekist að leysa þessa deilu,“ segir Orri. „Ég held að nú sé rétti tíminn til að skoða hvort ekki sé hægt að nýta þá reynslu sem við höfum fengið við að reisa laxastofninn úr öskustónni. Hvort nú sé ekki rétti tíminn til að hleypa hagsmunaaðilum að borðinu því ég held að það sé lykillinn að því að leysa þetta mál.“

Að sögn Orra eru hagsmunaaðilar oft úrræðabetri en stjórnmálamenn þegar kemur að deilum sem þessum. Spurningin sé hins vegar sú hvort stjórnmálamenn hleypi hagsmunaaðilum að samningaborðinu.

„Aðalatriðið er að leysa þessa deilu,“ segir Orri. „Þeir sem stunda ósjálfbærar makrílveiðar eiga að hætta þeim og þeir sem stunda sjálfbærar veiðar eiga að fá að halda áfram á sömu braut. Lausnin er fólgin í því að láta þá sem þurfa að hætta fá eitthvað annað í staðinn. Sem dæmi sé ég fyrir mér að útgerðir hér gætu samið við erlendar útgerðir um skiptingu kvóta. Íslenskir útgerðarmenn gætu til dæmis fengið aðrar tegundir í skiptum fyrir makríl og öfugt ef því er að skipta.

Ég geri mér grein fyrir því að það er ekki hægt að semja til langs tíma um makrílinn, sem líkt og laxinn og síldin er flökkustofn, en það væri kannski hægt að búa til formúlu sem yrði síðan endurskoðuð eftir nokkur ár.“

trausti@frettabladid.is




**THE SCOTTISH TIMES** Orri Vigfússon skrifaði nýlega opnugrein um makríldeiluna í dagblaðið The Scottish Times.



> Þeir sem stunda ósjálfbærar makrílveiðar eiga að hætta því og þeir sem stunda sjálfbærar veiðar eiga að fá að halda áfram á sömu braut.
>
> *Orri Vigfússon formaður NASF*


## AÐALFUNDUR ÖSSURAR HF.

### VERÐUR HALDINN FÖSTUDAGINN 15. MARS 2013 KL. 9:00 AÐ GRJÓTHÁLSI 5, REYKJAVÍK

**A. DRÖG AÐ DAGSKRÁ**

1. Skýrsla stjórnar félagsins um starfsemi þess á liðnu starfsári.
2. Ákvörðun um hvernig skuli fara með hagnað félagsins á reikningsárinu 2012.
3. Ársreikningur félagsins fyrir liðið starfsár lagður fram til staðfestingar.
4. Skýrsla stjórnar félagsins um starfskjör.
5. Ákvörðun um starfskjarastefnu.
6. Ákvörðun um stjórnarlaun fyrir árið 2013.
7. Kosning stjórnar félagsins.
8. Kosning endurskoðenda.
9. Tillaga um heimild til að kaupa eigin hluti.
10. Önnur mál sem borin hafa verið löglega fram eða aðalfundur hefur samþykkt að taka til meðferðar.

**B. REGLUR UM ÞÁTTTÖKU HLUTHAFA OG ATKVÆÐAGREIÐSLU**

Hluthafar eiga rétt á að fá mál sett á dagskrá, leggja fram ályktunartillögur og spyrja spurninga, með skriflegum eða rafrænum hætti, uns endanleg dagskrá og tillögur eru birtar föstudaginn 1. mars 2013. Nánari upplýsingar um réttindi hluthafa er að finna á vefsíðu félagsins: WWW.OSSUR.COM/INVESTORS/AGM

Hverjum hlut í félaginu fylgir eitt atkvæði, að frátöldum eigin hlutum sem ekki fylgir atkvæðisréttur. Aðgöngumiðar, atkvæðaseðlar og önnur fundargögn verða afhent á fundarstað. Hluthafar, sem ekki sækja aðalfundinn, geta annaðhvort: a) kosið um dagskrármál með skriflegum eða rafrænum hætti, eða b) veitt umboð.

Beiðni hluthafa um að kjósa með skriflegum eða rafrænum hætti þarf að berast félaginu eigi síðar en 5 dögum fyrir aðalfundinn. Hluthafar geta óskað eftir því að fá atkvæðaseðla senda til sín og þeir geta einnig vitjað atkvæðaseðla í höfuðstöðvum félagsins og greitt þar atkvæði alla virka daga á skrifstofutíma. Atkvæði þurfa að berast félaginu fyrir aðalfundinn. Hluthafar geta annaðhvort veitt skriflegt eða rafrænt umboð að uppfylltum ákveðnum formkröfum sem fram koma á vefsíðu félagsins. Rafræn umboð þarf að senda í gegnum aðgangskerfi hluthafa hjá félaginu. Umboð þurfa að berast félaginu fyrir aðalfund eða á fundarstað. Nánari upplýsingar um atkvæðareglur og notkun umboða er að finna á vefsíðu félagsins: WWW.OSSUR.COM/INVESTORS/AGM

**C. AÐRAR UPPLÝSINGAR**

Aðalfundurinn fer fram á ensku. Skjöl sem lögð verða fyrir aðalfund, þ.m.t. endurskoðaður ársreikningur fyrir árið 2012 og ársskýrsla fyrir árið 2012, auk ályktunartillagna og athugasemda við hvert dagskrármál er að finna á ensku á vefsíðu félagsins: WWW.OSSUR.COM/INVESTORS/AGM

Hluthafar geta einnig nálgast skjölin í höfuðstöðvum félagsins að Grjóthálsi 5, 110 Reykjavík, alla virka daga á skrifstofutíma.

Endanleg dagskrá og tillögur verða birtar föstudaginn 1. mars 2013. Hluthöfum er hins vegar bent á að samkvæmt grein 63 a. í hlutafélagalögum nr. 2/1995 er hægt að tilkynna um framboð til stjórnar skriflega skemmst 5 dögum fyrir aðalfund. Af þeim sökum verða upplýsingar um alla frambjóðendur til stjórnar kunngerðar eigi síðar en 2 dögum fyrir aðalfund.

Aðgöngumiðar, atkvæðaseðlar og önnur fundargögn verða afhent frá kl. 8:30 á aðalfundardag. Aðalfundurinn hefst stundvíslega kl. 9:00. Nánari upplýsingar um aðalfundinn er að finna á vefsíðu félagsins: WWW.OSSUR.COM/INVESTORS/AGM

Reykjavík, 21. febrúar 2013,
Stjórn Össurar hf.



WWW.OSSUR.COM

ÖSSUR

Life Without Limitations

# netto
Kræsingar & kostakjör

## LAMBABÓGUR
# VERÐSPRENGJA!



**798**
ÁÐUR 985 KR/KG



STÓRLÚÐA
FROSIN

**2.492** KR KG



FERSKT LAMBAFILE
MEÐ FITU

**3.997**
ÁÐUR 4.298 KR/KG




KJÚKLINGABRINGUR
DANSKAR
900 GR

**1528** KR STK

**50% AFSLÁTTUR**



MELÓNA
CANTALOUPE

**239**
ÁÐUR 478 KR/KG

AMERÍSKIR KLEINUHRINGIR

**50% AFSLÁTTUR**



**95** KR STK

CAPRI SÚKKULAÐIBITAR
MEÐ EÐA ÁN KÓKOS




**169**
ÁÐUR 229 KR/STK

**Tilboðin gilda 21. feb. - 24. feb.**

Tilboðin gilda meðan birgðir endast. | Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl | Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.

# Vilja takmarka jarðakaup

Unnið er að lagabreytingum til að takmarka kaup útlendinga á íslenskum jörðum. Samhugur virðist vera hjá stjórnmálamönnum um að takmarka þurfi útlendinga til eignarhalds. Meira er þó um viðbrögð við ásókn að ræða en stefnumörkun til framtíðar.

**Kolbeinn Óttarsson Proppé**
kolbeinn@frettabladid.is
**Páll Hilmarsson**
pallih@gogn.in



Af umræðunni að dæma mætti ætla að eignarhald á jörðum væri stórmál í íslenskum stjórnmálum. Reyndin er þó sú að afstaða stjórnmálamanna til málsins hefur fyrst og fremst mótast af því að bregðast við ákveðnum áformum. Þar er fyrst og fremst um að ræða hugmyndir kínverska fjárfestisins Huangs Nubo um kaup á Grímsstöðum á Fjöllum.

Þau áform ruddu öðru frá um hríð í íslenskri stjórnmálaumræðu, kölluðu á viðbrögð stjórnmálamanna, framlagningu þingsályktunartillögu og rötuðu inn á borð ríkisstjórnarinnar. Það er fyrst og fremst til marks um það hve margt er á huldu í málaflokknum, stefnan liggur ekki fyrir.

„Ef reglur eru skýrar, hvert er þá vandamálið? Landið verður ekki svart þó útlendingar eigi það. Grasið deyr ekki. Þessi rök snúast fyrst og fremst um tilfinningar,“ sagði Rudolph Walter Lamprecht, svissneskur eigandi nokkurra íslenskra jarða, í Fréttablaðinu á laugardag. Hann kvartar einmitt yfir því að reglur séu alls ekki skýrar og ekki liggi fyrir hvað megi gera á hverri jörð. Umræðan um Nubo sýnir, svo ekki verður um villst, að svo er raunin.

**Vilja takmarkanir**

Um eignarhald á jörðum, sérstaklega útlendinga, er kveðið á í nokkrum lögum. Þar ber fyrst að nefna jarðalög, sem eru á forræði atvinnuvegaráðuneytisins, þá lög um eignarrétt og afnotarétt fasteigna, sem innanríkisráðherra fer með. Málaflokknum tengjast síðan fleiri lög, til dæmis ákvæði í stjórnarskrá um auðlindir, en eignarhald á jörðum snýst oftar en ekki um auðlindir sem þær geyma, svo sem vatn.

Jón Bjarnason, þáverandi landbúnaðar- og sjávarútvegsráðherra, lagði fram drög að nýjum jarðalögum árið 2011. Þau hlutu lítinn hljómgrunn og voru dregin til baka. Gagnrýnin á þau var á ýmsa lund, ekki síst þá að þar var gerð ríkari krafa um búsetu, sem og skyldur ábúenda.

Steingrímur J. Sigfússon, atvinnuvega- og nýsköpunarráðherra, hefur skipað starfshóp til að endurskoða jarðalögin. Hann segir að trauðla muni nást að leggja þau fram á yfirstandandi kjörtímabili, en mögulega náist þó að kynna það þannig að efnið komist í umræðuna.

„Ég hefði helst viljað sjá samræmt farið yfir þetta, lögin um fasteignir og jarða- og ábúðarlögin, og eftir atvikum jafnvel líka það sem vonandi ratar inn í stjórnarskrá um sameign á auðlindum og víðtækari stefnumörkun sem snýr að meðferð á landi og meðferð og ráðstöfun lands inn í framtíðina.“

Steingrímur segist styðja hugmyndir Ögmundar Jónassonar innanríkisráðherra um takmörkun og telur að í raun sé ekki mikill ágreiningur á meðal stjórnmálamanna í málaflokknum. Samstaða hljóti að nást um að að tryggja möguleika landbúnaðarframleiðslu og nýtingu, í þágu almannahagsmuna, á jarðnæði á Íslandi.

„Ég styð hann í því að við eigum að hafa tilteknar varnir í lögum af þessu tagi. Það væri glæfraskapur að gera það ekki, því heimurinn er stór og Ísland er lítið og það eiga margir mikið af peningum. Ég held að það vilji enginn vera með ónotatilfinningu fyrir því að við séum algjörlega berskjölduð í þessum efnum.“

Bjarni Benediktsson, formaður Sjálfstæðisflokksins, lýsti á sínum tíma andstöðu við söluna á Grímsstöðum til Huangs. „Það er bæði sjálfsagt og nauðsynlegt að greiða fyrir erlendri fjárfestingu á Íslandi,“ sagði hann á Facebook-síðu sinni. „En er það sjálfsagt og eðlilegt að menn geti keypt stórar jarðir og jafnvel hundruð ferkílómetra lands? Það finnst mér ekki.“

Þó ekki náist að leggja fram nýtt frumvarp fyrir þinglok er ljóst á orðum stjórnmálamanna að þeir vilja einhvers konar takmörkun á eignarhaldi á jörðum.



**„Ég styð hann [innanríkisráðherra]í því að við eigum að hafa tilteknar varnir í lögum af þessu tagi. Það væri glæfraskapur að gera það ekki, því heimurinn er stór og Ísland er lítið og það eiga margir mikið af peningum.**

*Steingrímur J. Sigfússon*



**„En er það sjálfsagt og eðlilegt að menn geti keypt stórar jarðir og jafnvel hundruð ferkílómetra lands? Það finnst mér ekki.**

*Bjarni Benediktsson*

**Á MORGUN** Samantekt og tilraun til svars.



**GRÍMSSTAÐIR Á FJÖLLUM** Áhugi kínversks fjárfestis á kaupum á Grímsstöðum á Fjöllum er engan veginn dæmigerður fyrir erlent eignarhald á jörðum, þó ekki væri nema fyrir umfang þeirra. Það hafa hins vegar stýrt umræðunni um málið. MYND/SIGGA HALLGRÍMS

# Um 42% í búfjárframleiðslu

Lögbýli á Íslandi eru 6.449. Árið 2006 gerðu Bændasamtök Íslands skýrslu um eignarhald á jörðum. Þar kemur meðal annars fram að það ár er búfjárframleiðsla stunduð á tæplega 42 prósentum lögbýlanna. Fréttablaðið spurðist fyrir hjá samtökunum um nýrri tölur en fékk þau svör að þær væru ekki til.

Miðað við þróunina árin á undan má gera ráð fyrir að þessi tala hafi breyst eitthvað. Lögbýlum í búfjárframleiðslu fækkaði þó um níu prósent frá árunum 2001 til 2006. Sauðfjárrækt er stunduð á flestum býlum, eða 1.511 af 2.693 árið 2006.

Í skýrslunni kemur einnig fram að ábúandi er á meðal eigenda á 73 prósentum lögbýla í búfjárframleiðslu.

Þessar tölur leiða hugann að breyttri landnotkun, en með fullkomnari tækni þarf minna og minna pláss í landbúnaðarframleiðslu.

Steingrímur J. Sigfússon segir að þegar eignarhald jarða sé skoðað þurfi að meta einnig aðra hagsmuni en landbúnaðarframleiðslu. Þar megi nefna ferðaþjónustu og útivist og réttlætanlegt geti verið að ráðstafa tilteknu landi þannig líka.

„En við hugsum um láglendið, ræktarland, sveitir, jarðir, þá er það auðvitað væntanlega vettvangur búskaparumsvifa og matvælaframleiðslu, kornræktar og fleiri hluta sem eiga eftir að vaxa á komandi árum. Þá viljum við náttúrulega helst hafa jarðnæði til ráðstöfunar í það. Skógrækt er auðvitað líka grein sem á augljóslega framtíðina fyrir sér á Íslandi og hún þarf sitt pláss og svo framvegis. Þannig að það er að mörgu að hyggja í því.“

Líklega er engin ein breyting á landnotkun meira áberandi en sú að selja jarðir undir sumarhús. Samkvæmt upplýsingum frá Þjóðskrá voru 12.402 sumarhús á landinu við síðustu áramót. Um helmingur þeirra, eða 6.233, var á Suðurlandi.

**Skipting lögbýla í búfjárframleiðslu**
**Eftir búgreinum 2006**




**Fjöldi sumarhúsa í lok hvers árs**
**2012 eftir landshlutum**




**Fjöldi lögbýla í búfjárframleiðslu eftir landshlutum**
**Breyting frá 2001-2006**




**FJÖLDI JARÐA Í BÚFJÁRFRAMLEIÐSLU ÞAR SEM ÁBÚANDI ER MEÐAL EIGENDA**




**FJÖLDI JARÐA Í ÁBÚÐ ÞAR SEM ÁBÚANDI ER MEÐAL EIGENDA**



# Viðskiptavinir Landsbankans ánægðastir

**Landsbankinn hefur breyst** mikið í takt við nýja stefnu. Það er mikið gleðiefni að viðskiptavinir kunni að meta þessar breytingar. Samkvæmt Íslensku ánægjuvoginni eru viðskiptavinir okkar nú þeir ánægðustu á íslenskum fjármálamarkaði. Vinna okkar heldur áfram. Við ætlum að vera Landsbankinn þinn.

1. **Ný stefna og opnir fundir**
   Landsbankinn þinn - ný stefna kynnt á opnum fundum um allt land.

2. **Loforðalisti**
   28 loforðum um umbætur lokið um mitt ár. Allir starfsmenn skrifa undir siðasáttmála.

3. **Skuldalækkun - 23 milljarðar**
   Lækkun skulda 60 þúsund viðskiptavina. Einfaldari 110% leið, lækkun annarra skulda.

4. **Endurgreiðsla vaxta 2010-2012**
   Endurgreiðsla vaxta til skilvísra viðskiptavina, samtals 4,5 milljarðar.

5. **Endurskipulagning fyrirtækja**
   Endurskipulagningu 1.000 fyrirtækja lokið. Öll fyrirtæki í óskyldum rekstri seld.

6. **Ábyrgð í rekstri**
   Stór skref stigin til hagræðingar sem skila viðskiptavinum ávinningi til framtíðar.

7. **Nýjar og öflugar netlausnir**
   Aukið öryggi og bætt aðgengi í netbanka. Auðkennislykill óþarfur. Nýr farsímavefur.

8. **Efstur banka í ánægjuvoginni**
   Landsbankinn mælist efstur bankanna í Íslensku ánægjuvoginni með 62,9 stig.

Landsbankinn: Einkunn í Íslensku ánægjuvoginni og helstu aðgerðir bankans undanfarin þrjú ár




JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is • SÍA

Ánægjuleg skilaboð til viðskiptavina Íslandsbanka:

# Um 20.000 heimili fá endurgreiðslu



## Íslandsbanki hefur ákveðið að endurgreiða skilvísum viðskiptavinum 30% af greiddum vöxtum ársins 2012

Við bjóðum
góða þjónustu



Endurgreiðslan tekur til vaxta af húsnæðislánum og almennum skuldabréfalánum einstaklinga og verður hún lögð inn á reikninga viðskiptavina þann **25. febrúar.**

Allir sem fá þessa endurgreiðslu hafa fengið tilkynningu um hana í Netbankann sinn auk þess sem þeim hefur verið sent bréf í pósti. Með endurgreiðslunni þökkum við fyrir viðskiptin á liðnum árum og vonum að hún komi að góðum notum.

**Nánari upplýsingar um endurgreiðsluna eru á islandsbanki.is/endurgreiðsla**

Íslandsbanki

# SKOÐUN

Barátta er um að eignast Ísland með afslætti:

## Vopnið krónan

Í síðustu viku var sagt frá því að hópur fjárfesta, undir forystu Framtakssjóðs Íslands (FSÍ), í eigu ríkisbankans og lífeyrissjóða, væri að setja sig í stellingar um að kaupa íslensku einkabankana Íslandsbanka og Arion banka. Í fréttum kom líka fram að aðrir í þessum hópi væru ýmsir fagfjárfestar.

Þetta er kunnuglegur inngangur að viðskiptafrétt. Í fréttum og tilkynningum af svona kaupum segir oftast að „hópur fjárfesta undir forystu lífeyrissjóða er að eignast…“. Lífeyrissjóðir eru iðulega hafðir í forgrunni flestra stórra viðskipta sem verið er að gera. Það mýkir ásýnd þeirra og dregur úr áhyggjum almennings vegna þeirra.



**Þórður Snær Júlíusson**

thordur@frettabladid.is

Með í þessum fjárfestahópum eru þó iðulega einstaklingar og eignastýringasjóðir banka. Slíkir sjóðir eru í eðli sínu ekkert ólíkir hinum erlendu vogunarsjóðum, sem iðulega eru ekki kallaðir annað en hrægammasjóðir hjá ákveðnum kreðsum. Andlitslausir fjárfestar sem setja peningana sína í sjóði sem síðar kaupa eignir í þeim tilgangi að græða peninga. Án þess að nokkur fái að vita hversu mikla.

Hugmyndin um bankakaupin virðist ganga út á að þessir fjárfestar fái að kaupa bankana tvo á mjög niðursettu verði. Fjárfestarnir eru sagðir tilbúnir að greiða fyrir að hluta til eða öllu leyti með gjaldeyri sem þeir eiga erlendis. Röksemdafærslan er sú að þá eigi allir að vinna. Erlendir kröfuhafar komist út úr Íslandi en íslensku fjárfestarnir fái gríðarlega mikilvæg fyrirtæki með miklum afslætti.

Margir þeirra sem hafa verið að fjárfesta mikið á Íslandi eftir hrun voru nefnilega í aðstöðu til að sjá fyrir vandræði á góðærisárunum. Þeir pössuðu sig því á að flytja mikla fjármuni úr landi. Fall krónunnar um tæp fimmtíu prósent, gjaldeyrishöft og aukaafsláttur fjárfestingaleiðar Seðlabankans gerir þessum aðilum kleift að versla á brunaútsölu á Íslandi.

Og það hefur verið eftir miklu að slægjast á Íslandi fyrir þessa aðila. Eftir hrun fór enda stór hluti þjóðhagslegra mikilvægra fyrirtækja til banka eða annarra kröfuhafa sem ætla sér ekki að vera langtímaeigendur þeirra. Þetta voru meðal annars tryggingafélög, fjarskiptafyrirtæki, smásölurisar, fjölmiðlar, bílaumboð og auðvitað fjármálafyrirtæki. Í skýrslu Samkeppniseftirlitsins um málið, sem gefin var út í fyrra, sagði að 46 prósent þeirra 120 fyrirtækja sem flokkast stór á Íslandi hefðu verið í ráðandi eign fjármálafyrirtækja í byrjun árs 2011. Á því ári voru tuttugu slík seld og enn fleiri í fyrra. Öll eiga þau það sameiginlegt að hafa verið seld í íslenskum krónum með þeim margfalda afslætti sem felst í því að gera viðskipti í þeirri mynt.

En trompin í spilastokki endurskipulagningarinnar eru bankarnir. Þeir sem ráða þeim eru með örlög atvinnulífsins í höndum sér. Sérstaklega á meðan höftin eru í gildi. Það er hagur þeirra sem vilja eignast þá að tala niður krónuna og festa höftin í sessi. Þá fá þeir enga alþjóðlega samkeppni um þau fyrirtæki sem þeir vilja eignast. Þá sitja þeir einir að kökunni og geta dundað sér við að prútta við bakarann áður en þeir éta hana.

Það er vert að hafa þetta í huga þegar stjórnmálamenn, sjálfskipaðir sérfræðingar eða stórir leikendur úr viðskiptalífinu tala upp krónuna eða niður raunhæfa möguleika annarra gjaldmiðla. Það stendur yfir barátta um valdataumana á Íslandi. Að henni koma margir og úr öllum áttum. Og sem stendur er krónan að tryggja að margir þeirra sem áttu eignir fyrir hrun eignist þær aftur.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.
Issn 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Hefði verið núllað út

Þór Saari vill að Alþingi samþykki vantraust á ríkisstjórnina. Sú skoðun hans er bundin í tíma, og rúmi reyndar líka, við þriðjudaginn. Hann vill sem sagt að þá verði greidd atkvæði um vantraust, en ekki í gær. Rökstuðningur hans gengur út á það að stuðningsmenn vantrauststillögunnar hafi verið í minnihluta á þingi í gær, þar sem svo margir þingmenn hafi verið í útlöndum eða fjarverandi. Hefð hefur skapast um það á Alþingi að núlla út ef þingmenn eru fjarverandi í embættiserindum þegar greitt er atkvæði um mikilvæg mál. Ef stjórnarandstæðingur er fjarverandi, mætir einn stjórnarliði ekki og öfugt. Hugsunin er sú að jafnvægið í þinginu megi ekki raskast við þátttöku í alþjóðastarfi og engin ástæða er til að ætla að sú hefði ekki orðið raunin í þessu tilviki.



### Braut Þór þingsköp?

Annars er athyglisvert í skýringum Þórs á afturköllun tillögu um vantraust. Hann segir að hefði verið kosið í gær hefðu þingsköp verið brotin, þar sem frumvörp verði að liggja frammi í að minnsta kosti tvær nætur. Nú gera þingsköp reyndar ráð fyrir því að hægt sé að veita afbrigði og falla frá þeirri reglu. Þór hefur sjálfur gert það, samþykkti slík afbrigði um stjórnarskrármál 21. mars í fyrra. Og braut þá væntanlega þingsköp að eigin mati.

### Óheppileg samlíking

Læknar á Landspítalanum segja stjórnvöld vera að „taka af lífi Landspítala og heilbrigðiskerfi Íslands á hægan og kvalafullan hátt“. Spurð að því í Speglinum hvort þetta væri ekki fullvel í lagt, svaraði Anna Gunnarsdóttir, formaður læknaráðs spítalans, þessu: „Við kannski notumst við þessa samlíkingu svolítið, sem er okkur nærtæk á spítalanum.“ Það er sem sagt nærtækt að taka einhvern af lífi á hægan og kvalafullan hátt á Landspítalanum?



kolbeinn@frettabladid.is

## HALLDÓR




# Fer Landsnet að eigin tillögum?

RAFORKUFLUTNINGAR



**Guðmundur Ingi Guðbrandsson**
framkvæmdastjóri Landverndar

Nefnd um lagningu raflína í jörð hefur skilað skýrslu sinni með nokkrum megintillögum sem nefndarfólk var einhuga um, auk sértillagna nokkurra nefndarmanna. Í fréttum Ríkisútvarpsins var því slegið upp að engin niðurstaða hefði náðst hjá nefndinni. Það er ekki rétt, og ráðherra er í lófa lagið að vinna hratt og örugglega úr þeim tillögum sem þarna koma fram. Einnig er hér bent á ítarlegar tillögur Landverndar og fulltrúa landeigenda í viðauka við skýrslu nefndarinnar.

Ein sameiginleg tillaga nefndarinnar gerir ráð fyrir að nú þegar verði ákveðin viðmið og grundvallarreglur höfð til hliðsjónar við ákvarðanatöku vegna framkvæmda í flutningskerfinu. Í þessu felst að á ákveðnum svæðum skal flutningsfyrirtæki ávallt bera saman áhrif þess að leggja loftlínu eða jarðstreng þrátt fyrir að við samanburð á kostnaði komi í ljós að jarðstrengur sé umtalsvert dýrari en loftlína. Þessi svæði eru m.a. náttúruverndarsvæði og svæði sem njóta sérstakrar verndar samkvæmt náttúruverndarlögum, við flugvelli þar sem sýnt er að loftlína getur haft áhrif á flugöryggi og svæði þar sem veðurálag er mikið og jarðstrengur gæti aukið afhendingaröryggi. Þá leggur nefndin til að leggja skuli jarðstrengi svo sem kostur er meðfram núliggjandi vegum.

**➜ Krafa Landsnets um eignarnám á landi við fyrirhugaða Suðurnesjalínu 2 á Reykjanesskaga vekur því óneitanlega ugg í brjósti, sama dag og tillögur nefndarinnar eru gerðar opinberar.**

Fulltrúi Landsnets stóð að þessari tillögu og því ekkert eðlilegra en að fyrirtækið fari nú þegar að vinna eftir henni. Sveitarstjórnir á svæðum þar sem framkvæmdir eru komnar á leyfisveitingastig, t.d. við Suðurnesjalínu 2 og Blöndulínu 3, geta einnig litið til þessara viðmiða og grundvallarreglna við ákvarðanatöku sína. Í ljósi niðurstöðu nefndarinnar, sem Landsnet stóð að, ætti fyrirtækið að vera fylgjandi því að taka til endurskoðunar afstöðu sína gagnvart jarðstrengslögn á slíkum viðmiðunarsvæðum á línuleið þessara tveggja lína, m.a. á náttúruverndarsvæðum, við flugvelli og þar sem veðurálag er mikið. Krafa Landsnets um eignarnám á landi við fyrirhugaða Suðurnesjalínu 2 á Reykjanesskaga vekur því óneitanlega ugg í brjósti, sama dag og tillögur nefndarinnar eru gerðar opinberar.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **Sími:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is,* Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* og Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* **HELGAREFNI:** Sigríður Björg Tómasdóttir, ritstjórnarfulltrúi, *sigridur@frettabladid.is* **MENNING:** Bergsteinn Sigurðsson *bergsteinn@frettabladid.is* **DÆGURMÁL:** Kjartan Guðmundsson *kjartan@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

# Inneignarnóta innanlands

Í DAG
Pawel Bartoszek
stærðfræðingur



Eins og stundum áður fékk ég sömu bókina tvisvar í jólagjöf. Nú var það fallega myndskreytt myndasaga upp úr Biblíusögum eftir Hugleik Dagsson. Ég hef almennt litla þörf fyrir að lesa bækur tvisvar, hvað þá að eiga þær tvisvar, svo ljóst var að öðru eintakinu þurfti að skila. Strax á aðfangadagskvöldi þurfti ég þannig í reynd að velja milli tveggja inneignarnóta, einnar úr Hagkaupum og annarrar úr Eymundsson.

Nú þurfti að hugsa: Bókin hafði kostað minna í Hagkaupum. Ég gat því fengið meiri pening fyrir að skila eintakinu sem keypt var í Eymundsson. Aftur móti var fjölbreyttara vöruúrval í Hagkaupum, en reyndar ekki þegar kom að bókum. Og kannski langaði mig mest í aðra bók hvort sem er?

Ég skilaði bókinni í bókabúðina. Veit reyndar ekki hvar nótan er niðurkomin. Hún hlýtur að finnast.

### Bland.is hagfræði

Krónan hefur stundum verið kölluð nöfnum á borð við „Matador-peningar“ af andstæðingum hennar (ég er þar meðtalinn). Það er auðvitað ekki fullkomlega sanngjarn samanburður. Krónan er mun nær því að vera einhvers konar „inneignarnóta innanlands“. Fyrir inneignarnótu í Hagkaupum er hægt að kaupa leikföng, föt og mat. Það sama gildir um íslensku krónuna. En hvorki inneignarnótan né íslenska krónan eru alvörugjaldmiðlar sem nýtast til fulls í viðskiptum manna á milli.

Inneignarnótan í Hagkaupum er gagnslítil utan Hagkaupa, íslenska krónan, utan Íslands.

Fimm þúsund króna gjafabréf í Kringlunni er minna virði en fimm þúsund króna seðill. Hve mikið minna? Markaðurinn getur svarað þessari spurningu. Sögur fóru af því fyrir nokkrum árum að gjafabréf í Bónus sem mæðrastyrksnefnd úthlutaði seldust á um það bil hálfvirði. Sumir hneyksluðust á þessu og vildu fleiri og flóknari reglur til að hindra þetta. Menn vildu sem sagt setja höft á gjafir. Það er rugl. Menn tapa ekki réttinum til að ráðstafa gjöfum þótt þeir séu tímabundið fátækir.

Með því að skoða bland.is má sjá að það er alvanalegt að gjafabréf gangi kaupum og sölum:

*„Inneignarnóta í Cintanami á 35.000: verð 25.000.*
*10 þús. kr. inneign í Kiss í Kringlunni til sölu á 7 þús.*
*Gjafabréf hjá Icelandair 75.000 kr. til sölu á 65.000 kr.“*

Og þetta er bara það verð sem seljendur vilja fá. Endanlega söluverðið er væntanlega lægra.

### Glötuð tækifæri kosta

Þessi þáttur gjaldeyrishaftanna fer ekki nógu hátt. Það er ljóst að peningar lækka í verði þegar tækifærum til að eyða þeim er fækkað. Króna bundin við Ísland er minna virði en króna sem nota má alls staðar. Kannski langar mig í íbúð á Spáni eftir þrjátíu ár. Á ég að veðja á sparnað og fjárfestingar í krónum og treysta á að hún verði skiptanleg þegar ég verð sextugur? Það væri, í sögulegu samhengi, mjög vont veðmál.

> Krónan er mun nær því að vera einhvers konar „inneignarnóta innanlands“.

Krónan hefur verið í höftum meira og minna frá því hún varð til með örfárra ára undantekningu. Ýmsar hugmyndir hafa verið settar fram um hvernig lappa megi upp á hana en flestar þeirra eiga við þann vanda að etja að stjórnvöld munu auðveldlega geta bakkað út úr þeim þegar eitthvað bjátar á. Og eitthvað mun bjáta á. Upptaka annars gjaldmiðils, hvort sem er í gegnum ESB eða eftir öðrum leiðum, virðist varanlegri lausn.

Ég neita því ekki að mér finnst frelsi til að geta stundað viðskipti og keypt sér hluti í útlöndum eiga að vera ansi hátt á forgangslistanum.

Mér finnst ekki að það eigi bara að vera eitthvað sem við „fáum að gera“ þegar „réttar aðstæður skapast“. Og ef það er ekki tímabært að ræða það nú hvernig við ætlum að tryggja það frelsi til langframa, hvenær þá? Eftir fjögur ár? Eftir átta ár? Þegar efnahagslífið réttir (tímabundið) úr kútnum? Kannski vilja margir stjórnmálamenn beinlínis hafa höft. Höftin færa þeim, jú, völd. Þeir sem nú segja að við „sitjum uppi með krónuna hvort sem okkur líkar það betur eða verr“ eiga kannski bara við að það sé ástand sem þeim sjálfum líkar betur. En ekki verr.

# Mistök Sjálfstæðisflokks

UTANRÍKISMÁL
Össur Skarphéðinsson
utanríkisráðherra



Vasklegt þingmannsefni, Teitur Björn Einarsson, framstyggðist þegar ég rakti í Fréttablaðinu hvernig vítavert óraunsæi leiddi til alvarlegra mistaka Sjálfstæðisflokksins í utanríkismálum varðandi tvo stóratburði á síðustu tíu árum. Hinn fyrri var margboðuð brottför hersins í mars 2006. Sá síðari var hrunið 2008.

Teiti finnst flokkurinn hafa það sér til afbötunar að hafa þó unnið úr málunum – eftir á. Hann hafi mætt brottför hersins með því að setja upp Varnarmálastofnun – og sett neyðarlögin eftir hrunið. Gott og vel. Á sínum tíma var Björn Bjarnason, hugmyndafræðingur flokksins, á móti Varnarmálastofnun. Hann hafði rétt fyrir sér. Eitt af fyrstu verkum mínum var því að leggja hana niður. Öll störf hennar eru nú unnin af öðrum stofnunum – og hundruð milljóna hafa sparast. Hitt er hárrétt hjá Teiti, að neyðarlögin hafa reynst helsta haldreipi Íslendinga í eftirleik hrunsins. Nú er að sönnu óvíst hvort réttlæti sé yfirhöfuð til í stjórnmálum, en sé svo, þá á sagan eftir að endurmeta bæði hlutverk og arfleifð tveggja stjórnmálamanna sem verðskulda þar mestan heiður, Björgvins G. Sigurðssonar og Geirs H. Haarde.

Það breytir þó engu um óraunsæi Sjálfstæðisflokksins, sem missti af lokum kalda stríðsins. Hann var algerlega óviðbúinn þegar Bandaríkjamenn kipptu burt hernum. Í stað þess að skilgreina blákalda hagsmuni, og semja í samræmi við raunverulegar öryggisþarfir Íslendinga varðandi siglingar, leit og björgun, norðurslóðir, nýja háska gagnvart borgaralegu samfélagi, og auðlindanýtingu undir hafsbotni, snerist slagurinn um að ríghalda í fjórar orrustuþotur. Langlægsta punktinum var svo náð þegar forysta flokksins bauð stuðning Íslands við árásina á Írak til að skapa sér stöðu í samningunum. Sá díll var skandall. Sama óraunsæi birtist þegar Seðlabankinn undir forystu Sjálfstæðismanna daufheyrðist fram eftir ári 2008 við viðvörunum margra seðlabanka um að leita til AGS. Höfuðið var svo bitið af skömminni þegar Seðlabankinn hafði Ísland að ginningarfífli með órum um stórlán frá stórveldi sem sagan kennir ekki að sé þekkt að ókeypis örlæti í garð smáþjóða. Jafnvel rétt eftir hrun, meðan Íslandi blæddi, strítaðist Seðlabankinn gegn aðstoð AGS í heilan mánuð.

Þessum dæmum ætti Teitur og landsfundur Sjálfstæðisflokksins að velta fyrir sér. Meðan flokkurinn sigldi kreddulaust eftir áttavita blákaldra hagsmuna Íslands tók hann sporið með Gylfa Þ. Gíslasyni inn í EFTA og þorði með jafnaðarmönnum í EES. Önfirska þingmannsefnið segir að Sjálfstæðisflokkurinn standi fyrir alþjóðlegt samstarf og viðskiptafrelsi. En leiðin þangað liggur ekki í að leyfa lokuðum, innmúruðum valdaklíkum, sem hvergi eru kosnar á pall, að læsa Ísland inni í gjaldeyrishöftum. Þeim á ekki að leyfast að loka á þann möguleika að blákalt hagsmunamat geti leitt til þess að Ísland telji sér betur borgið með evruna – en án hennar.

Það væri andstætt hagsmunum Íslands, og þar með Sjálfstæðisflokksins.

www.volkswagen.is




Tilboð í febrúar.
Frítt metan í eitt ár!

EcoFuel-tæknin nýtir bensín og metangas og sparar þannig allt að 46% af eldsneytiskostnaði. Metanbílar eru umhverfisvænir og bera því engin aðflutningsgjöld. Þeir sem kaupa verksmiðjuframleiddan Volkswagen Passat metanbíl í febrúar **fá frítt metangas í eitt ár***. Að auki fá eigendur Passat EcoFuel frítt í stæði í Reykjavík ásamt því að njóta hagstæðari kjara á lánum hjá fjármögnunarfyrirtækjum.

**Passat Variant kostar aðeins frá**
**4.690.000 kr.**
Passat Variant EcoFuel Comfortline Plus, 150 hestafla, beinskiptur.

| Eldsneytiskostnaður Volkswagen Passat á hverja 1.000 km** | Metan 9.843 kr.<br>Dísil 13.801 kr.<br>Bensín 18.242 kr. |
|---|---|

Das Auto.

*Samkvæmt upplýsingum frá Umferðarstofu var meðalakstur fólksbíla 12.255 km árið 2011. Miðað við 6,6 m³ meðaleyðslu Passat EcoFuel er árlegur eldsneytiskostnaður því 120.000 kr. miðað við verð á metani 31. janúar 2013.

**Miðast við eldsneytisverð eins og skráð er hjá Olís og Metan 31. janúar 2013.

**Söluaðilar:** HEKLA Reykjavík · Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · HEKLA Reykjanesbæ · Heklusalurinn Ísafirði




1.999.-






2.499.-

VERÐHRUN
ALLT AÐ 90% AFSLÁTTUR

# BÓKAMAR *Perlunni*

FRÁ 22. FEBRÚAR TIL 10. MARS

LJÓSMYNDABÆKUR, TÚRISTABÆKUR, LISTAVERKABÆKUR, SJÁLFSHJÁLPARBÆKUR, MEÐGÖNGUBÆKUR, BARNANUDDBÆKUR, LÍFSTÍLSBÆKUR, M
HANNYRÐABÆKUR, PRJÓNABÆKUR, SAUMABÆKUR, HEKLBÆKUR, GRÍNBÆKUR, KYNLÍFSBÆKUR, SPAKMÆLABÆKUR, ORÐABÆKUR, HANDBÆKUR,
ÍSLENDINGASAGNABÆKUR, ÆTTFRÆÐIBÆKUR, VESTFIRSKARBÆKUR, SKÁLDSÖGUBÆKUR, KILJUBÆKUR, ÆVISÖGUBÆKUR, SÖGUFÉLAGSBÆK




1.990.-




1.690.-




3.980.-




990.-




990.-




1.290.-




9.900.-




1.980.-




2.790.-




1.999.-




990.-

EKKI MISSA AF ÞESSU

# KAÐURINN

ÓTRÚLEGT ÚRVAL  ÞÚSUNDIR TITLA  SPARAÐU ÞÚSUNDIR

ATREIÐSLUBÆKUR, MATARKÚRABÆKUR, VEIÐIBÆKUR, GOLFBÆKUR, ÍÞRÓTTABÆKUR, FERÐABÆKUR, ÍSLANDSKORTABÆKUR, HÖNNUNARBÆKUR,
HLJÓÐBÆKUR, LJÓÐABÆKUR, TRÚARBÆKUR, DULRÆNARBÆKUR, SÖGUTENGDAR BÆKUR, FJÁRMÁLABÆKUR, HRUNBÆKUR, SAGNFRÆÐIBÆKUR,
UR, HÁSKÓLABÆKUR, UNGLINGABÆKUR, BARNABÆKUR, HARÐSPJALDABÆKUR, DAGBÆKUR, SMÁBÆKUR, STÓRVIRKI, BLÖÐ OG KROSSGÁTUR




1.990.-




1.990.-




690.-




3.990.-




990.-




1.990.-

OPIÐ
FRÁ KL. 10-18
ALLA DAGA



†



Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**ÞÓRDÍS MARTEINSDÓTTIR**
**Suðurgötu 17, Sandgerði,**

lést laugardaginn 16. febrúar á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja. Útför hennar fer fram þriðjudaginn 26. febrúar kl. 13.00 frá Safnaðarheimilinu í Sandgerði.

**Ólafur Davíðsson**
**Sævar Ólafsson** — **Friðbjörg Ósk Arnbergsdóttir**
**Signý Ólafsdóttir** — **Helgi Sævar Sigurðsson**
**Elín Ólafsdóttir** — **Guðjón Bragason**
**Guðrún Ólafsdóttir** — **Guðmundur Þórðarson**
**Sigurlína Ólafsdóttir**
**Marteinn Ólafsson**
**Ingibjörg Þ. Ólafsdóttir**
**Davíð Þór Ólafsson** — **Stefanía Helga Ingibjargardóttir**
**Ólafur Þór Ólafsson** — **Katrín Júlía Júlíusdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

†

Faðir minn, tengdafaðir, afi og fósturfaðir,

**JÓN DANÍELSSON**
**fyrrverandi skipstjóri,**
**Dunhaga 15, Reykjavík,**

varð bráðkvaddur þann 19. febrúar sl. Útför hans fer fram frá Neskirkju fimmtudaginn 28. febrúar kl. 15.00.

**Örn D. Jónsson** — **Laufey Guðjónsdóttir**
**Steinunn Arnardóttir** — **Leópold Kristjánsson**
**Ágústa Arnardóttir** — **Einar Þorsteinn Arnarson**
**Pétur Emilsson** — **Sigrún Edda Sigurðardóttir**

†



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**SIGRÍÐUR VILHJÁLMSDÓTTIR**
**Hjúkrunarheimilinu Eir,**

andaðist miðvikudaginn 20. febrúar. Útför hennar fer fram frá Dómkirkjunni í Reykjavík, fimmtudaginn 28. febrúar kl. 13.00.

**Kristín María Kjartansdóttir** — **Ingólfur Hauksson**
**Hannes Jóhannsson** — **Beth Moore**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

†



Okkar ástkæra

**AUÐUR BIRNA HAUKSDÓTTIR**
**Austurgerði 1, Reykjavík,**

lést á Landspítalanum við Hringbraut mánudaginn 11. febrúar. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu. Starfsfólk Heimahlynningar og krabbameinslækningadeildar 11E, Landspítala við Hringbraut fær sérstakar þakkir fyrir einstaka umönnun og hlýju.

**Guð blessi ykkur.**
**Aðstandendur.**

†



Innilegar þakkir fyrir sýnda samúð og vinarhug við andlát og útför ástkærs eiginmanns míns, föður okkar, tengdaföður og afa,

**PAULS SVEINBJÖRNS JOHNSON.**

Sérstakar þakkir til starfsfólksins á Minnismóttökunni, Þorraseli og á Dvalar- og hjúkrunarheimilinu Grund fyrir góða umönnun og hlýhug í hans garð.

**Áslaug Ragnhildur Holm Johnson**
**Sonja Ragnhildur Johnson** — **Marc C. Johnson**
**Pétur Snæbjörn Johnson**
**Birgir Þór Johnson** — **Santok Johnson**
**Kathleen Johnson Menlove** — **Lynn Menlove**
**Knut Sveinbjörn Johnson**
**og barnabörn.**


WWW.KVEDJA.IS

Útfararstofa
SVAFARS & HERMANNS




571 8222 · 820 3939 SVAFAR · 820 3938 HERMANN


# Samdi hundrað lög á ellefu árum í Djúpinu

**Kómedíuleikhúsið á Ísafirði frumsýnir í kvöld leikritið Sigvalda Kaldalóns eftir Elfar Loga Hannesson, sem jafnframt leikur titilpersónuna. Verkið fjallar um þau ár sem hið ástsæla tónskáld starfaði sem héraðslæknir í Nauteyrarhéraði í Ísafjarðardjúpi.**

Leikritið heitir einfaldlega Sigvaldi Kaldalóns og það fjallar um ár Sigvalda í Ísafjarðardjúpi,“ útskýrir Elfar Logi. „Eftir að hann útskrifaðist sem læknir var hans fyrsta embætti að leysa af á Hólmavík, en svo var honum boðið að taka við Nauteyrarhéraði og þangað fór hann og ílentist í ellefu ár.“

Samdi hann mikið af tónlist á þeim árum? „Já. Í bók Gunnars M. Magnús, sem heitir einfaldlega Bókin um Sigvalda Kaldalóns, kemur hann aftur og aftur að því hvað Djúpið hafi haft inspírerandi áhrif á Sigvalda, bæði fólkið og náttúran. Þar uppgötvaði hann lífið og var í gífurlegu stuði. Á þessum ellefu árum samdi hann að minnsta kosti hundrað lög sem landsmenn kunna enn þann dag í dag mörg hver. Ég ætla nú ekkert að telja þau öll upp en get nefnt til dæmis Þú eina hjartans yndið mitt sem hann tileinkaði konu sinni.“

Þú einskorðar verkið við þann tíma sem hann var fyrir vestan? „Já, en leikritið gerist samt í Solleröd í Danmörku þar sem Sigvaldi var á heilsuhæli til að ná sér af slæmum berklum. Rammi verksins er sá að hann býður einni starfsstúlkunni þar með sér í hugarferð vestur.“

Þú samdir verkið, leikur Sigvalda og syngur lögin hans í sýningunni, eða hvað? „Nei, ég syng nú ekki. Það ræð ég ekki við. En mér til halds og trausts er ég með mikla listakonu sem heitir Dagný Arnalds og hún er bæði leikkona og hljóðfæraleikari í sýningunni auk þess sem hún syngur nokkur laganna. Ég ræð bara við að syngja Megas.“

Frumsýning er í kvöld í Hömrum á Ísafirði og önnur sýning þar á sunnudag, hvert verður svo framhaldið? „Þegar maður startar nýju ævintýri vill maður aðeins leyfa því að gerast og svo tekur maður dansinn. Það er þó þegar ákveðið að bæta við sýningu í Hömrum sunnudaginn 3. mars vegna mikillar ásóknar í miða. Svo veit ég ekkert hvað gerist. Það er mikið verið að spyrja um páskana þannig að ég reikna með að ég laumi inn nokkrum sýningum þá svo fólk geti hvílt sig á rokkinu smá stund, kíkt í leikhús og kynnst Sigvalda.“



**SIGVALDI KALDALÓNS** Elfar Logi leikur tónskáldið ástsæla í eigin verki sem einfaldlega ber nafn þess.



**TÓNSKÁLDIÐ** Sigvaldi Kaldalóns var héraðslæknir í Nauteyrarhreppi í ellefu ár.

fridrikab@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST** 22. FEBRÚAR 1997

## Heimurinn fréttir af tilvist Dollyar

Þennan dag árið 1997 létu vísindamenn í Skotlandi fréttast um tilvist fyrstu skepnunnar sem tekist hafði að klóna svo vel færi. Þetta var ærin Dolly sem búin var til í Roslin-stofnuninni í Edinborg, en Dolly kom í heiminn 5. júlí árið 1996. Dolly var fyrsta spendýrið sem klónað var úr frumu fullorðinnar skepnu. Fyrri tilraunir til klónunar höfðu verið úr fósturfrumum. Klónun Dollyar varð mjög umtöluð, enda fylgdu klónunargetunni siðferðileg álitamál og ótti meðal margra um að tæknina mætti nota til að klóna fólk. Dr. Ian Wilmut, sem fór fyrir hópi vísindamannanna skosku sem stóðu að tilurð Dollyar, sagði hins vegar að klónun manneskja væri bæði ógeðfelld og ólögleg. Skoska kirkjan lýsti því yfir að þótt rannsóknirnar væru „heillandi“ þá hefði hún sínar efasemdir. Þá upplýsti Dr. Wilmut líka um hvernig komið hafði til að kindin var nefnd Dolly. „Dolly er búin til úr frumu mjólkurkirtils og okkur komu ekki í hug nokkrir mjólkurkirtlar mikilfenglegri en á Dolly Parton.“



†



Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**EGILL GUÐLAUGSSON**
**múrari,**
**áður til heimilis að Berjarima 9,**

lést á Hjúkrunarheimilinu Eir 9. janúar. Útförin hefur ferið fram í kyrrþey að ósk hins látna. Sérstakar þakkir færum við Manfred Lemke presti, Ólafi H. Samúelssyni lækni og öðru starfsfólki á Hjúkrunarheimilinu Eir 3. hæð norður fyrir góða umönnun og hlýju í garð okkar allra.

**Kristín Stefánsdóttir**
**Kolbrún Jósepsdóttir**
**Stefán Egilsson** — **Bryndís Eggertsdóttir**
**Kristín Ellý Egilsdóttir** — **Grétar Baldursson**
**Hrafnhildur Egilsdóttir** — **Halldór Bergdal Baldursson**
**Elísabet Egilsdóttir** — **Kristján V. Halldórsson**
**Guðmunda Egilsdóttir** — **Stefán Gísli Stefánsson**
**Egill Egilsson** — **Lára Jóhannsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

†



Eiginmaður minn, faðir, afi og langafi,

**BJARNI HELGASON**
**frá Vestmannaeyjum,**
**Þangbakka 8, Reykjavík,**

lést 10. febrúar á Hjúkrunarheimilinu Skógarbæ. Útförin hefur farið fram í kyrrþey.

**Þökkum auðsýnda samúð,**
**Helga Sigurðardóttir**
**Jóhann Bjarnason**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is**.

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma **512 5000**.



## ÁSGEIR TRAUSTI Á SKAGANUM

**Tónlistarsnillingurinn nýverðlaunaði, Ásgeir Trausti, verður með tónleika í Bíóhöllinni á Akranesi annað kvöld kl. 21.00. Sérstakur gestur verður Pétur Ben sem spilar nokkur af sínum bestu lögum áður en Ásgeir og hljómsveit stíga á svið.**

15% AFSLÁTTUR
af OSO hitakútum, Wösab olíufylltum ofnum og Vortice loftræstiviftum.


NORSK FRAMLEIÐSLA
OSO HOTWATER
BLÖNDUNARLOKI FYLGIR




Gæða viftur fyrir baðherbergi, eldhús, vinnustaði o.fl.
Einar Farestveit & Co.hf.
Borgartúni 28 • Sími: 520 7900 • ef@ef.is • www.ef.is




# ELDAÐ MEÐ HOLTA

**HOLTA KYNNIR** *Úlfar Finnbjörnsson er einn færasti kokkur landsins. Hann sér um sjónvarpsþáttinn Eldað með Holta á ÍNN. Þar fáum við að fylgjast með honum elda ljúffenga kjúklingarétti úr Holta-kjúklingi.*

Matreiðslumaðurinn Úlfar Finnbjörnsson sér um sjónvarpsþáttinn Eldað með Holta á ÍNN. Þar eldar hann ljúffenga rétti úr Holta-kjúklingi fyrir áhorfendur.

Hér færir Úlfar okkur uppskrift fyrir fjóra að einstaklega girnilegum kjúklingi í sesamsósu með kjúklingabaunum, sveppum, kúrbíti og spínati. Rétturinn er borinn fram með brauði. Tilvalinn réttur til að koma konunni á óvart á konudaginn.

Hægt er að fylgjast með Úlfari elda þennan ljúffenga rétt í kvöld klukkan 21.30 á sjónvarpsstöðinni ÍNN. Þættirnir verða svo endursýndir yfir helgina. Einnig er hægt að horfa á þá á heimasíðu ÍNN, inntv.is.

**FLOTT UPPSKRIFT** Meistarakokkurinn Úlfar Finnbjörnsson matreiðir girnilegan kjúklingarétt. MYND/ANTON

## KJÚKLINGUR Í SESAMSÓSU MEÐ KJÚKLINGABAUNUM, SVEPPUM, KÚRBÍT OG SPÍNATI

**SESAMSÓSA**
1 dl þurrristuð sesamfræ
1,5 msk. hunang
1 msk. dijonsinnep
1 msk. sítrónusafi
1 msk. ljóst edik
Salt og nýmalaður pipar
1,5 dl olía
Setjið allt nema olíuna í matvinnsluvél og grófmaukið. Hellið þá olíunni í mjórri bunu í skálina og látið vélina ganga á meðan.

**KJÚKLINGUR**
3 msk. olía
6-800 g kjúklingabringur, skornar í teninga
10 sitakesveppir eða venjulegir í bátum
$^1/_3$ kúrbítur í bitum
10 stk. dvergmaís í bitum
3 dl soðnar kjúklingabaunir
$^1/_2$ poki spínat
Salt og nýmalaður pipar

**AÐFERÐ**
Hitið olíu í wokpönnu eða stórri pönnu og steikið kjúklinginn í 3 mínútur eða þar til hann er fallega brúnaður. Bætið þá sveppum, kúrbít og dvergmaís á pönnuna og steikið í 3-4 mínútur til viðbótar. Kryddið með salti og pipar. Næst er kjúklingabaunum bætt á pönnuna og látið krauma í eina mínútu. Að lokum er spínati og sesamsósu bætt við og öllu blandað vel saman. Borið fram með góðu brauði.

Heilsuréttir Nings
Heilsuréttir Nings innihalda mikið af trefjum, hæfilegt magn próteina og góð kolvetni. Réttirnir eru kryddaðir með ferskum engifer, hvítlauk og chilli. Allir réttir okkar eru að sjálfsögðu án transfitu og MSG.

Sushi er frábær hollustufæða
NINGS


Suðurlandsbraut 6 • Stórhöfða 17 • Hlíðasmára 12 • Sími 588 9899 • www.nings.is







# GJÖRIÐ SVO VEL AÐ SNERTA

**VÍSINDI** *Gestir Smáralindar fá að snerta og prófa sig áfram á sýningunni Undur vísindanna sem haldin er á göngum verslunarmiðstöðvarinnar.*

Í gær hófst sýningin Undur vísindanna á göngum verslunarmiðstöðvarinnar Smáralindar í Kópavogi. Um er að ræða gagnvirka sýningu þar sem gestir fá að uppgötva og prófa sig áfram með ýmis undur tækninnar og vísindanna en rúmlega tuttugu stöðvar verða settar upp víðs vegar á báðum hæðum Smáralindar.

Sandra Arnardóttir, verkefnastjóri í markaðsdeild Smáralindar, segir tilgang sýningarinnar vera þann að fræða almenning og gefa honum um leið kost á að leysa einfaldar þrautir sem útskýra á skemmtilegan hátt hvernig ýmis eðlisfræðileg lögmál virka. „Sýningin tengist raunvísindum en er sett upp á mjög skemmtilegan hátt þannig að gestum finnist hún samtímis skemmtun og vettvangur uppgötvana. Þessi sýning er ætluð fólki á öllum aldri, börnum og fullorðnum.“

Þetta er í fyrsta skiptið sem sýning af þessu tagi er sett upp í verslunarmiðstöð hérlendis, að sögn Söndru, og eru aðstandendur verslunarmiðstöðvarinnar spenntir yfir að sjá útkomuna. „Sýningin miðar að því að fólk geti snert og upplifað sjálft hvernig hlutirnir virka. Einnig gefst kostur á að prófa ýmsar þrautir. Þetta verður ekki sýning þar sem gestum verður bannað að snerta heldur verða þeir þvert á móti hvattir til að snerta.“

Meðal þrauta sem gestir fá að spreyta sig á er að prófa að framleiða rafmagn til að kveikja á sjónvarpstæki og upplifa þyngdarblekkingu þar sem ólíkir hlutir eru þyngri eða léttari en þeir sýnast í raun vera. Einnig fá þeir að spreyta sig á því að búa til hvirfilvind.

Að sögn Söndru er sýningin flutt inn frá Þýskalandi og er hún sérstaklega hönnuð með verslunarmiðstöðvar í huga. „Þýska fyrirtækið hefur ferðast milli landa með sýninguna sem alls staðar hefur vakið eftirtekt. Hún er alltaf sett upp á fjölförnum stöðum þannig að sem flestir fái notið þessara heillandi fyrirbæra úr heimi vísindanna. Gestir Smáralindar eiga vafalaust líka eftir að skemmta sér næstu tvær vikurnar enda aðalatriðið að þeir fái að prófa sem flest.“ ■ starri@365.is

**SNERTIÐ OG PRÓFIÐ**
„Þetta verður ekki sýning þar sem gestum verður bannað að snerta heldur verða þeir þvert á móti hvattir til að snerta,“ segir Sandra Arnardóttir, verkefnastjóri í markaðsdeild Smáralindar.
MYND/GVA



**VÍSINDASTÖÐVAR**
Rúmlega 20 stöðvar verða settar upp í Smáralind í tengslum við sýninguna Undur vísindanna.






# JARÐARBERJABAKA FYRIR FRÚNA

Konudagur er á sunnudaginn svo það er best fyrir herrana að setja á sig svuntu og skella í eina jarðarberjaböku og koma frúnni á óvart. Í þessari einföldu uppskrift eru bæði notuð jarðarber og hindber.

**KÖKUBOTN**
150 g smjör
75 g sykur
225 g hveiti

**FYLLING**
2 dl sýrður rjómi (36%)
2 tsk. vanillusykur
250 g jarðarber
250 g hindber

Hitið ofninn í 160°C og smyrjið bökuform vel að innan. Gott er að nota lausbotna form. Setjið smjörið í þykkbotna pott og bræðið það. Þá er sykurinn settur út í og potturinn tekinn af hitanum. Látið sykurinn bráðna í smjörinu. Þá er hveitinu hrært varlega saman við þangað til deigið verður jafnt og fínt.

Látið deigið hvíla í 2-3 mínútur eða þar til það hefur kólnað aðeins. Setjið síðan í bökuformið og leggið það vel upp við barmana með fingrunum. Látið hvíla í forminu í 15-20 mínútur áður en það er sett í ofninn. Síðan bakað í 20 mínútur. Hafið formið í miðjum ofni. Kælið deigið áður en fyllingin er sett í.

Þeytið sýrðan rjóma og vanillusykur þar til blandan stífnar aðeins. Setjið kremið ofan á bökuna og skreytið með berjunum.



**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana ásamt hefðbundnum auglýsingum. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: **365 miðlar** | Ábyrgðarmaður: **Jón Laufdal**
Sölumenn: **Jónína María Hafsteinsdóttir, jmh@365.is,** s. 512 5473
**Sverrir Birgir Sverrisson, sverrirbs@365.is,** s. 512 5432
**Elsa Jensdóttir, elsaj@365.is,** s. 512-5427 | Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir**

# INNHEIMTA & RÁÐGJÖF

**Kynningarblað**
Greiðsluerfiðleikar, gjalddagi, eindagi, sektir og góð ráð.

# Momentum á Siglufirði

**Momentum og Gjaldheimtan** eru fyrirtæki sem reka innheimtuþjónustu fyrir einstaklinga, fyrirtæki, sveitarfélög, lífeyrissjóði og fleiri. Yfir þrjátíu starfsmenn starfa hjá fyrirtækjunum. Höfuðstöðvarnar eru í Reykjavík en auk þess er starfsstöð á Siglufirði. Vel kemur til greina að opna starfsstöðvar og bakvinnslur á fleiri stöðum á landinu.

Mikil viðhorfsbreyting hefur orðið í þjóðfélaginu síðustu ár með útvistun innheimtu enda felst mikið hagræði í því að geta útvistað slíkri starfsemi til sérfræðinga og einbeitt sér að kjarnastarfsemi. Þó er ekki sama hvernig er að verki staðið við þá þjónustu, enda er eðlilegt að litið sé á innheimtuaðilann sem framlengingu af kröfuhafanum og mikilvægt að innheimtan sem slík raski ekki viðskiptasambandi kröfuhafa og viðskiptavina þeirra sem eiga tímabundið í erfiðleikum með að standa í skilum,“ segir framkvæmdastjórinn Davíð B. Gíslason.



Fimm starfsmenn vinna fyrir Momentum á Siglufirði og er búist við að þeim muni fjölga. Þá er verið að skoða að opna starfsstöðvar á fleiri stöðum á landinu. MYND/VILHELM

### Sveigjanleiki í fyrirrúmi

Innheimtuferli Momentum er mjög sveigjanlegt. Kröfuhafi getur ráðið sínum ferlum sjálfur og byggt þá á sinni reynslu á sínum viðskiptavinum og vilja sem og ráðleggingum starfsfólks Momentum. Þetta á til dæmis við um fjölda bréfa, símhringinga og tímalengd milli aðgerða.

### Enginn kostnaður kröfuhafa

„Almenn stefna Momentum er sú að kostnaður af innheimtunni lendir á þeim sem stofnar til kröfunnar með því að greiða hana ekki á umsömdum tíma, en dreifist ekki almennt á alla viðskiptavini kröfuhafa. Þannig er tryggt að þeir sem standa skil á greiðslum á tilsettum tíma geti notið bestu kjara í viðskiptum sínum við kröfuhafa. Í samræmi við þetta greiðir kröfuhafi engin skráningargjöld, árgjöld eða annan slíkan kostnað hjá Momentum,“ segir Davíð.

### „Útrás“ utan höfuðborgarsvæðisins

Mikil aukning hefur verið á verkefnum Momentum og Gjaldheimtunnar enda hefur nálgun fyrirtækjanna að innheimtustarfsemi fallið vel í kramið hjá viðskiptavinunum.

„Momentum og Gjaldheimtan hafa um árabil haft hluta af starfsemi sinni á Siglufirði og er það dæmi um að fyrirtækin vilja stuðla að meiri nánd við þá aðila sem verið er að þjónusta á landsbyggðinni. „Þróunin á innheimtumarkaðinum hefur verið mjög hröð síðustu ár og hafa kröfur um rafrænar vinnslur og tengingar alltaf verið að aukast. Momentum og Gjaldheimtan hafa alla tíð leitast eftir því að bjóða upp á hagkvæmar lausnir sem auðvelda einstaklingum og fyrirtækjum störf og bjóða upp á sveigjanlegar leiðir eftir kröfum hvers og eins kröfuhafa. „Þessi þróun hefur valdið því að mun auðveldara er fyrir fyrirtæki eins og Momentum og Gjaldheimtuna að nýta sér starfskrafta á landsbyggðinni.“

### En af hverju Siglufjörður?

„Við höfum verið mjög ánægð með það fólk sem við höfum fengið til starfa á Siglufirði sem kemur ekki á óvart af fyrri kynnum okkar af Siglfirðingum. Nú eru fimm starfsmenn að vinna fyrir okkur þar og ljóst er að við höfum hugsað til þess að auka frekar við á þeim vettvangi, enda eru verkefnin alltaf að aukast, bæði almennt og einnig að fjölga þeim verkefnum sem auðvelt er að vinna frá útibúum líkt og á Siglufirði,“ upplýsir Davíð.

### Verður framhald á þessari útvíkkun á landsbyggðinni?

„Við erum alltaf að skoða það að opna starfsstöðvar og bakvinnslur á fleiri stöðum á landinu og horfum auðvitað til þeirra svæða þar sem þjónusta okkar er nýtt. Möguleikarnir eru endalausir í því sambandi og höfum við verið ánægð með þær viðtökur sem við höfum fengið víða um land. Framtíðin er því björt hjá okkur í þessu sem og öðru.“

## Nokkrar staðreyndir

**Innheimtuferli Momentum** er mjög sveigjanlegt og getur kröfuhafi ráðið sínum ferlum sjálfur. Þetta á til dæmis við um fjölda bréfa, símhringinga og tímalengd milli aðgerða.

**Mikil aukning** hefur verið á verkefnum Momentum og Gjaldheimtunnar enda hefur nálgun fyrirtækjanna að innhemtustarfsemi fallið vel í kramið hjá viðskiptavinum.

**Momentum og Gjaldheimtan** hafa um árabil haft hluta af starfseminni á Siglufirði og er það dæmi um að fyrirtækin vilja stuðla að meiri nánd við þá aðila sem verið er að þjónusta á landsbyggðinni.





MOMENTUM
greiðslu- og innheimtuþjónusta

SVEIGJANLEG OG LIPUR INNHEIMTUÞJÓNUSTA

Hafðu samband, við leysum málin með þér!

Momentum greiðslu- og innheimtuþjónusta ehf. | Suðurlandsbraut 18, 108 Rvk. | Sími: 510 7700 | momentum@momentum.is

# Greiðsluerfiðleikar eru enn þá svolítið feimnismál

Miklu máli skiptir að skipuleggja vel fjármál heimilisins. Margir hafa lent í greiðsluerfiðleikum undanfarin ár en til eru ýmsar leiðir til að fyrirbyggja slíka erfiðleika. Raunveruleg yfirsýn yfir útgjöld og tekjur skipta þar miklu máli.

Sjálfsagt þykir fáum skemmtilegt að eyða löngum tíma í skipulag á fjármálum heimilisins. Margir Íslendingar hafa lent í greiðsluerfiðleikum undanfarin ár í kjölfar bankahrunsins og afleiðinga þess. Skipulag á fjármálum heimilisins er engu að síður afar nauðsynlegt en að mati Svanborgar Sigmarsdóttur, upplýsingafulltrúa hjá umboðsmanni skuldara, er þó enn of algengt að fólk lendi í greiðsluerfiðleikum vegna þess að það heldur að hlutirnir reddist einhvern veginn á endanum. „Við hjá umboðsmanni skuldara verðum sérstaklega vör það að margir vita ekki hvernig hægt er að bregðast við greiðsluvanda og hvaða úrræði eru í boði. Einnig er það of algengt að fólk sé feimið við að tala við bankann sinn og fá einhverja aðstoð þaðan. Greiðsluerfiðleikar eru því enn svolítið feimnismál og því miður stóla of margir á að þetta muni allt bjargast og gera jafnvel ekkert í sínum málum fyrr en það er orðið of seint.“

## Huga þarf að stórum útgjaldaliðum

Greiðsluerfiðleikar eiga sér ýmsar orsakir. Atvinnuleysi hefur þar eðlilega mikil áhrif auk þess sem launalækkun getur sett strik í reikninginn. Langvarandi veikindi eiga einnig þátt í greiðsluerfiðleikum og ábyrgðarskuldbindingar þar sem viðkomandi hefur gengist í ábyrgð fyrir skuld annars aðila. „Það eru einnig of algeng mistök að vita af stórum útgjöldum fram undan en í stað þess að leggja fyrir jafnt og þétt til að mæta þeim þá er reynt að borga allt í einu. Einnig getur verið afdrifaríkt að taka dýr lán, t.d. yfirdrátt, til að brúa eitthvað bil þegar það getur verið margfalt ódýrara að leggja fyrir í skamman tíma og sleppa um leið dýra láninu. Svo snýst þetta líka oft bara um klaufaskap þegar ekki er borgað á réttum tíma og þá þarf auðvitað að greiða dráttarvexti og áfallinn kostnað.“

Til að forðast greiðsluerfiðleika eða byggja upp fjármálin eftir greiðsluerfiðleikaaðstoð er gott að hafa nokkur atriði í huga, segir Svanborg. Fyrst ber að nefna mikilvægi þess að fá raunverulega yfirsýn yfir útgjöld og tekjur heimilisins. „Hér skiptir miklu máli að gera sér grein fyrir hverjar útborgaðar tekjur eru og þá þarf líka að taka tillit til húsaleigubóta, vaxtabóta og meðlagsgreiðslna. Um leið þarf að liggja fyrir hversu mikið er greitt af lánum, dagvistun barna og öðrum föstum liðum. Ef framfærslukostnaður liggur fyrir má byrja að einblína á þá útgjaldaliði sem má lækka og þannig setja sér framfærslumarkmið fyrir næstu mánuði.“

## Skýr markmið og eftirfylgni þeirra

Þegar tekjur og útgjöld liggja fyrir er gott að fylla út fjárhagsyfirlit til að fá skýra mynd af stöðunni eins og hún er. „Um leið og staðan er skýr verður miklu auðveldara að setja sér skýr markmið og fylgja þeim eftir. Í því sambandi er gott að greina á milli útgjalda sem erfitt er að lækka, eins og húsaleigu og afborgana húsnæðislána og útgjaldaliða sem hægt er að minnka, til dæmis í tengslum við afþreyingu og áskriftarkostnað.“ Um leið gefur skýrt fjárhagsyfirlit betri mynd af þeim lánum sem skynsamlegra er að greiða niður sé þess kostur. Ólík lánsform bera misháa vexti og í því sambandi er yfirleitt skynsamlegast að greiða niður vanskil, yfirdrátt og rað- og greiðsludreifingar á greiðslukortum.

Svanborg bendir einnig á mikilvægi þess að semja strax við kröfuhafa. Þannig sé oft hægt að semja um frestun greiðslna eða skilmálabreytingar lána. „Ef greiðsluvandinn er hins vegar viðvarandi er hægt að fá ráðgjöf hjá okkur sem getur leitt til tillagna að úrlausnum.“

Hvort Íslendingar séu verri en aðrir þjóðir þegar kemur að skipulagi fjármála heimilisins segir Svanborg að erfitt sé að segja til um það. Rannsóknir hafi þó sýnt að Íslendingar hafi ekki gott fjármálalæsi og bæta megi verulega úr því. „Þennan þátt má bæta til dæmis í skólakerfinu þar sem kenna má unglingum um sparnað og hvernig hægt er að leggja til hliðar en ekki síður að kenna þeim að skilja kostnaðinn við lántöku og um leið hvað það kostar raunverulega að taka lán.“



„Því miður stóla of margir á að þetta muni allt bjargast og gera jafnvel ekkert í sínum málum fyrr en það er orðið of seint,“ segir Svanborg Sigmarsdóttir, upplýsingafulltrúi umboðsmanns skuldara.

MYND/STEFÁN


## CODEX INNHEIMTUÞJÓNUSTA

**Codex ehf.** er innheimtuþjónusta á Skólavörðustíg 12 í Reykjavík. Codex ehf. býður upp á alhliða milliinnheimtuþjónustu. Sérstök áhersla er lögð á skjóta og persónulega þjónustu auk þess sem öguð og vönduð vinnubrögð eru höfð að leiðarljósi. Codex ehf. starfar fyrir fyrirtæki, stofnanir og félagasamtök auk þjónustu við einstaklinga.

Skrifstofan er opin alla virka daga frá 8.00 til 16.30.

Símatími skrifstofunnar er frá 9 –12 og 13–16 alla virka daga.

Síminn er 511 3090 og auk þess er unnt að senda fyrirspurn á codex@codex.is til að fá frekari upplýsingar. www.codex.is

Codex
INNHEIMTA

LÖGMÁL

Ásgeir Þór Árnason hrl.
Elvar Örn Unnsteinsson hrl.
Lúðvík Örn Steinarsson hrl.
Magnús Guðlaugsson hrl.
Magnús Óskarsson hdl., LL.M.
Elínborg Jónsdóttir hdl.
Diljá Mist Einarsdóttir hdl.

Lögmál ehf.
Skólavörðustíg 12 • 101 Reykjavík
Sími 511 2000 • Fax 511 2001
logmal@logmal.is • www.logmal.is

## LÖGMÁL

**Lögmál ehf.** er lögfræðistofa á Skólavörðustíg 12 í Reykjavík. Lögmál býður upp á alla almenna lögfræðiþjónustu. Sérstök áhersla er lögð á skjóta og persónulega þjónustu auk þess sem öguð og vönduð vinnubrögð eru höfð að leiðarljósi. Lögmál starfar fyrir fyrirtæki, stofnanir og félagasamtök auk þjónustu við einstaklinga.

Skrifstofan er opin alla virka daga frá 9.00 til 16.30. Síminn er 511-2000.

Símatími skrifstofunnar er frá 9 til 12 og 13 til 16 alla virka daga. www.logmal.is


## *Ekki lenda í skuldafeni*

Til að komast hjá skuldasöfnun þarf að eyða minna. Þetta reynist hins vegar fæstum eins auðvelt og það hljómar. Sumum tekst þó að sleppa undan því að safna skuldum með því að fara eftir nokkrum einföldum reglum.

**1.** Eyddu minna. Tilboðin freista margra og fá þá til að kaupa hluti sem þeir hafa ekki efni á. Gullna reglan er að kaupa aldrei neitt nema vera viss um að maður hafi efni á því. Gerðu fjárhagsáætlun svo þú vitir hve miklu þú mátt eyða og í hvað.

**2.** Staðgreiddu með peningum. Debetkortin eru handhæg en gera það að verkum að fólk eyðir meira en það myndi gera ef það er með seðlana í höndunum.

**3.** Ekki láta glepjast af kreditkortum. Notaðu kreditkortin aðeins í neyðartilfellum. Háir vextir á afborgunum gera lítið til að bæta skuldastöðuna.

**4.** Borgaðu kreditkortaskuldir sem fyrst. Háir reikningar í bland við háa vexti eru slæm blanda.

**5.** Farðu á útsölur. Ekki borga fullt verð fyrir hlutina heldur kauptu nauðsynjar þegar þær bjóðast á tilboði.

**6.** Vertu raunsæ/r. Við lifum í neysluþjóðfélagi. Ekki láta glepjast. Ef þú þarft ekki á hlutnum að halda, ekki kaupa hann.



**Útgefandi:** 365 miðlar ehf., Skaftahlíð 24, s. 512 5000 **Umsjónarmenn auglýsinga:** Sverrir Birgir Sverrisson, sverrirbs@365.is, s.512-5432 **Ábyrgðarmaður:** Jón Laufdal.



# Lífið

SOFFÍA THEÓDÓRA TRYGGVADÓTTIR STOFNAÐI VEFTÍMARITIÐ NORDIC STYLE MAGAZINE. 2

ER FERMING FRAM UNDAN? FÁÐU FLOTTAR HUGMYNDIR AÐ SNIÐUGUM SKREYTINGUM. 4

Í REYKJAVÍK OG NÁGRENNI MÁ STUNDA MARGVÍSLEGA AFÞREYINGU MEÐ BÖRNUNUM. 8

FÖSTUDAGUR
22. FEBRÚAR 2013

## ÖLL STÖRF Á AÐ VINNA AF ÁSTRÍÐU

FRÉTTABLAÐIÐ
› visir.is/lifid

## HVERJIR HVAR?

Það vantaði ekki glæsileikann þegar Hótel Borg bauð til opnunar í gær eftir að veitingamennirnir Völundur Snær Völundarson og Haukur Víðisson tóku við rekstri staðarins. **Rakel Garðarsdóttir** leikkona, Sigurlaug M. Jónasdóttir, **Jón Ársæll Þórðarson** fjölmiðamaður og Steinunn Þórarinsdóttir mættu til að líta staðinn augum. Einnig mættu þau **Vera Sölvadóttir**, Einar Bárðarson, Ástríður Magnúsdóttir, Dögg Hjaltalín og Birna Björnsdóttir danskennari í gleðina.









**Lífið**
*Hamingja, fólk og annað frábært*

Umsjón blaðsins
**Kolbrún Pálína Helgadóttir**
kolbrunp@365.is
Umsjón Lífsins á Vísir.is
**Ellý Ármanns**
elly@365.is
Útgáfufélag
365 miðlar ehf.
Forsíðumynd
Stefán Karlsson.
Auglýsingar
Atli Bergmann
atlib@365.is
Hönnun
Silja Ástþórsdóttir
siljaa@frettabladid.is
Lífið
Skaftahlíð 24,
105 Reykjavík,
sími 512 5000
**www.visir.is/lifid**

# VEFTÍMARIT NORÐURLÖNDIN ERU MJÖG VINSÆL NÚNA

*Soffía Theódóra Tryggvadóttir stofnaði veftímaritið Nordic Style Magazine er hún var í námi í tísku- og markaðsstjórnun í New York. Blaðið hefur fengið mjög góðar viðtökur en það leggur áherslu á listir, menningu, hönnun og tísku frá Norðurlöndunum.*

Mig langaði að starfa innan tískugeirans eftir útskrift en hafði ekki áhuga á því að byrja á að þjóna fólki innan hans til að koma mér að eins og tíðkast oft. Ég vildi heldur skapa mín eigin tækifæri,“ segir Soffía Theódóra Tryggvadóttir, ritstjóri veftímaritsins Nordic Style Magazine sem kom út í annað sinn í vikunni.

Soffía er nýútskrifuð úr tísku- og markaðsstjórnun frá Fashion Institute of Technology í New York en heillaðist af fjölmiðlum er hún stofnaði tímarit viðskiptafræðinema við Háskóla Íslands fyrir nokkrum árum. „Ég er ekki endilega heilluð af blaðamennsku heldur meira af vinnunni sem liggur að baki þessu ferli að koma saman tímariti. Ég byrjaði á þessu verkefni ásamt sænskri skólasystur minni en við höfðum fundið fyrir því að það vantaði einhvern miðil sem einblíndi á hönnun og tísku frá Norðurlöndunum hér í Bandaríkjunum,“ segir Soffía og bætir við að um þessar mundir þyki allt sem kemur frá Norðurlöndunum mjög vinsælt vestanhafs.

„Það er mikil gróska í hönnun, listum og menningu á Norðurlöndunum sem mér finnst vert að vekja athygli á og við sáum ákveðið sóknarfæri í að einbeita okkur að þeim markaði. Það vantaði kynningu fyrir þessa færu hönnuði og merki og við höfum fengið að heyra að þeir séu mjög ánægðir með framtakið. Tísku og hönnun fylgist ég mikið með og hef mjög gaman af.“



Soffía Theódóra Tryggvadóttir stofnaði blaðið Nordic Style Magazine í lok síðasta árs en það hefur fengið góðar viðtökur lesenda. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Soffía var búsett í New York en ætlar að dvelja hér á landi fram á vor til að koma blaðinu í almennilegan farveg. Hún vinnur með fólki með fjölbreyttan bakgrunn sem er víða að af Norðurlöndunum en um þrjátíu manns komu að síðasta tölublaði. „Blaðið er enn þá í mótun og við fögnum öllum tillögum sem okkur berast. Ég hvet líka fólk eindregið til að hafa samband ef það vill leggja blaðinu lið,“ segir Soffía en einnig er verið að glæða vefsíðu blaðsins lífi og hægt að fylgjast með á slóðinni Nordicstylemag.com.

**alfrun@frettabladid.is**

## Uppáhalds

**HÖNNUÐURINN** Það er nú ansi erfitt að vera með uppáhaldshönnuð frá Norðurlöndunum þar sem það eru margir frábærir og ólíkir. Eins og stendur er ég einstaklega hrifin af Ostwald Helgason og Altewai.Saome og ég er einnig mjög skotin í Moonspoon Saloon.

**BÚÐIN** Mér finnst ATMO á Laugaveginum mjög skemmtileg. Það vantaði algjörlega svona verslun sem sýnir svart á hvítu hve frambærileg íslensk fatahönnun er.

**KAFFIHÚSIÐ** Ég er ekki mikil kaffihúsamanneskja en kaffihúsið sem ég fór í síðast var Café Salonen í Kaupmannahöfn sem vill svo til að er í eigu Íslendinga.

**TÍMARITIÐ** Ég er mjög hrifin af Eurowoman og er raunar mun hrifnari af skandinavískum tískutímaritum en alþjóðlegum.

**BLOGG** Ég fylgist með hinni sænsku Elin Kling (stylebykling.nowmanifest.com) og finnskum bloggara sem heitir Sandra Hagelstam (5inchandup.blogspot.com).

**VEITINGASTAÐUR** Ég fór á Grillmarkaðinn um daginn og fékk mér rosalega góða nautasteik.

**NÝJUNGIN** Ósýnilegi reiðhjólahjálmurinn, Hövding, er mjög einstök hönnun.

SOHO MARKET




SOHO MARKET
**Grensásvegur 8, sími 553 7300**
**mán-fim 12–18, fös 12–19, lau 12–17**

## Dagur í lífi

**Oddný Jóna Bárðardóttir verslunareigandi** Fjörugur öskudagur á Laugaveginum




**09.00** Fór með dóttur mína í leikskólann. Hún ákvað að vera Brave-stelpan í tilefni dagsins.

**09.30** Morgunmatur með bestu Kristínu Ástu á Laundromat café, eins og venjulega.

**11.00** Búðin opnuð.

**15.00** Þessi metnaðarfulli ungi maður mætti með gítar og söng fyrir okkur á öskudaginn, þrátt fyrir að nammið hafi verið búið. Vel gert!

**Eftir 15.00** Kaffið á Súfistanum.

**16.00** Við Stínu í fullu fjöri.

**18.00** Yummi-Yummi take-out. Húsmóðir ársins!

**21.00** Ormurinn sofnaður í mömmu og pabba rúmi og við taka rólegheit með manninum mínum. Sjónvarpið, tímarit og tölva. Nóg að gera.


Nýr ilmur
La vie est belle
*Life is beautiful.* Live it your way.
LANCÔME
PARIS


Marglitar blöðrur skapa einstaklega skemmtilega stemmningu, sérstaklega í stórum rýmum.


Dúskar hengdir yfir borðið og sælgæti notað til skrauts. Kemur skemmtilega út.







**Bríet Ósk Guðrúnardóttir**
innanhúsarkitekt.

# ER FERMING Á NÆSTA LEITI?

***Það reynist þrautin þyngri að halda og skipuleggja fermingarveislu. Það er að mörgu að huga og þar á meðal hverslags veislu skal halda og hvað hún má kosta. Hér eru nokkrar hugmyndir fyrir veisluna sem gætu gert þennan stóra dag enn eftirminnilegri.***


Franskar makkarónur hafa slegið í gegn og eiga vel heima í flottri fermingarveislu.


Gaman getur verið að nota aðeins einn lit sem þemalit. Lime-græni liturinn er páskalegur og fallegur.



Heimagert skraut og föndur gleður alltaf.


Gult, gult, gult og aftur gult – fyrir þá sem þora þá er guli liturinn ákaflega líflegur og flottur. Skreyta má með ýmsu eins og sítrónusneiðum og fleiru frumlegu.




**HEIMSÓKN** ÁGÚSTA JOHNSON

# BJART OG FALLEGT HEIMILI ÁGÚSTU

Hún vill hafa fallegt og huggulegt í kringum sig en hefur engan tíma til að sjá um málin sjálf og fær því mömmu sína til að hjálpa. Við bönkum upp á hjá Ágústu Johnson í næsta þætti af Heimsókn.






Safavélin er notuð daglega á þessu heimili.


Heimili Ágústu er einstaklega stílhreint og fallegt.


Þessir hressa skemmtilega upp á heimilið.


Ágústa safnar fallegum munum.

ST.TROPEZ

# St. Tropez sjálfbrúnkulínan á Íslandi



Nærir og fullkomnar húðina með fallegri og jafnri áferð.
St. Tropez línan er lyktarlaus og einstaklega auðveld í notkun.
Liturinn endist í allt að 5-8 daga.




HYGEA
*Snyrtivöruverslun*
STOFNSETT ÁRIÐ 1953

Kynning á þessum frábæru vörum í Hygeu Kringlunni og Smáralind í dag og laugardag

# SIGRÚN EDDA
# LÍF LEIKARANS ER MJÖG SÉRSTAKT

***Hún vappaði um leikhúsin sem lítið barn og var alin upp af litskrúðugum karakterum og frumkvöðlum íslensks leikhúslífs. Lífið spjallaði við Sigrúnu Eddu leikkonu um þrjátíu ára feril hennar og hlutverk hennar í viðamestu sýningu Borgarleikhússins til þessa, Mary Poppins, sem frumsýnd er í kvöld.***



Nú ertu búin að starfa sem farsæl leikkona frá árinu 1981. Hvernig hefur leikkonulífið reynst þér og vissirðu alltaf að þú vildir fara þessa leið í lífinu?

Ég sé ekki eftir neinu þegar kemur að starfsvali. Á þessum rúmu 30 árum sem ég hef unnið í leikhúsi hafa vissulega verið skin og skúrir eins og gengur í lífinu sjálfu, en þegar upp er staðið hef ég verið lánsöm, fengið að leika í spennandi sýningum ólík og krefjandi hlutverk. Það gerðist eiginlega af sjálfu sér að ég færi í leiklistarskóla, ég gantast stundum með það að það hafi verið skortur á ímyndunarafli. Ég er alin upp í leikhúsi frá blautu barnsbeini í gamla Iðnó við Tjörnina þar sem mamma mín var starfandi leikkona. Þar kynntist ég mörgum litskrúðugum karakterum sem sumir hverjir voru frumkvöðlar í íslensku atvinnuleikhúsi. Bernska mín var ævintýri líkust þar sem ég vappaði um leikhúsið eins og lítill heimagangur og fékk hangikjötsbrauðsneiðar uppi á lofti hjá Kristínu gömlu, hreinsað bensín á litla puttann hjá Brynjólfi Jóhannessyni þegar hann var að taka af sér gerviskeggið, átti stundum spjall við fyrsta atvinnuleikara Íslands, Harald Björnsson og fékk að máta hárkollur hjá Lilju sem gaf öllum matskeið af brennsluspritti ef þeir voru veikir. Mér finnst stundum eins og ég sé tengiliður milli tveggja heima, leikhússins eins og það var og leikhúss dagsins í dag.

**Það er stundum talað um að líf leikara sé hark, bæði hvað launin varðar og svo ekki sé minnst á langa og erfiða vinnudaga. Þarf að hafa mikla ástríðu fyrir leiklistinni til að endast í henni?**

Ég er þeirrar skoðunar að alla vinnu eigi að vinna af ástríðu, annars er ekkert gaman. Það að endast í leikhúsi er ekki endilega manns eigið val, það eru þarfir leikhússins sem velja þig og þar spilar margt saman. Ég gerði mér þó alltaf ljóst að þó að ég fengi ekki hlutverk í leikhúsinu vildi ég starfa í skapandi andrúmslofti. Ég hef unnið við margt sem tengist námi mínu á beinan og óbeinan hátt. Ég hef búið til sjónvarpsþætti, útvarpsþætti, skrifað leikrit og leikgerðir, skrifað bækur, teiknimyndasögu, gert tölvuleiki, talsett heilmikið, leikstýrt og leikið í bíómyndum, sjónvarpi og útvarpi. Ég lít ekki á þetta sem hark heldur gjöf, að fá tækifæri til að vinna á svona fjölbreyttum vettvangi. Það verða fæstir ríkir af veraldlegum gæðum sem starfa í listum en ég hef aldrei misst úr máltíð og er bara nokkuð sátt við það sem ég hef.

**Hvernig hefur gengið að ala upp börn og sinna fjölskyldulífinu samhliða starfinu?** Ég á tvö uppkomin og frábær börn. Þau eru lifandi sönnun þess að tekist hafi vel upp. Auðvitað hefst þetta ekki nema allir leggist á eitt. Ég á góða að, frábæra fjölskyldu og eiginmann sem hefur sjálfur starfað við leikhús og vissi alveg að hverju hann gekk þegar hann bað mig um að giftast sér.

**Er erfitt fyrir konur að eldast í leiklistinni, verður erfiðara að fá hlutverk með árunum eða er nóg af verkefnum hér á landi?** Líf leikarans er mjög sérstakt. Hann þarf að ganga í gegnum ótal aldurssíur á lífsleiðinni. Margir detta út og snúa sér að öðru. En hlutverkin verða bitastæðari með aldrinum og reynslan gerir mann dýrmætari. Mig hefur ekki skort verkefni, ég er lánsöm hvað það varðar, er til dæmis að leika magnað hlutverk í Gullregni eftir Ragnar Bragason um þessar mundir.

**Áttu þér eitthvert uppáhaldshlutverk þegar þú lítur yfir ferilinn eða hlutverk sem þú ert stoltari af en öðru?** Nei, ég get ekki nefnt neitt eitt fram yfir önnur. Hlutverkin sem maður skilar eru svolítið eins og börnin manns, manni þykir vænt um þau öll hvert á sinn hátt.

**En áttu þér eitthvað draumahlutverk eða -verkefni?** Nei, nei.

**En að nýjasta verkefninu.** ▶

**FULLT NAFN**
Sigrún Edda Björnsdóttir.

**FÆÐINGARÁR**
1958.

**HJÚSKAPARSTAÐA**
Gift.

**BÖRN**
Tvö.

**STARF**
Leikari, leikstjóri og höfundur.





MYND/STEFÁN

*Þetta er margslunginn sýning, tæknilegt undur verð ég að segja, full af töfrabrögðum, frábærum öngvum sem allir þekkja og ég get lofað mögnuðum dansnúmerum.*

## Uppáhalds

**MATUR** Sushi.

**DRYKKUR** Vatn.

**VEITINGAHÚS** Sushismiðjan við höfnina.

**TÍMARIT** Tímarit Máls og menningar.

**VEFSÍÐA** RUV.

**VERSLUN** Kron Kron.

**HÖNNUÐUR** Sonja Rykiel.

**HREYFING** Pilates, jóga, skokk.

**DEKUR** Nudd.

*Flottur ferill!*





Sigrún Edda hefur leikið mörg hlutverk í gegnum árin.




Hér má sjá Sigrúnu Eddu í Gullregninu.

▶ **Segðu mér aðeins frá hlutverki þínu í Mary Poppins.** Ég leik hana Brillu sem er skemmtilegt hlutverk. Hún er matselja á heimili Banks-fjölskyldunnar og er frekar lélegur kokkur, hún er með óhæfan aðstoðarmann sem Sigurður Þór Óskarsson leikur og tekst að sprengja mig á leiksviðinu hvað eftir annað, hann er svo fyndinn.

**Hvað hafa æfingar staðið yfir lengi?** Æfingar hafa staðið yfir í tíu vikur. Þetta er margslungin sýning, tæknilegt undur verð ég að segja, full af töfrabrögðum, frábærum söngvum sem allir þekkja og ég get lofað mögnuðum dansnúmerum.

**Hvernig líður þér yfirleitt á frumsýningardögum?** Ég reyni yfirleitt að plata sjálfa mig á þann hátt að frumsýningar séu bara eins og venjulegar sýningar en tekst aldrei. Það er alltaf sérstök spenna í loftinu, lítið fiðrildi í maganum.

**Er einhver sérstök rútína sem þú ferð eftir til að undirbúa þig?** Ég held mér í þokkalegu líkamlegu formi, les bækur, hlusta á tónlist, horfi á kvikmyndir og leikhús til að næra sköpunarkraftinn. Svo hef ég mjög gaman af því að skoða og stúdera fólk. Fyrir sýningar finnst mér mikilvægt að hita röddina vel upp og svo nota ég hugleiðslu til að slaka á og róa hugann.

**Hefurðu gleymt línunum þínum á ögurstundu eða lent í vandræðalegri uppákomu á sviði?** Það er ein uppákoma sem verður alltaf minnisstæð. Ég var að leika í söngleik í gamalli skemmu við Meistaravelli þar sem Bæjarútgerðin var til húsa fyrir mörgum árum. Söngleikurinn átti að gerast á síldarplani. Þarna voru fjölmargir leikarar og hljómsveit. Eggert Þorleifsson var á sviðinu með vatnsslöngu sem notuð var til að spúla gólfið. Eggert var vanur að láta seytla aðeins úr slöngunni og syngja lagið sitt, en á þessari tilteknu sýningu kom ekkert vatn. Hann skrúfaði stútinn í botn og hrópaði: Það kemur ekkert vatn! Einn starfsmaður við leikhúsið, rosalegur töffari, heyrði þetta og mundi að hann hafði gleymt að skrúfa frá krananum baksviðs. Hann rauk að sjálfsögðu til og skrúfaði frá. Og það var eins og við manninn mælt, vatnið frussaðist fram í slönguna af svo miklum krafti að hún stóð beint upp í loft og dældi vatninu yfir okkur leikarana, hljómsveitina og áhorfendur. Það leið langur tími þangað til við gátum byrjað að leika aftur, það hlógu allir svo mikið, bæði þeir sem stóðu á sviðinu og áhorfendur. Töffarinn sem átti sök á þessu öllu saman varð svo seinna maðurinn minn.

**Þú hefur einnig starfað sem höfundur og leikstjóri, er það eitthvað sem þú stefnir á að gera meira af í framtíðinni?** Það er aldrei að vita. Ég hef alltaf haft gaman af því að skrifa. Ég er með margt í pípunum hvað það varðar sem ég vona að öðlist vængi þegar ég gef mér tíma til að sinna því. Tími er það eina sem mig skortir um þessar mundir


Bak við tjöldin – Misjafnt er eftir hlutverkum hve mikinn tíma hár og förðun tekur.


Fólkið í Kjallaranum.

AUGLÝSING: SIGURBORG EHF. KYNNIR

# KALLAR FRAM FEGURÐ

**BareMinerals-steinefnafarðinn hefur hlotið ótal verðlaun og viðurkenningar. Farðinn er 100% náttúrulegur og hylur einstaklega vel. Farðinn er án ilmefna og parabena.**

Steinefnafarðinn bareMinerals kom fyrst á markað í Bandaríkjunum árið 1976 og er mest seldi steinefnafarðinn þar í landi. Hilde Lise, förðunarmeistari hjá bareMinerals, er nú stödd hér á landi til að kynna förðunarlínuna. Hún segir farðann einstakan fyrir þær sakir að hann vinnur með húðinni og hentar öllum húðgerðum og öllum aldri.

„Allar vörur bareMinerals eru þróaðar til þess að kalla fram fegurð þína,“ segir Hilde Lise. „Húðin nær að anda og farðinn gefur húðinni raka. Eingöngu eru notuð einstaklega hrein og fá innihaldsefni svo að húðin fái eingöngu það sem hún þarf. Það er ótrúlega gaman að fylgjast með konum sem farðaðar eru með bareMinerals í fyrsta sinn, þær ljóma, húðin ljómar og sönn fegurð þeirra kemur í ljós. Þær sem byrja að nota bareMinerals fara sjaldnast aftur að nota hefðbundinn farða.“


„Allar vörur bareMinerals eru þróaðar til þess að kalla fram fegurð þína,“ segir Hilde Lise, förðunarmeistari hjá bareMinerals, en hún kynnir förðunarlínuna hér á landi um þessar mundir.
MYND/SIGURBORG

**bareMinerals vörurnar fást nú hjá Lyfjum og heilsu í Kringlunni.**

**Sérstakt byrjunarsett sem inniheldur tvo liti af farða, sólarpúður, þrjá bursta, primer og laust púður, verður á tilboðsverði út febrúar á 15.600 krónur.**



Byrjunar-sett bareMinerals er á tilboði út febrúar á 15.600 krónur.

Farðinn frá bareMinerals er 100% náttúrulegur og án allra ilmefna og parabena.

› Sjá nánar á visir.is/lifid






KEEPCUP KAFFIMÁLIN FÁST Í ÖLLUM REGNBOGANS LITUM

## KEEPCUP KAFFIMÁLIN:

- Eru létt og óbrothætt
- Eru með vel þétt lok og áfastan hnapp til að loka drykkjargatinu
- eru til í ótal litum og litasamsetningum
- Má setja í uppþvottavél
- Má setja í örbylgjuofn
- Á griphringinn geturðu merkt uppáhalds kaffidrykkinn þinn
- Fást í 4 stærðum, 110 ml - espresso, 220 ml, 330 ml og 450 ml

## KEEPCUP MÁLIN ERU UMHVERFISVÆN

- Í 28 einnota málum er nægt hráefni til að gera 1 lítið KeepCup mál
- Minni orka er notuð í gerð KeepCup en keramikbolla eða stálmála
- KeepCup málin eru laus við BPA og önnur skaðleg plastefni

KeepCup Fæst í Minju, Kokku, Duka Kringlunni, Duka Smáralind, Sirku Akureyri og Te & kaffi

Í Minju finnur þú fallega íslenska hönnun jafnt sem gjafvörur frá öllum heimshornum

minja Design

Skólavörðustíg 12 • Sími: 578 6090 • www. minja.is • facebook: minja

KRAFTAVERK



# VERULEIKI FRAMHALDSSAGA

**SAGA AF VERU, RAUNUM HENNAR OG HUGLEIÐINGUM**

**Anna Rún Frímannsdóttir**
íslenskufræðingur og rithöfundur skrifar

Ég er bara ogguponsu væmin og glaðvær 11 ára stelpuskotta sem finnst fátt eðlilegra en að borða 17 vöfflur í einu, allar með mínu eigin heimatilbúna sultutaui, sofa á gólfinu með vettlinga á tánum og borða hafragraut í kvöldmat. Þetta flokkast kannski allt undir það að vera öðruvísi. Flokkast! Af hverju þarf að flokka allt og alla? Þessi er lítill, þessi er feitur, þessi fer í vitlausa flokkinn því hann er ekki nógu klár, þessi fer í ofvirka flokkinn því hann gengur á eitt fjall í viku… flokkar, flokkar, flokkar! Það er svolítið þreytandi að hugsa um alla þessa flokka. Mamma og pabbi eru til dæmis flokksbundin Framsóknarflokknum en foreldrar Pálmars, besta vinar míns, eru heiðblá eins og pabbi kallar það. Heiðblá, sem þýðir að þau kjósa Sjálfstæðisflokkinn. Svo er rifist um pólitíkina í öllum boðum sem ég fer í. Ohhh, það er svo leiðinlegt! Mér leiðist pólitík. Enda heitir hún TÍK. Það hlýtur að vera ástæða fyrir því.

Pabbi keyrir til dæmis um á fallegum fólksbíl og pirrar sig svo á jeppaeigendum sem þykjast eiga vegi landsins, svo ekki sé talað um hjólhýsa- og fellihýsafólkið. Það er líka í flokkum. Jeppaflokkurinn, hjólhýsa- og fellihýsaflokkurinn, vélsleðaflokkurinn og svo „liðið“ sem á 2-3 bíla. Þetta skilur hann pabbi ekki. Hann og mamma eru pínulítið upptekin af því að flokka allt og alla. Svona er þetta fullorðna fólk. Svo verðum við börnin alveg eins á einhverjum tímapunkti. Við börnin endurspeglum foreldra okkar en ég ætla að gera allt sem í mínu valdi stendur til að komast hjá því að verða FLOKKARI. Annars gæti ég orðið góður „umhverfisvænaflokkari“ en það eru þeir sem flokka allt ruslið sitt og eru með grænar, bláar og alls kyns litar ruslafötur fyrir utan húsið sitt. Mamma kallar það stílbrot að skreyta lóðir húsanna með þessum ferlíkjum og leggur sig því fram við að flokka ekki ruslið okkar, bara út af útliti ferlíkjanna. „Þvílík endemis vitleysa og fíflagangur í þér, kona“, hvæsir þá amma Alvhild sem flokkar allt ruslið sitt og það í ræmur eins og hún orðar það. Amma Alvhild hefur nefnilega áhyggjur af því að við séum að ganga fram af jörðinni okkar með öllu þessu rusli sem við hendum. Ég er sammála henni, aumingja jörðin okkar er fljótandi í rusli hér og þar og sjórinn er mengaður af alls kyns úrgangi sem mig hryllir við að hugsa um. Ef hvert og eitt einasta heimili myndi hugsa aðeins um ruslið sitt og flokka það, þó ekki væri nema pappír og dósir, gerði það strax gagn. Það er ég hundviss um, heilmikið gagn. Ég set þetta á listann minn yfir allt það sem ég ætla að gera í framtíðinni, meðal annars að verða heimsins besti „umhverfisvænaflokkari“. Rusl er allavega það eina sem ég ætla mér að flokka, ekki manneskjur eins og fólkið í kringum mig gerir alla daga! Þó mér leiðist pólitík get ég stofnað umhverfisvæna flokkaraflokkinn sem mun leggja sig fram við að bjarga jörðinni frá því að verða einn allsherjar ruslahaugur. Mig langar ekkert sérstaklega til að búa á ruslahaug. Það eru til börn úti í heimi sem búa á ruslahaugum og það gera þau ekki af fúsum og frjálsum vilja, þau geta ekkert að því gert en það getum við. Ég ætla strax að stofna þennan umhverfisvæna flokkaraflokk og fyrsta verkefnið verður að losna við ruslið á götunum hér í Hafnarfirði. Ég ætla að gera Hafnarfjörð að heimsins hreinasta bæ og hana nú!

FRAMHALD Í NÆSTU VIKU


## HIÐ FULLKOMNA VOPN GEGN HRUKKUM

Um er að ræða nýtt byltingarkennt og háþróað dagkrem frá Olay sem inniheldur einstaka samsetningu innihaldsefna. Þessi Satin/Silk-formúla inniheldur bíópeptíð + B3 complex sem veitir húðinni þann raka sem húðin þarfnast og dregur sjáanlega úr hrukkum og fínum línum. Aðaleinkennismerki Wrinkle relaxing complex er silkimjúk áferð þess en þar eru Microfiller-púðureindir að verki sem vinna á yfirborði húðarinnar þannig að húðin verður stinnari en jafnframt mýkri viðkomu. Upplagt er að nota dagkremið undir andlitsfarðann þar sem mjúk áferðin sléttir úr línum og veitir húðinni óaðfinnanlega áferð.







Börn þurfa að hreyfa sig reglulega til að viðhalda heilbrigðum vexti og þroska.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# AFÞREYING HELGIN MEÐ BARNINU

***Hver man ekki eftir því úr æsku að hafa komið inn rjóður í kinnum og glaður eftir góða útiveru, sest niður við eldhúsborðið með heitt ilmandi kakó og átt notalegt spjall við sína nánustu? Nú eru breyttir tímar.***

Í dag eyða börn meiri tíma fyrir framan tölvur og sjónvarp á kostnað útiveru. Þau þurfa að hreyfa sig reglulega til að viðhalda heilbrigðum vexti og þroska auk þess sem hreyfing eykur andlega og líkamlega hreysti þeirra. Foreldrar eru fyrirmyndir barna sinna og með því að stunda reglulega útivist með börnunum stuðlum við að heilbrigði þeirra og aukum líkurnar á að útivist verði hluti af þeirra lífsstíl síðar meir.

Nú er helgi fram undan og margir grunnskólar í vetrarfríi. Því er kjörið að skipuleggja einhverja skemmtilega afþreyingu með barninu. Í Reykjavík og nágrenni er margt í boði fyrir fjölskyldufólk og hér eru nokkrar hugmyndir:

**Fjöruferð** er alltaf vinsæl hjá börnum. Þau gleyma sér auðveldlega við að vaða eða leita að fjársjóði fjörunnar. Nálægðin við hafið og friðsældin hefur róandi áhrif á hugann. Gott er að taka með stígvél og regngalla eða jafnvel vöðlur ef þær eru til á heimilinu. Einnig getur verið sniðugt að taka með poka eða ílát fyrir skeljar, steina eða annað áhugavert í fjörunni. Stækkunargler, kíkir eða háfur getur gert ferðina eftirminnilegri og ekki gleyma að taka með nesti. Það eru margar fjörur í Reykjavík og nágrenni en það er ákveðinn sjarmi við fjöruna hjá Gróttu og Álftanesströnd.

**Menningarferð í miðborg Reykjavíkur** getur verið spennandi. Börnum þykir alltaf gaman að taka strætó og því upplagt að skilja bílinn eftir heima. Það er skemmtileg upplifun fyrir barn að fá að fara upp í Hallgrímskirkjuturn og horfa yfir Reykjavík, jafnvel nefna litina á húsþökunum fyrir þau yngstu. Skammt frá kirkjunni er Listasafn Einars Jónssonar en þar er fallegur styttugarður þar sem hægt er að skoða stytturnar með barninu. Síðan er hægt að rölta niður Skólavörðustíginn með viðkomu í Bókabúð Máls og menningar en þar er góð barnadeild á neðstu hæð. Upplagt er að enda ferðina á kaffihúsi og hlýja sér á heitu kakói.

Fyrir þau sem hafa áhuga á myndlist verður vinnusmiðja á sunnudaginn fyrir börn 9 ára og eldri í Hafnarhúsi Listasafns Reykjavíkur kl. 14-16.



Mikilvægt er að vera góð fyrirmynd barna sinna.

**Laugardalurinn** býður upp á margvíslega afþreyingu fyrir fjölskyldufólk. Þar er skemmtilegt leiksvæði með ævintýralegum ormi sem börn geta príláð á. Lítill skógur er við leiksvæðið þar sem hægt er að fara í feluleik. Í Fjölskyldu- og húsdýragarðinum eru nýfæddir grísir sem gleðja lítil hjörtu. Ásmundarsafn er skemmtilegt safn sem höfðar til barna. Það er rétt við Laugardalinn. Úti er fallegur höggmyndagarður og það er löng hefð fyrir því að leyfa börnum að klifra á styttum í garðinum, fyrir utan þær styttur sem eru hvítar og lægri en mannshæð. Á föstudaginn er vinnusmiðja í Ásmundarsafni fyrir 6 ára og eldri kl. 14-16.

**Aðalsafn Borgarbókasafns** er með barnadagskrá alla sunnudaga kl. 15. Á safninu er mjög góð barnadeild á 2. hæð þar sem gestir geta látið fara vel um sig með bók. Á hæðinni er einnig skemmtilegt leikherbergi með búningum fyrir börn. Sunnudaginn 24. febrúar verður skuggaleikhússmiðja þar sem myndlist og leikhúsi verður fléttað saman.

Fjölskyldan ætti því að geta fundið eitthvað við sitt hæfi um helgina og notið þess að vera saman.

**Eftir:** Láru G. Sigurðardóttur lækni og Sigríði A. Sigurðardóttur hjúkrunarfræðing, höfunda bókarinnar Útivist og afþreying fyrir börn og heimasíðunnar www.fyrirborn.is.




LYFJA
– Lífið heil

ILMUR FYRIR KONUNA

Í tilefni konudagsins bjóðum við **20% afslátt** af öllum ilmum fyrir konur dagana **22.-24. febrúar.**

**www.lyfja.is**

ÍSLENSKA/SIA.IS/LYF 63199 02/13

# Apótekið þitt

í gamla Héðinshúsinu við Seljaveg 2.






*Reykjavíkur Apótek er sjálfstætt starfandi apótek sem leggur áherslu á persónulega þjónustu og hagstætt verð. Apótekið er í gamla Héðinshúsinu við Seljaveg 2.*

**Frí heimsendingarþjónusta til eldri borgara og öryrkja.**

**AFGREIÐSLUTÍMI**
9–18:30 virka daga
10–16:00 laugardaga

**Reykjavíkur Apótek**

Seljavegur 2 I Sími: 511-3340 I Fax: 511-3341 I www.reyap.is I reyap@reyap.is

# HELGARMATURINN

*Andrea Rós Kristjánsdóttir.*

*Kjötbollur með hvítlauk og basilíku fyrir fjóra.*

http://www.13kg2013.blogspot.com/

700 g nautahakk
250 g blandaðar hnetur/möndlur (ég notaði 100 g möndlur, 100 g heslihnetur og 50 g kasjúhnetur)
3-4 hvítlauksgeirar
½ búnt fersk basilíka
½ tsk. paprikuduft
Smátt niðurskorinn jalapeño-pipar (eftir smekk, má sleppa)
1 lúka rifinn ostur
Svartur pipar eftir smekk
Sjávarsalt eftir smekk
2 egg
2-3 msk. kókosolía eða jómfrúarolía

1. Hnetur og möndlur hakkaðar vel í matvinnsluvél/með töfrasprota
2. Hvítlaukur og basilíka maukað sér í matvinnsluvél/með töfrasprota
3. Öllu blandað saman í skál.
-hakk
-möndlur/hnetur
-hvítlaukur + basilíka
-egg
-krydd
-ostur
-jalapeño-pipar
4. Ef þið eigið góða hrærivél þá er hægt að skella þessu í hana og blanda þessu þannig mjög vel saman en ég klessi þetta allt saman með hreinum puttum!
5. Svo er bara að rúlla þessu í bollur sem eru svona u.þ.b. eins og golfkúlur.
5. Bollunum skellt á pönnuna og þær steiktar létt á báðum hliðum eða þangað til að þær eru orðnar gylltar og stökkar. Hér þarf ekki að elda þær alveg í gegn vegna þess að við tökum bollurnar og setjum þær á bökunarplötu og inn í ofn á 200°C í 10 mín.
6. Berið fram með soðnu heilhveiti-spagettíi og pastasósu.





## ...spjörunum úr

**Sóley Kristjánsdóttir**

**ALDUR?** 32 ÁRA.
**STARF?** VÖRUMERKJASTJÓRI HJÁ ÖLGERÐINNI. SÉ UM STERKA VÍNIÐ OG RED BULL.

**Hvern faðmaðir þú síðast?** Ég er mikill knúsari og bæði fær fjölskyldan mín að finna fyrir því óspart og fólk sem ég mæti úti á götu.

**En kysstir?** Ég kyssi líka almennt fólk fremur mikið en maðurinn minn og dætur eru þau sem ég kyssi alla daga.

**Hver kom þér síðast á óvart og hvernig?** Vinkonur mínar þegar þær fengu mig í myndatöku fyrir Lakkalakk í síðustu viku. Ég er sérlegur fulltrúi eldri kynslóðarinnar.

**Hvaða galla í eigin fari ertu búin að umbera allt of lengi?** Ég geri allt of marga hluti í einu. Ég er að reyna að hemja þennan athyglisbrest.

**Dansarðu þegar enginn sér til?** Já, heldur betur. Dans finnst mér eins og að fá mér Red Bull, maður fyllist af orku.

**Hvenær gerðir þú síðasta prakkarastrikið?** Ekki skilja tölvuna eftir opna í vinnunni, þá er sendur fjöldapóstur.

**Hringirðu stundum í vælubílinn?** Nei, ég er ekki með númerið.

**Tekurðu strætó?** Nei, það má bæta úr því. Ég tek oft leigubíl þó að það sé kannski ekki rétta svarið.

**Lumarðu á einhverju sem fáir vinir þínir vita um þig?** Mér finnst gaman að læra ljóð eftir gömlu meistarana utanbókar. Ég flyt þau samt ekki mjög oft.

**Hvað ætlarðu alls ekki að gera um helgina?** Góð spurning. Alls ekki að láta helgina líða án þess að gera súperfínt heima.




Leeengri námskeið -betra verð!

Stelpur Konur Staðurinn - Ræktin

Ný námskeið að hefjast
Hringdu núna til að tryggja þér pláss!

TT-Akranes morgun- og síðdegistímar

TT námskeið
Rétta leiðin til að breyta um lífsstíl, komast í kjörþyngd og gott form.
**8 eða 16 vikna námskeið – 3x í viku – morgun-, dag og kvöldtímar.**

TT3 stelpur 16-25 ára
TT3 fyrir 16-25 ára. 70 mín 2x í viku, salur + tæki. Vigtun - mæling - matarræði.
Frjáls mæting í opna kerfið og tækjasal. **8 eða 16 vikna námskeið. 10 flokkar í boði.**
**Sjáðu frábæran TT árangur á jsb.is!**

BM MÓTUN
Æfingakerfi Báru Magnúsdóttur - aðaláherslan lögð á styrk, liðleika og góðan líkamsburð. Aðeins 15 í hóp.
**8 eða 16 vikna námskeið 2x í viku – morgun- og síðdegistímar. Nokkur pláss laus. Nýr tími kl 9:15.**

S&S stutt og strangt
Markvissar æfingar í tækjasal með persónulegri leiðsögn og aðhaldi. Hámark 6 í hóp.Tilvalin leið til að koma sér í gang! **2 vikna námskeið – 5x í viku eða 3x í viku í 4 vikur. Skráning alltaf í gangi.**

Rope Yoga Workout
Heildrænt hug- og heilsuræktarkerfi. Frábær leið til líkamlegrar og andlegrar uppbyggingar.
**8 eða 16 vikur – 2x í viku – morgun-, hádegis- og síðdegistímar. Nýr tími kl 6:15.**

HOT YOGA
Farið í gegnum röð af yogastöðum í heitum sal. Teygjanleiki vöðvanna aukinn, mikill sviti og vellíðan.
**8 vikna námskeið – 2x í viku kl 18:30.**

STOTT PILATES
Krefjandi æfingakerfi sem miðar að betri líkamsstöðu m.a. með því að styrkja djúpvöðva í kvið og baki og lengja vöðva.
**8 eða 16 vikur – 2x í viku – síðdegistímar. Fullbókað. Örfá pláss laus kl 16:05, nýr tími.**

60 PLÚS
Líkamsrækt á rólegri nótunum fyrir konur 60 ára og eldri.
**8 eða 16 vikna námskeið - 2x í viku kl 9:30. Nokkur pláss laus.**

**Við tökum þetta á jákvæðninni!**
**Fjölbreyttir tímar í opna kerfinu. Hvað má bjóða þér marga mánuði?**

Opna kerfið
Opnir tímar með fjölbreytilegri líkamsrækt frá morgni til kvölds 6 daga vikunnar. Þrek, þol, liðleiki, pallar, kraft yoga, tabata, zumba... eitthvað fyrir alla!

FOKUS 1-2-3
Frábær viðbót fyrir korthafa í opna kerfinu:
Áherslumiðaður árangur - **35 mínútna hádegistímar.**

**Velkomin í okkar hóp!**

LÍKAMSRÆKT JSB leggur línurnar

Lágmúla 9 • 108 Reykjavík • Sími 581 3730 • Bréfasími 581 3732 • jsb@jsb.is • www.jsb.is

EFLIR almannatengsl / HNOTSKÓGUR grafísk hönnun

# Ný aðferðafræði í innheimtu krafna

Inkasso hefur vakið mikla athygli fyrir nýstárlega aðferðafræði í innheimtu krafna en sú leið hefur hagsmuni allra málsaðila að leiðarljósi.

Inkasso sérhæfir sig í ráðgjöf og innheimtu með fyrirtækjum landsins. Félagið hefur vakið mikla athygli frá stofnun 2010 fyrir nýstárlega aðferðafræði í innheimtu krafna sem gengur út á að ná ásættanlegri niðurstöðu fyrir alla málsaðila.

„Við viljum ekki að viðskiptavinir kröfuhafa hætti hjá þeim þótt þeir fái sent bréf frá innheimtufyrirtæki. Þvert á móti viljum við vinna með kröfuhöfum og greiðendum. Markmiðið er að bæði kröfuhafi og greiðandi séu sáttir. Til að ná því verða auðvitað allir málsaðilar að vera sveigjanlegir og nálgast málin með opnum huga. Umfram annað þurfa svo kröfuhafar og greiðendur að vera sáttir við okkar þjónustu.“

Þannig lýsir Guðlaugur Magnússon, framkvæmdastjóri Inkasso, stefnu félagsins en hann segir árangurinn síðustu sautján mánuði vera slíkan að í kringum 400 fyrirtæki nýti sér nú þjónustu þess. Aukna eftirspurn þakkar hann enn fremur fullkomnu kerfi sem öflugt forritunarteymi Inkasso hefur þróað í samstarfi við bankana og gerir kröfuhöfum kleift að hafa fullkomna stjórn á málum sínum og yfirsýn. „Þeir geta strax sjálfir framkvæmt í kerfinu þær breytingar sem þeim hentar, fellt niður kröfur, gert greiðsluplan eða hvað svo sem hentar hverju sinni jafnvel þótt viðskiptavinurinn bíði í símanum.“

Eins og áður sagði leggur Inkasso áherslu á gott samstarf allra málsaðila. Til marks um það heldur félagið kostnaði ávallt í lágmarki fyrir greiðendur. „Það er eins og þekkt er að það er ólíðandi að fá bréf með til að mynda 1.000 króna höfuðstól og bréfið er með 1.190 kr kostnaði. Sú aðferð er ósanngjörn fyrir okkur sem þurfum að vinna saman; kröfuhafa, greiðendur og okkur hjá Inkasso. Enginn kröfuhafi vill vinna gegn sínum greiðendum og hætta á að glata viðskiptavinum vegna innheimtufyrirtækisins,“ segir hann.

Guðlaugur bendir á að Inkasso semji því við kröfuhafa um kostnað sem fellur á greiðanda. „Þjónusta okkar er kröfuhöfum að kostnaðarlausu,“ segir hann. „Við erum sem sagt ekki með nein gjöld, svo sem árgjöld, þjónustugjöld, skráningargjöld, og hvorki árangurstengda þóknun né niðurfellingarkostnað. Sá kröfuhafi sem kemur í þjónustu til okkar fær aldrei reikninga því þjónustan er gjaldfrjáls. Þá bjóðum við kröfuhöfum einnig þá þjónustu að senda reikningana fyrir þá,“ Í því samhengi nefnir hann að Inkasso bjóði kröfuhöfum að prenta út reikninga og greiðsluseðla þeirra, en þá þjónustu nýta mörg fyrirtæki sér.

Nánari upplýsingar á heimasíðu Inkasso, slóðin er www.inkasso.is eða í síma 520-4040.



Góður árangur hefur hlotist af starfi Inkasso. Til marks um það nýta sér nú í kringum 400 fyrirtæki þjónustu félagsins, bendir Guðlaugur á. MYND/VILHELM

**Inkasso- strax** er ný þjónusta hjá Inkasso sem snýst um reikningagerð fyrir lítil fyrirtæki og einyrkja. Þjónustan var sett á fót vegna vaxandi eftirspurnar frá iðnaðarmönnum, leigubílstjórum, tannlæknum og öllum þeim sem ekki hafa aðgang að bókhaldskerfi eða voru í leit að auðveldri leið til að senda út reikninga. Nánar á Inkasso-strax.is.





Takk fyrir að velja Inkasso

Við sjáum um: fruminnheimtu, milliinnheimtu og löginnheimtu.

Yfir 700 fyrirtæki **velja Inkasso** – við þökkum þeim traustið.

**Kynntu þér málið núna á Inkasso.is eða hringdu í síma 520-4040 og fáðu nánari upplýsingar.**

INKASSO

*Inkasso tekur enga þóknun af höfuðstól innheimtra krafna.*

INKASSO ehf. | Smáratorgi 3 | 201 Kópavogi | Sími 520-4040 | Fax 520-4041 | inkasso@inkasso.is | www.inkasso.is

PIPAR\TBWA • SÍA • 120751



### GJALDDAGI OG EINDAGI

**Á heimasíðu** fjármálaráðuneytisins má lesa eftirfarandi texta sem útskýrir hverjir innheimtumenn ríkisjóðs eru. Þar er sagt að „sýslumenn geti sem tollstjórar farið með innheimtu skatta til ríkissjóðs. Þegar sýslumenn og Tollstjóri sinna þessum störfum nefnast þeir innheimtumenn ríkissjóðs“.

Þessir aðilar sjá svo um að innheimta skatta og gjöld. Þeim er það þó ekki heimilt fyrr en skuldin er komin yfir gjalddaga. Í lögum er þó líka gert ráð fyrir eindaga, auk gjalddaga.

Eindagi kemur á eftir gjalddaga og er í raun síðasti dagur sem skuldari getur greitt skuld sína án þess að á hana leggist gjöld eins og dráttarvextir og fleira. Eftir eindaga senda innheimtumenn gjaldendum tilkynningu um vanskil og greiðsluáskorun er birt í fjölmiðlum á ákveðnum dögum. 15 dögum eftir að áskorunin hefur birst getur innheimtumaður krafist fjárnáms hjá viðkomandi vegna vangoldinna gjalda.

### VARIST VINSLIT VEGNA PENINGALÁNA

**Þegar vini** eru lánaðir peningar geta ýmis persónuleg vandamál komið upp. Það getur verið erfitt að reka á eftir góðum vini með endurgreiðslu og eins gæti vininum reynst erfitt að biðja um greiðslufrest, þurfi hann þess.

**Skynsamlegt er** að ákveða strax að lánið muni engin áhrif hafa á vináttuna og búa til greiðsluáætlun sem báðir aðilar samþykkja að fara eftir. Halda svo samskiptunum áfram opnum og eðlilegum svo ekki komi til vinslita vegna lánsins. Ef greiðslur skila sér ekki:

**1. Biddu** vin þinn að borga. Vitnaðu í samkomulagið sem gert var um greiðsluáætlunina og semdu um frest sem báðir eru sáttir við.

**2. Biddu** vin þinn bréfleiðis að borga og taktu afrit af bréfinu með dagsetningu.

**3. Bíddu** í viku og hringdu svo í vininn. Segðu honum að þú munir leita til innheimtuþjónustu ef hann neitar að borga. Gefðu einhvern frest fram að því.

**4. Leitaðu** aðstoðar innheimtuþjónustu.

**Sjá nánari** leiðbeiningar á:
www.ehow.com



## SEKTIN HÆKKAR FLJÓTT

Það er dýrt að fá sekt á bílinn en það er enn dýrara að greiða hana ekki tímanlega. Stöðumælasekt er 2.500 krónur. Ef greitt er strax lækkar hún niður í 1.400 krónur svo það er engin spurning að nýta sér það. Sé sektin ekki greidd innan fjórtán daga hækkar hún úr 2.500 í 3.750 krónur og eftir mánuð er hún komin í 5.000 krónur.

Best er því að greiða í stöðumælinn og sleppa við sektina. Flestir mælar taka við greiðslukortum. Einnig er hægt að nýta sér þjónustu leggja.is og greiða í stöðumælinn í gegnum símann. Þá er P-merki sett í glugga bílsins og einungis er greitt fyrir þann tíma sem stæðið er notað.





## Húsaviðhald



Parketslípun, parketlagnir, frá aðeins 2.900 krfm. 20 ára reynsla og þjónusta. www.parketsliparinn.is S: 772 8100.

K.R.S. ELDON MÚRVERKTAKAR. Múrviðgerðir og flísalagnir. Vönduð vinna Tilb./tímav. S. 899-4254.

## Tölvur

**APLÚS TÖLVUÞJÓNUSTA**
Sanngjarnt verð. Sæki og sendi heim. S. 822 7668 www.aplus.is

## Rafvirkjun

**RAFLAGNIR OG DYRASÍMAKERFI S. 896 6025**
Tilboð dyrasímakerfi, töfluskipti. Löggildur rafverktaki. Rafneisti@gmail.com

**RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.**
Bjóðum hagstætt verð í töfluskipti. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

# KEYPT & SELT

## Til sölu









**NÝJAR VÖRUR**
Hermannabuxur 7.990,- Skyrta 6.990,- Veski 4.990,- Kjóll 8.990,- Jakki 9.990,- Súper verð. Súpersól Hólmaseli 2 587-0077 / 567-2077 Erum á facebook

**ÓDÝR HEIMILSTÆKI**
Þvottavélar, þurrkarar, ísskápar og fl. Ábyrgð fylgir. S. 845 5976.

## Óskast keypt

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.
**Jón og Óskar - jonogoskar.is**
**s. 552-4910.**

**KAUPI GULL !**
Ég, Magnús Steinþórsson gullsmíðameistari, kaupi gull, gull peninga og gull skartgripi. Kaupi allt gull, nýlegt, gamalt og illa farið. Leitið til fagmanns og fáið góð ráð.
**Uppl. á demantar.is í s. 699 8000 eða í Pósthússtræti 13 ( við Austurvöll ), Verið velkomin**

**STAÐGREIÐUM GULL, DEMANTA OG ÚR.**
Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu! www.kaupumgull.is
**Opið alla daga 11-18, Kringlan - 3. hæð ( Hagkaupsmegin )**
**Upplýsingar í síma 661 7000.**

**KAUPUM GULL**
og aðra eðalmálma gegn framvísun persónuskilríkja.
**Sigga & Timo Linnetsstíg 2, 220 Hafnarfjörður S. 565 4854 www.siggaogtimo.is**

## Sjónvarp

Sjónvarps/videoviðgerðir. Afsl. til elli/örykja. Sækjum. Litsýn - Síðumúli 35. - S. 552 7095.

## Verslun




# HEILSA

## Heilsuvörur



Árangur næst með Herbalife. Frítt lífstílsmat. Hringdu núna S. 896 4662 Edda Borg

Taktu þér tak! Með HERBALIFE nærðu árangri. Erla Bjartmarz S. 899 4183 www.eco.is Ný netverslun: www.betriheilsa.is/erla

## Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife! Ólöf 861 5356, osa@ismennt.is

## Nudd

**TANTRA NUDD**
Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir pör, konur og karla. 112 Reykjav. S. 698 8301 www.tantra-temple.com

**NUDD OG HEILSA**
HEILSURÁÐGJÖF - NÆRINGARFRÆÐI. Tekið á allkonar kvillum og sjúkdómum. Einkatímar og námskeið. Opið frá 12-18 alla virka daga nema sun. S. 823 8280. www.nuddogheilsa.is

# SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

## Námskeið



**COMENIUS UNIVERSITY IN BRATISLAVA JESSENIUS FACULTY OF MEDICINE Í MARTIN SLÓVAKÍU.**
Inntökupróf í læknisfræði fyrir skólaárið 2013-14 verður haldið í Reykjavík fimmtudaginn 2. Maí n.k..
Ekkert prófgjald.
www.jfmed.uniba.sk
**Þeir sem hafa áhuga á að taka prófið hafið samband í s. 5444333 og 8201071 eða kaldasel@islandia.is**

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

Til leigu 25fm studio íbúð á 8.h. í krummah. 65þ á mán. allt innif. Uppl í s:822-8216 e. kl. 19 föstud

Til leigu 6 herb. íbúð í Giljaseli. Stórt eldhús m. búri, sjónvarpshol, stórt þvottarhús og forstofa. Uppl. s. 777 0750

**GISTIHEIMILI - GUESTHOUSE WWW. LEIGUHERBERGI.IS**
1-2 manna herb. á Funahöfða 17a og 19 og Dalshraun 13 Hfj.
Rooms for 1-2 persons in Funahöfða 17a -19 Rvk and Dalshraun 13 Hfj.
**Uppl/info í S. 824 4535. frá kl. 10-20. www.leiguherbergi.is**

## Atvinnuhúsnæði

Til leigu ca.85fm iðnaðarhúsnæði við Dalveg í Kópav. Uppl. e. kl. 17 s. 893 3475.

**51,6 M2 IÐNAÐARBIL**
Tvö bil af þessari eftirsóttu stærð til sölu eða leigu. 10 m2 milliloft að auki. Lofthæð: 3,9 m. Hurð 3,6 m. Góðir gluggar. Sýningarbil á staðnum. Facebook/Steinhella 14. S: 660-1060 og 661-6800.

## Geymsluhúsnæði

**GEYMSLUR.COM**
Frá kr. 3990 hjá Ikea í Garðabæ og Fiskislóð í Reykjavík. S. 555 3464

**WWW.GEYMSLAEITT.IS**
Sér geymslur frá 3.900. 1-17m2. Aðgangur kl. 8-22 alla daga. Ný sérhönnuð geymsluhús, upphitað og vaktað. S: 564-6500.

**GEYMSLULAUSNIR.IS**
Búslóðageymsla og flutningar. Gott verð, sækjum og sendum. S. 615-5005.

**WWW.BUSLODAGEYMSLA.IS**
Búslóðageymsla Olivers 150 kr. á dag hvert bretti. Starfað í yfir 25 ár. S. 567 4046 & 892 0808.

# ATVINNA

## Atvinna óskast

**VANTAR ÞIG SMIÐI, MÚRARA EÐA JÁRNABINDINGAMENN?**
Höfum á skrá menn sem óska eftir mikilli vinnu.
Geta hafið störf nú þegar.
**Starfsmannaþjónustan S. 661 7000.**

## Viðskiptatækifæri

**HÁRSNYRTISTOFA**
óskar eftir samstarfsaðila um rekstur á hársnyrtistofu. Áhugasamir sendið umsóknir á thjonusta@365.is




## skemmtanir



ÍSLENSKA ÁNÆGJUVOGIN




# FYRSTA SÆTI

Í FLOKKI

# MATVÖRUVERSLANA

# KRÓNAN

## ÞÖKKUM VIÐSKIPTAVINUM TRAUSTIÐ

Íslenska ánægjuvogin er félag, sem Samtök iðnaðarins, Stjórnvísi og Capacent Gallup standa að um þátttöku í Evrópsku ánægjuvoginni. Markmið verkefnisins er að láta fyrirtækjum í té samræmdar mælingar á ánægju viðskiptavina en einnig nokkrum öðrum þáttum, sem hafa áhrif á hana, s.s. ímynd, mat á gæðum, og tryggð viðskiptavina.

SI Samtök iðnaðarins capacent STJÓRNVÍSI

## KROSSGÁTA



**LÁRÉTT**
2. hreinsiefni, 6. umhverfis, 8. gogg, 9. eldsneyti, 11. í röð, 12. tárfelldu, 14. tipl, 16. skst., 17. bar, 18. hjör, 20. persónufornafn, 21. ættarsetur.

**LÓÐRÉTT**
1. veltingur, 3. utan, 4. ávaxtaré, 5. þakbrún, 7. ógnvekjandi draumur, 10. sérstaklega, 13. tæfa, 15. lítið, 16. skordýr, 19. skóli.

**LAUSN**

**LÁRÉTT:** 2. sápu, 6. um, 8. nef, 9. gas, 11. rs, 12. grétu, 14. tríti, 16. fr, 17. krá, 18. löm, 20. ég, 21. óðal.

**LÓÐRÉTT:** 1. rugg, 3. án, 4. perutré, 5. ufs, 7. martröð, 10. sér, 13. tík, 15. lágt, 16. fló, 19. ma.

# Rifist um keisarans skildinga

**BAKPANKAR**
Magnúsar Þorláks Lúðvíkssonar



Þótt deila megi um hvort ráðlegt sé fyrir Íslendinga að skipta um gjaldmiðil ættu flestir að geta tekið undir að viðvarandi háir raunvextir og verðbólga gefa þó ekki nema tilefni til að skoða það sem valkost. Það að afnám gjaldeyrishafta ætlar að reynast hin erfiðasta þraut er önnur ástæða enda höftin nátengd krónunni. Peningamálin eru sá grunnur sem hagstjórn byggir á. Það er því stórt hagsmunamál fyrir bæði heimili og fyrirtæki að stjórnmálamönnum takist vel upp við val á framtíðarfyrirkomulagi peningamála. Þetta er ekki nýtt viðfangsefni en þrátt fyrir áralanga umræðu erum við svo til engu nær um hvernig peningamálunum verður háttað til lengri tíma litið.

**AÐ** hluta til er skiljanlegt hve erfiðlega hefur gengið að útkljá þetta mál. Það er enginn valmöguleiki í boði sem augljóslega ber af hinum. Val á fyrirkomulagi peningamála er enda skólabókardæmi um val milli valkosta sem allir hafa bæði kosti og galla. Hádegisverðurinn er sannarlega ekki ókeypis í gjaldmiðilsmálum. Það er hins vegar óásættanlegt hvernig dregist hefur að setja þetta mál í ferli sem miðar að því að útkljá það.

**KOSTIRNIR** sem eru í boði eru mjög skýrir. Við getum haldið í krónuna með þeim kostum og göllum sem allir þekkja þótt vona megi að hagstjórn batni svo fórnarkostnaður hennar lækki. Í öðru lagi getum við gengið í ESB og í kjölfarið tekið upp evru. Loks getum við tekið upp annan gjaldmiðil einhliða. Þeir sem vilja kynna sér kosti og galla valkostanna geta lesið ítarlega skýrslu Seðlabankans um málið.

**ÖLLUM** þessum valkostum fylgir hins vegar óvissa. Í tilviki þess fyrsta leikur verulegur vafi á því hvort raunhæft er að bæta hagstjórnina auk þess sem enn er algjör óvissa um afnám hafta. Í öðru lagi er óvissa um á hvaða forsendum við getum gengið í ESB. Sú óvissa hverfur ekki fyrr en aðildarviðræður hafa verið kláraðar sem verulegur vafi virðist á. Í þriðja lagi er ljóst að einhliða upptöku fylgja verulegir ókostir nema gerður verði tvíhliða samningur við útgefanda viðkomandi gjaldmiðils. Hvort eitthvert þeirra ríkja sem við gætum viljað semja við er til í slíkan samning og á hvaða forsendum er líka óvíst.

**VANDINN** er sá að mjög takmarkaður vilji virðist vera til þess að skýra hvað felst í öllum þessum valkostum. Þá er umræðan um kosti og galla þeirra í aukahlutverki við hliðina á ýmiss konar bulli. Ég læt nægja að nefna umræðuna um meint niðurrif krónunnar. Það hljóta að vera almannahagsmunir að allir þessir valkostir verði skýrðir eins og frekast er unnt. Er það virkilega til of mikils mælst?


# Helgarblað Fréttablaðsins



FITON / SÍA



## Engin dúlla

Sigríður Thorlacius söngkona segist alls ekki vera nein dúlla. Sá siður að flokka söngkonur ýmist sem kyntákn eða góðar stelpur fer óskaplega í taugarnar á henni.

## Meðal efnis um helgina



### Páfinn kveður

Hvað gerist þegar nýr páfi verður kjörinn?



### Metnaður fyrir íslenskri hönnun

Sjö heitir hönnuðir á Reykjavík Fashion Festival.

Helgarblað Fréttablaðsins, ómissandi hluti af góðri helgi FRÉTTABLAÐIÐ


## MYNDASÖGUR

**PONDUS** Eftir Frode Øverli




**GELGJAN** Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**HANDAN VIÐ HORNIÐ** Eftir Tony Lopes




**BARNALÁN** Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



# Góð tónlist og slæm tíska

**Brit Awards-tónlistarhátíðin fór fram í 33. sinn í London á fimmtudag. Breskt tónlistarfólk fagnaði tónlistarárinu saman en mætti þó misvel klætt á rauða dregilinn við O2-höllina.**

Bresku tónlistarverðlaunin voru veitt í 33. sinn í O2-höllinni í London á fimmtudag. Grínistinn James Corden var kynnir kvöldsins og á meðal þeirra hljómlistarmanna er komu fram voru Muse, Justin Timberlake og One Direction.

Ben Howards og Emeli Sandé voru sigurvegarar kvöldsins og fékk hvort um sig tvenn verðlaun. Mumford & Sons þótti besta breska hljómsveitin, Adele átti besta lag ársins, Frank Ocean þótti besti alþjóðlegi söngvarinn, Lana Del Rey besta alþjóðlega söngkonan og The Black Keys besta alþjóðlega hljómsveitin.

Tónlistin var þó ekki ein í sviðsljósinu í gær því mikið var spáð í fatnað tónlistarfólksins, sem þótti óvenju smekklaust í ár.



**SKRAUTLEGAR** Stúlkurnar í Little Mix voru vægast sagt skrautlega til fara.



**ÓLÍKAR** Karis Anderson, Courtney Rumbold og Alex Buggs skipa sveitina Stooshe.



**LITRÍK LEIKKONA** Leikkonan Jamie Winstone klæddist kjól sem líktist glymskratta.



**SATÍN FRÁ TOPPI TIL TÁAR** Söngvarinn vinsæli Ed Sheeran mætti í satínjakkafötum.



**GLITRAÐI** Paloma Faith mætti í kjól alsettum glitrandi steinum.



**FJÓLUBLÁR** Robbie Williams hafði nokkrum sinnum fataskipti en mætti í þessum fjólubláu jakkafötum á rauða dregilinn.



**SPILAR Á ÍSAFIRÐI** Jónas Sigurðsson spilar á Aldrei fór ég suður um páskana. FRÉTTABLAÐIÐ/HAG

## Spila á Aldrei fór ég suður

Jónas Sigurðsson, Borko, Futuregrapher, Duro, Langi Seli og Skuggarnir, Oyama, Prinspóló og Ylfa hafa verið staðfest á rokkhátíðina Aldrei fór ég suður. Þetta er þriðjungur þeirra listamanna sem spila á hátíðinni og verður tilkynnt um hina síðar.

Hátíðin verður haldin í tíunda sinn á Ísafirði um páskana. Eins og síðustu ár fer hún fram í stórri skemmu við Grænagarð. Sem fyrr er aðgangur að hátíðinni ókeypis. Styrktaraðilar eru Flugfélag Íslands, Landsbankinn, Orkusalan og N1 ásamt Menningarráði Vestfjarða.






MUNIÐ KONUDAGINN
Á SUNNUDAG!

TILBOÐ
30%
afsláttur á kassa

HAGKAUP
VEISLULÆRI
MEÐ FERSKUM
KRYDDJURTUM
1819KR/KG
VERÐ ÁÐUR 2598

HAGKAUP
MERKIÐ
TRYGGIR
GÆÐIN

## TILBÚIÐ Í OFNINN EÐA Á PÖNNUNA



TILBOÐ
25%
afsláttur á kassa

ÍTÖLSK HELGARSTEIK
2249KR/KG
VERÐ ÁÐUR 2999



TILBOÐ
30%
afsláttur á kassa

KALKÚNASNEIÐAR MEÐ LEMONGRASI
1539KR/KG
VERÐ ÁÐUR 2199



TILBOÐ
30%
afsláttur á kassa

KALKÚNALUNDIR SESAM OG TERIAKI
2239KR/KG
VERÐ ÁÐUR 3199

## NÝ SENDING FRÁ FRAKKLANDI




MON SIRE
MUNSTER

MON SIRE
SAPIN, MUNSTER,
CAMEMBERT OG
GEITAOSTUR




HATTING
PÍTUBRAUÐ
299KR/STK
VERÐ ÁÐUR 339

HATTING
HVÍTLAUKSBRAUÐ
399KR/STK
VERÐ ÁÐUR 489




TILBOÐ
20%
afsláttur á kassa

MCCAIN FRANSKAR
SUPER SPIRALS OG SMILES



FLORÍDANA
ANDOXUN
399KR/STK
VERÐ ÁÐUR 429




QNT PRO
SHAKE
399KR/STK




FROOSH
ÞINN DAGLEGI
SKAMMTUR AF
ÁVÖSTUM Í EINNI
FLÖSKU

Gildir til 24. febrúar á meðan birgðir endast.

24 Hagkaup
OPIÐ
allan sólarhringinn
Garðabær, Skeifan
& Eiðistorg




# ÍSLANDSNAUT - 100% ÍSLENSKT NAUTAKJÖT
















# ÚRVAL AF KÖKUM FYRIR ELSKUNA




The Cheesecake Factory

EKTA AMERÍSKAR OSTAKÖKUR

KONUDAGSKAKA
1299KR/STK
VERÐ ÁÐUR 1599



KARAMELLUKAKA
499KR/STK
VERÐ ÁÐUR 799



HAGKAUP
Ein ferð betra verð

# Það er alltaf einhver breyting

Sirra Sigrún Sigurðardóttir vinnur með afstæði hlutanna í sýningunni Brot í Hafnarborg.

„Í þessum verkum er ég meðal annars að velta fyrir mér afstæði hluta, tíma og rúmi,“ segir Sirra Sigrún Sigurðardóttir en sýning hennar Brot verður opnuð í Hafnarborg á morgun. „Ég vann verkin inn í rýmið hér, Sverrissal í Hafnarborg, og eitt verkið er til dæmis teiknað beint á vegginn,“ segir Sirra sem sýnir bæði veggmyndir, ljósmyndir og skúlptúra á sýningunni. „Ég er að vinna með breytileika, það hvernig hlutirnir þróast, og langar meðal annars að sýna að þó að hlutir virðist standa í stað er alltaf einhver breyting í gangi. Ég sýni til dæmis hreyfiskúlptúr sem fangar ljósið úr umhverfinu, þannig að hann breytist eftir því hvar maður staðsetur sig,“ segir Sirra Sigrún og bendir á að skúlptúrinn minni á skífurit skoðanakannana, en í þessu tilviki geta áhorfendur valið sér sjónarhorn og þar með niðurstöðu. „Sirra Sigrún vinnur í sýningunni með líkamlega og sjónræna skynjun áhorfandans um leið og hún veltir fyrir sér spurningum um stöðu listarinnar í samfélaginu, samband blekkingar og raunveruleika og upplifun okkar af heiminum. Hún sækir efnivið sinn meðal annars í tölulegar upplýsingar, vísindakenningar og rannsóknir,“ eins og segir í fréttatilkynningu.

Sirra segir sýninguna snúast að hluta til um þekkingarleit. „Ég er að kinka kolli til þeirra sem hafa farið á undan í þekkingarleit og upplýsingaöflun. Verkin hafa ýmsar stærðfræðitengingar en ég vinn líka með skynjun áhorfendanna.“

Sýning Sirru Sigrúnar verður í Sverrissal Hafnarborgar og stendur til 17. mars.

- sbt



**SIRRA** Kinkar kolli til þeirra sem farið hafa á undan í þekkingarleit og upplýsingaöflun. **FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI**

## Í framhaldsnámi í New York

Sirra Sigrún Sigurðardóttir (f. 1977) lauk námi við Listaháskóla Íslands árið 2001. Hún hefur tekið þátt í fjölda sýninga bæði hér heima og erlendis, meðal annars í Listasafni Reykjavíkur og Tate Modern í London. Sirra Sigrún er einn stofnenda og eigenda sýningarstaðarins Kling&Bang í Reykjavík. Þar hefur hún skipulagt fjölda sýninga og listviðburða með þátttöku innlendra og erlendra listamanna. Jafnframt því að vera í hópi áhrifamikilla listamanna hér á landi og taka þátt í fjölda sýninga stundaði hún nám í listfræði við Háskóla Íslands 2003-2004. Sirra Sigrún leggur nú stund á framhaldsnám við School of Visual Arts í New York og hlaut nýlega styrk úr sjóði Guðmundu Andrésdóttur, en sjóðurinn styrkir unga og efnilega myndlistarmenn til náms. Í desember síðastliðnum var Sirra Sigrún á meðal 24 alþjóðlegra listamanna sem listtímaritið Modern Painters útnefndi sérstaklega sem listamenn sem vert er að fylgjast með á komandi árum.

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**FÖSTUDAGUR 22. FEBRÚAR 2013**

### Listasmiðja

**14.00** Boðið verður upp á listasmiðju í Ásmundarsafni fyrir krakka, 6 ára og eldri. Emma Lindahl og Helena Hansdóttir Aspelund leiða smiðjuna og allir eru velkomnir. Áhugasamir eru hvattir til að mæta tímanlega til að tryggja sér sæti.

### Sýningar

**17.00** Sýning á verkum Kristjáns Eldjárns verður opnuð í Gallerí Fold.

**17.00** Nacho cheese, sýning Hildigunnar Birgisdóttur og Önnu Hrundar Másdóttur opnuð í Kling & Bang gallerí, Hverfisgötu.

### Upplestur

**18.00** Tryggvi Þór Herbertsson les fjórtánda Passíusálminn í Grafarvogskirkju í tilefni föstunnar.

### Tónlist

**12.00** Tríó Sunnu Gunnlaugs, skipað Þorgrími Jónssyni á kontrabassa, Scott McLemore á trommur og Sunnu á píanó, leikur á hádegistónleikum Háteigskirkju. Almennt miðaverð er kr. 1.000.

**21.00** Afmælistónleikar verða haldnir á Ob-La-Dí-Ob-La-Da, Frakkastíg 8, fyrir Júlíus Agnarsson, hljóðmann Stuðmanna til margra ára. Meðal þeirra sem fram koma eru Egill Ólafsson, Valgeir Guðjónsson, Þórður Árnason, Ásgeir Óskarsson, Tómas Tómasson, Andrea Gylfadóttir, Eðvarð Lárusson, Magnús Einarsson, Karl Pétur Smith og fleiri. Aðgangur er ókeypis.

**21.00** Boðið verður upp á alvöru þungarokkstónleika þegar Champions of Death mæta á Ellefuna. Þeim til liðsinnis verður hafnfirska hljómsveitin Guns of Narnia. Aðgangur er ókeypis.

**21.00** Hljómsveitin Hjaltalín heldur tónleika í Iðnó. Snorri Helgason og hljómsveit hitar upp. Miðaverð er kr. 2.000.

**22.00** Dusty Miller heldur tónleika á Café Rosenberg. Aðgangur er kr. 1.000 og enginn posi verður á staðnum.

**22.00** Ljótu hálfvitarnir spila á Græna hattinum, Akureyri. Boðið verður upp á klassískar krásir í bland við efni af væntanlegri plötu. Forsala miða er í Eymundsson á Akureyri og á midi.is.

**22.00** Dj Major Disco & Commander Funk spila í aðalrými Faktorý.

**23.00** Hljómsveitin NOLO mætir á Dillon og spilar nýtt og gamalt efni í bland. Aðgangur er ókeypis.

### Fyrirlestrar

**20.00** Mannfræðifélag Íslands stendur fyrir fyrirlestrinum Gamla (berháttaða) bændasamfélagið: af prjónuðum smokkum, hrafnseistum og öðrum kynlífstengdum munum fyrri alda. Það er Eiríkur Valdimarsson MA í þjóðfræði sem flytur fyrirlesturinn sem fer fram í ReykjavíkurAkademíunni, Hringbraut 121, 4. hæð.

**20.00** Gylfi Aðalsteinsson heldur fyrirlestur um skammtaeðlisfræði og heimsmynd trúarbragða í húsi Lífspekifélagsins að Ingólfsstræti 22.

*Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is*











NÁTTÚRUVÁ Á ÍSLANDI

ELDGOS OG JARÐSKJÁLFTAR

TILVALIN ÚTSKRIFTARGJÖF

Náttúruvá á Íslandi er fræðirit fyrir almenning þar sem helstu sérfræðingar landsins fjalla um eldgos og jarðskjálfta. Bæði er greint frá eðli þessara náttúrufyrirbæra og þeirri vá sem af þeim stafar. Sagt er frá nýjustu rannsóknum í jarðvísindum og jarðskjálftafræði sem tengjast Íslandi. Er bókin þannig einstakt yfirlit yfir þekkingu okkar á þessum þáttum íslenskrar náttúru.

*Bókin er tæpar 800 bls. í stóru broti og í henni eru nærri 1000 ljósmyndir, teikningar og skýringamyndir.*

Náttúruvá á Íslandi er án efa eitt ítarlegasta og efnismesta rit um eldvirkni og jarðskjálfta á Íslandi sem gefið hefur verið út.

HÁSKÓLAÚTGÁFAN

haskolautgafan.hi.is

Barnaheill

Save the Children á Íslandi

Vissir þú að...

börn eiga eiga rétt á nægum svefni

TÖFRATÓNAR Í

TÍBRÁ

SÖNGUR RÓSALINDAR

SALURINN

Sunnudaginn 24. febrúar kl. 17:00

***Rósalind Gísladóttir*** og ***Helga Bryndís Magnúsdóttir*** flytja aríur eftir Verdi, Mascagni og Rossini ásamt lögum úr söngleikjum eftir Kern, Loewe og Gershwin.





www.salurinn.is

# VIÐ VILJUM KYNNAST ÞÉR ENNÞÁ BETUR




**Samkvæmt Ánægjuvoginni 2012 eykst ánægja viðskiptavina Varðar til muna milli ára.**
Starfsfólk Varðar leggur mikinn metnað í ánægju sinna viðskiptavina og er ákaflega stolt af því að auka ánægju á öllum þáttum frá fyrra ári. Markmiðið er engu að síður að verða með ánægðustu viðskiptavini tryggingafélaga. Okkur finnst ekki nóg að hafa frá upphafi verið yfir meðaltali tryggingafélaga á Íslandi í Ánægjuvoginni: Við stefnum hærra. Þess vegna viljum við kynnast þér ennþá betur.

Íslenska ánægjuvogin

Framúrskarandi fyrirtæki 2012

vörður


BLU-RAY™ | DVD
SKYFALL
007
SKYFALL
ER KOMIN Í HAGKAUP
HAGKAUP
Ein ferð betra verð


BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS
GOTT VERÐ Í BÓNUS GOTT VERÐ Í BÓNUS
KJÖT Á GÓ... RÐI Í BÓNUS KJÖT
KJARNAFÆÐI
1398
KR. KG
FERSKT
KRYDDAÐ
HEIÐALAMB
KJARNAFÆÐI
1798
KR. KG
KJARNAFÆÐI FROSNAR
LAMBALÆRISNEIÐAR Í RASPI
BÓNUS ÍS 2 LTR.
SÚKKULAÐI, VANILLU OG JARÐARBERJA
Súkkulaði ís 2
Jarðarberja ís 2
Vanillu ís 2
BÓNUS
359
KR. 2 ltr
Ali
HUNANGS
1798
KR. KG
ALI HUNANGS GRÍSAKÓTILETTUR
HUNANGS-MARINERAÐAR OG LÉTTREYKTAR
Ali
HUNANGS
1798
KR. KG
ALI BBQ GRÍSAKÓTILETTUR
HUNANGS-MARINERAÐAR OG LÉTTREYKTAR
Ali
BAYONNE skinka
1198
KR. KG
ALI BAYONNESKINKA
1.FLOKKUR ÚR GRÍSALÆRI
ENGU BÆTT Í
100% KJÖT
998
KR. KG
FERSKT BLANDAÐ HAKK
NAUTGRIPA-LAMBA OG GRÍSAKJÖT
ENGU BÆTT Í
100% KJÖT
ÍSLANDS GRÍS
798
KR. KG
ÍSLANDSGRÍS FERSKT GRÍSAHAKK
Ali
Saltaðir Grísaskankar
459
KR. KG
ALI SALTAÐIR
GRÍSASKANKAR
ÍSLANDS NAUT
2298
KR. KG
ÍSLANDSNAUT FERSK UNGNAUTA
PIPARSTEIK
198
KR. 4 STK
BÓNUS
MJÚKAR KRINGLUR
GERÐU ÞÍNA EFTIRLÆTIS PIZZU HEIMA HJÁ ÞÉR
Pizzadeig
259
KR. 400 G
298
KR. 400 G
VENJULEGT & SPELTDEIG 400 GRÖMM
BÓNUS FERSKT PIZZADEIG
BÓNUS PIZZASÓSA
198
KR. 430ML
BÓNUS PIZZASÓSA
BÓNUS PIZZABLANDA
198
KR. 200 G
BÓNUS RIFIN PIZZABLANDA
AFGREIÐSLUTÍMI
FÖSTUDAGUR
10:00-19:30
BÓNUS EKKERT BRUÐL
Hér færðu vildarpunkta
VILDARPUNKTA
VISA Vildarklúbbur



BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS
GOTT VERÐ Í BÓNUS GOTT VERÐ Í BÓNUS
APPELSÍNUR FRÁ SPÁNI
FERSKAR OG SAFARÍKAR
195 KR. KG
GRAPE FRÁ TYRKLANDI
BRAKANDI FERSKT
195 KR. KG
SÆTAR KARTÖFLUR FRÁ USA
298 KR. KG
298 KR. 1 KG
DANSKAR GULRÆTUR 1 KG
359 KR. KG
NÝ SENDING KÍNVERSK
姜薑 ENGIFERRÓT
259 KR. KG
FRÁ SPÁNI ICEBERGSALAT
BÓNUS FERSKT SPÍNAT 200 GR
359 KR. 200g
BÓNUS SPÍNAT 200gr
RAUÐAR ÍSLENSKAR
KARTÖFLUR Í LAUSU
149 KR.KG
Mango
598 KR. 1 KG
Strawberry
JORDBÆR
JORDGUBBA
MANSIKKA
459 KR. 1.2 KG
HÉR ERU FROSIN BER OG ÁVEXTIR Í ORKUDRYKKINN SEM ÞÚ GERIR HEIMA
Pineapple
ANANAS
ANANASTA
598 KR. 1 KG
Blåbær
frugt
298 KR. 250gr
FISKUR Á GÓÐU VERÐI Í BÓNUS
norðanfiskur
1259 KR. KG
NORÐANFISKUR SJÓFRYST ÝSUFLÖK
ROÐ OG BEINLAUS
FISKUR Á GÓÐU VERÐI Í BÓNUS
norðanfiskur
995 KR. KG
NORÐANFISKUR ÞORSKBITAR
ROÐ OG BEINLAUSIR
ÓDÝRUSTU
KJÚKLINGA-
BRINGURNAR
Í BÓNUS
1579 KR. 900 GR
EUROSHOPPER
FROSNAR 900 GR
EUROSHOPPER
KYCKLINGFILÉ
BÓNUS EKKERT BRUÐL
Hér færðu veltutengda
VILDARPUNKTA
VISA Vildarklúbbur
AFGREIÐSLUTÍMI
FÖSTUDAGUR
10:00-19:30

## Drogba gæti hafa verið ólöglegur



**FÓTBOLTI** Forráðamenn þýska félagsins Schalke 04 íhuga nú að kæra þátttöku Fílbeinsstrendingsins Didiers Drogba í 1-1 jafntefli Schalke 04 og Galatasaray í fyrri leik liðanna í sextán liða úrslitum Meistaradeildarinnar á miðvikudag.

Didier Drogba gekk til liðs við tyrkneska félagið í lok janúar en hann fékk sig þá óvænt lausan frá kínverska félaginu Shanghai Shenhua. Schalke 04 skrifar um málið inni á Twitter-reikning félagsins í dag. „Það er vafi um hvort Drogba hafi verið kominn með fullgilt keppnisleyfi í Meistaradeildinni og Schalke ætlar að skoða málið betur.“

Didier Drogba átti góðan leik með Galatasaray en Þjóðverjarnir náðu að jafna rétt fyrir hálfleik og eru í fínum málum fyrir seinni leikinn í Þýskalandi. Hinn nýi leikmaðurinn hjá tyrkneska félaginu, Hollendingurinn Wesley Sneijder, fann sig ekki eins vel og var skipt af velli í leikhléi. **- óój**

## Horfir til Hollands

**FÓTBOLTI** Arnór Smárason segist gjarnan vilja komast aftur í hollenska boltann eftir að samningur hans við Esbjerg í Danmörku rennur út í sumar.

Arnór hefur verið hjá Esbjerg í tvö og hálft ár en þangað kom hann frá Heerenveen í Hollandi. Arnór, sem er Skagamaður, fór ungur til Hollands á sínum tíma.

„Stefnan er að komast aftur til Hollands, í stærri deild og í betra lið. Mér líkar vel við hollenska boltann og ég hef metnað til að spila aftur þar,“ sagði Arnór í viðtali við Boltann á X-inu í gær.

## David James skoðar aðstæður hjá ÍBV

**FÓTBOLTI** Fyrrum landsliðsmarkvörður Englands, David James, kemur til Vestmannaeyja í dag og mun æfa með Pepsi-deildarliðinu fram til sunnudags.

Hann er fyrst og fremst að skoða aðstæður og eftir helgina verður sest niður og rætt við hann um framhaldið. ÍBV vantar markvörð, meðal annars, eftir að Abel Dhaira fór frá félaginu.

Hinn 42 ára gamli James hefur spilað 572 leiki í ensku úrvalsdeildinni og 212 í neðri deildunum. Hann lék meðal annars með Liverpool, Man. City og svo Portsmouth þar sem hann lék með þjálfara ÍBV, Hermanni Hreiðarssyni. Þeir urðu enskir bikarmeistarar með Portsmouth árið 2008. **- hbg**



**FÉLAGAR** Hermann faðmar hér James er þeir urðu bikarmeistarar með Portsmouth. NORDICPHOTOS/GETTY

## ÚRSLIT

### DOMINOS-DEILD KARLA

**NJARÐVÍK - KR 88-77**
**Njarðvík:** Nigel Moore 22, Ágúst Orrason 18, Elvar Már Friðriksson 17, Maciej Baginski 12, Ólafur Helgi Jónsson 12, Marcus Van 5/9 fráköst.

**KR:** Brandon Richardson 22, Martin Hermannsson 16, Darshawn McClellan 9, Finnur Atli Magnusson 7, Helgi Már Magnússon 7.

**ÍR - STJARNAN 88-100**
**ÍR:** Eric James Palm 33, Sveinbjörn Claessen 14, Hjalti Friðriksson 13, Þorvaldur Hauksson 9

**Stjarnan:** Brian Mills 18, Jovan Zdravevski 17/15 fráköst, Kjartan Atli Kjartansson 14, Justin Shouse 14/11 stoðsendingar, Marvin Valdimarsson 13.

**GRINDAVÍK - SKALLAGR. 107-65**
**Grindavík:** Samuel Zeglinski 20, Sigurður Þorsteinsson 19, Jóhann Ólafsson 15, Aaron Broussard 12, Ólafur Ólafsson 8.

**Skallagrímur:** Carlos Medlock 23, Hörður Hreiðarsson 15, Trausti Eiríksson 7

**SNÆFELL - FJÖLNIR 108-77**
**Snæfell:** Ryan Amaroso 25/17 fráköst, Jay Threatt 21/14 stoðsendingar, Pálmi Sigurgeirsson 17, Jón Ólafur Jónsson 13, Sveinn Arnar Davíðsson 11.
Fjölnir: Christopher Smith 30, Björgvin Ríkharðsson 10, Róbert Sigurðsson 8, Gunnar Ólafsson 6.

### N1-DEILD KARLA

**HAUKAR - AKUREYRI 24-20**
**Haukar - Mörk (skot):** Gylfi Gylfason 6 (9), Sigurbergur Sveinsson 6/3 (11/3), Árni Steinþórsson 4.

**Varin skot:** Aron Rafn Eðvarðsson 21 (41/1, 51%),

**Akureyri - Mörk (skot):** Bergvin Þór Gíslason 7/1 (13/1), Geir Guðmundsson 4 (12).

**Varin skot:** Jovan Kukobat 7 (29/2, 24%),

**FH - ÍR 29-24**
**FH - Mörk (skot):** Ragnar Jóhannsson 7 (9), Þorkell Magnússon 5 (7), Logi Geirsson 5/2 (11/2),

**Varin skot:** Daníel Andrésson 20/2 (44/5, 45%),

**ÍR - Mörk (skot):** Björgvin Hólmgeirsson 11 (21), Sturla Ásgeirsson 4/2 (8/4),.

**Varin skot:** Kristófer Fannar Guðmundsson 16/1

**FRAM - AFTURELDING 31-12**
**Fram - Mörk (skot):** Róbert Aron Hostert 8 (10), Jóhann Gunnar Einarsson 6/3 (8/3)

**Varin skot:** Magnús Erlendsson 15/1 (23/2, 65%),

**Afturelding - Mörk (skot):** Birkir Benediktsson 4 (11), Árni Bragi Eyjólfsson 2 (3).

**Varin skot:** Davíð Svansson 7 (24/2, 29%)

**VALUR - HK 26-26**
**Valur - Mörk (skot):** Nikola Dokic 6 (9), Sveinn Aron Sveinsson 6/6 (9/6), Valdimar Þórsson 5 (8), Varin skot: Lárus Helgi Ólafsson 10 (26/2, 38%),

**HK - Mörk (skot):** Bjarki Már Elísson 7/3 (11/3), Tandri Már Konráðsson 6 (12)

**Varin skot:** Björn Ingi Friðþjófsson 18 (42/4, 43%),

# Draumaleikmaður og töffari

Pétur Már Sigurðsson, þjálfari KFÍ í Dominos-deild karla í körfubolta, vann í kanahappadrættinu í nóvember þegar hann samdi við Damier Pitts. Damier er búinn að brjóta 30 stiga múrinn í níu leikjum KFÍ í röð.

**KÖRFUBOLTI** Þegar menn líta yfir tölfræðina hjá KFÍ-manninum Damier Pitts velta örugglega margir fyrir sér hvernig Ísfirðingum tókst að krækja í þennan frábæra körfuboltamann.

Damier Pitts er 23 ára gamall og á sínu fyrsta ári í atvinnumennsku eftir að hafa spilað með Marshall-háskólanum í bandaríska háskólaboltanum fjögur ár þar á undan.

Pitts er nú stigahæstur í deildinni og í 3. sæti í stoðsendingum. Hann er allt í öllu í leik KFÍ-liðsins og það er margt í gangi inni á vellinum sem fer ekki í gegnum hann.

KFÍ tapaði fyrstu fimm leikjunum með hann innanborðs en hefur nú unnið þrjá af síðustu fimm leikjum sínum og annað tapanna kom á dramatískan hátt í framlengingu.

„Hann minnir svolítið á mig þegar ég var að spila,“ sagði Pétur Már Sigurðsson í léttum tón þegar undirritaður spurði hann út í Damier Pitts, bandarískan leikstjórnanda liðsins sem hefur farið á kostum með KFÍ síðan að hann kom til Ísafjarðar í nóvember.

### Draumaleikmaður í þessa stöðu

Pétur Már getur samt ekki frekar en aðrir á Ísafirði leynt aðdáun sinni á þessum frábæra leikmanni sem hefur skorað yfir 30 stig í níu leikjum í röð.

„Hann er rosalega góður. Það er góð ára í kringum hann og hann er mikill leiðtogi innan sem utan vallar. Þetta er klárlega algjör draumaleikmaður í þessa stöðu,“ segir Pétur Már.

Pitts hefur góða afsökun fyrir því að skora ekki 30 stig í fyrsta leiknum. „Hann skoraði reyndar bara 17 stig í fyrsta leiknum sínum en þá lenti hann bara um morguninn,“ sagði Pétur en síðan þá hefur kappinn skorað minnst 30 stig í leik og þá gaf hann líka 11 stoðsendingar í sigurleik á móti Skallagrími. En hvernig verða menn svona heppnir í kanahappadrættinu?

„Ég er með góð sambönd. Hann spennti bogann mjög hátt og það gekk ekki upp. Við létum erlenda leikmanninn okkar fara í byrjun nóvember og þá var hann á lausu. Ég var þá að skoða nokkra leikmenn en leyst mjög vel á hann því hann var einmitt týpan sem ég var að leita að,“ sagði Pétur Már sem er samt alveg tilbúinn að taka ábyrgð á slæmri byrjun í vetur.

### Gerði fyrst mistök

„Ég sem þjálfari gerði mistök í útlendingavali og þurfti að súpa seyðið af því. Þá komst þetta seint og illa af stað en það virðist vera mikill stígandi í liðinu og menn eru jákvæðir yfir öllu sem er að gerast núna. Við erum mjög grimmir að komast í úrslitakeppnina og það er það eina sem kemst núna að hjá okkur,“ segir Pétur og Pitts á mikinn þátt í því.

„Ég veit ekki hvort það komi honum á óvart að hann small inn í leikkerfið hjá mér. Við erum að hlaupa eitthvað sem hentar honum vel og ég leyfi honum að hafa ákveðið frjálsræði. Hann finnur líka leikmennina í kringum sig og stjórnar leiknum vel. Við erum í góðu sambandi og þetta er eðaldrengur,“ segir Pétur Már sem sparar ekki hrósið á sinn mann.

„Hann er algjör töffari og það skín af honum sjálfstraustið. Það hefur áhrif enda er hann mikill sigurvegari. Á æfingum verður mönnum oft heitt í hamsi því menn eru grimmir í að vinna leiki á æfingum. Það hefur komið með hans tilvist í liðinu,“ segir Pétur Már.

### Eiginlega alltaf brosandi

„Hann er ótrúlega jákvæður og alltaf tilbúinn að koma að dæma eða hjálpa til. Hann er orkubolti sem er eiginlega alltaf brosandi. Þetta er alveg eðalsending,“ segir Pétur Már að lokum. **ooj@frettabladid.is**



**32,9 STIG OG 7,4 STOÐSENDINGAR Í LEIK** Damier Pitts hefur spilaði frábærlega með KFÍ-liðinu í vetur. Hér er hann í leik á móti Snæfelli. MYND/HALLDÓR SVEINBJÖRNSSON

## Bara búinn að sjá sólina tvisvar sinnum

Damier Pitts viðurkennir það að það hafi verið klúður hjá umboðsmanni sínum sem varð til þess að hann endaði á Ísafirði en hann sé samt staðráðinn í að gera það besta úr þessari stöðu.

„Það er mjög gott og afslappað að vera hér á Ísafirði. Ég er frá stórri borg í Bandaríkjunum þannig að það er mjög öðruvísi fyrir mig að búa í svona litlum bæ,“ segir Damier Pitts.

„Mér líður vel á Ísó, það eru allir almennilegir og ég nýt lífsins hérna. Ég er búinn að vera að spila vel og hugsa bara um að gefa allt mitt í hvern einasta leik og gera það sem ég þarf að gera fyrir liðið. Markmið okkar er að komast upp í sjöunda eða áttunda sætið og við ætlum að gera allt sem við getum til þess að komast í úrslitakeppnina,“ segir Damier.

„Myrkrið er svo sem ekkert að angra mig en ég hef líklega bara séð sólina tvisvar sinnum síðan ég kom til Ísafjarðar. Það er skrítið en ég fæ að sjá sólina þegar ég kem til Reykjavíkur. Við keyrum líka í alla leiki og fljúgum aldrei. Þetta eru hátt í sex tíma ferðir og það er mikil breyting fyrir mig.“




## ÚRSLIT

### EVRÓPUDEILD UEFA

**LYON - TOTTENHAM 1-1**
1-0 Maxime Gonalons (17.), 1-1 Mousa Dembele (90.)

**Tottenham vann samanlagt, 2-3. Gylfi Þór Sigurðsson lék síðustu 20 mínútur leiksins fyrir Tottenham.**

**METALIST - NEWCASTLE 0-1**
**0-1 Shola Ameobi, víti (64.)**

**Newcastle vann samanlagt, 1-0.**

**LIVERPOOL - ZENIT 3-1**
0-1 Hulk (18.), 1-1 Luis Suarez (28.), 2-1 Joe Allen (43.), 3-1 Luis Suarez (59.)

**Zenit vann samanlagt, 3-3. Liðið fer áfram á marki á útivelli.**

**CHELSEA - SPARTA PRAG 1-1**
0-1 David Lafata (17.), 1-1 Eden Hazard (90.+1)

**Chelsea vann samanlagt, 2-1.**

**STEAUA BÚKAREST - AJAX**
Leikurinn fór í framlengingu og var ekki lokið er Fréttablaðið fór í prentun. Kolbeinn Sigþórsson var í byrjunarliði Ajax.

**visir.is**
Allt um leiki gærkvöldsins



**FAGNA** Gylfi Þór Sigurðsson og félagar í Tottenham fagna hér marki Dembele sem kom tottenham áfram í sextán liða úrslit Evrópudeildarinnar. NORDICPHOTOS/GETTY



**LÆTUR HÖGGIN DYNJA** Gunnar í bardaganum gegn Santiago. NORDICPHOTOS/GETTY

# Gunnar „klárar“ UFC-feril andstæðinganna

Jorge „The Sandman“ Santiago missti samninginn.

**BARDAGAÍÞRÓTTIR** Bardagakappinn Gunnar Nelson fer með sama áframhaldi að fá á sig það orð að hann hreinlega „klári“ UFC-ferilinn hjá mönnum. Gunnar hefur nú keppt tvo UFC-bardaga, unnið þá báða og báðir mótherjar hans hafa í kjölfarið misst samninga sína hjá UFC.

Lokamöguleikinn hjá hinum 32 ára gamla Brasilíumanni Jorge Santiago var á móti Gunnari um síðustu helgi en íslenski víkingurinn vann hann örugglega á dómaraúrskurði. Þetta var þriðja tilraun Santiagos við UFC og jafnframt sú stysta, þökk sé öflugri frammistöðu Gunnars.

Gunnar hafði áður aðeins þurft þrjár mínútur og 34 sekúndur til að vinna Bandaríkjamanninn DaMarques Johnson í september síðastliðnum. Johnson mætti alltof þungur til leiks (3,6 kílóum of þungur) en það skipti engu máli því Gunnar fór létt með hann. DaMarques missti UFC-samning sinn eftir bardagann.

Áhugamenn um blandaðar bardagaíþróttir eru nú farnir að velta fyrir sér hver næsti mótherji Gunnars verði en það er þó ljóst að þar bíður hans öflugur mótherji. Það verður því örugglega erfiðara fyrir Gunnar að vinna hann, hvað þá að klára UFC-ferilinn hjá honum eins og í síðustu tveimur bardögum sínum. - óój







# DAGSKRÁ

## Stöð 2 kl. 20.10
### Spurningabomban



Spurningabomban snýr aftur í kvöld og það er sem fyrr hinn eini sanni Logi Bergmann sem stýrir skemmtuninni. Í þætti kvöldsins etja kappi tvö stórskemmtileg lið. Annað liðið er mannað gríndrottningunum Helgu Brögu og Guðlaugu Elísabetu en í hinu liðinu eru þeir Benedikt og Fannar, sem hafa vakið mikla athygli í Hraðfréttum.

## Í KVÖLD



### Miss Marple – At Bertram‘s Hotel
**STÖÐ 2 GULL KL. 20.50** Morðgáta eftir Agöthu Christie. Miss Marple skellir sér í frí á Bertram-hótelið. Á meðan hún dvelur þar er ein þjónustustúlkan myrt og þegar morðinginn herjar á hótelgestina lætur okkar kona til sín taka.

TV.COM 8,3 IMDb 6,7



### Klovn: The Movie
**RÚV KL. 22.55** Frank tekur ungan frænda óléttrar kærustu sinnar með þeim Casper í kajakferð til að sanna fyrir kærustunni að hann hafi föðurgenið innra með sér. Kajakferðin verður þó öll hin ævintýralegasta og sóðalegasta og enginn staður fyrir ungan dreng.

Rotten Tomatoes 79% IMDb 7,0



### The Biggest Loser
**SKJÁR 1 KL. 20.30** Sjö keppendur eru nú eftir í baráttunni en vika níu hefst með miklum látum á búgarðinum. Þar fer keppandinn með minnsta hlutfallslega þyngdartapið sjálfkrafa niður fyrir rauðu línuna og verður sendur heim samstundis.

TV.COM 5,2 IMDb 5,2

## RÁS 1 — FM 92,4/93,5

**06.36** Bæn **06.39** Morgunþáttur Rásar 1 **06.40** Veðurfregnir **07.00** Fréttir **07.30** Fréttayfirlit **08.00** Morgunfréttir **08.05** Morgunstund með KK **08.30** Fréttayfirlit **09.00** Fréttir **09.05** Sagnaslóð **09.45** Morgunleikfimi **10.00** Fréttir **10.03** Veðurfregnir **10.13** Óskastundin **11.00** Fréttir **11.03** Samfélagið í nærmynd **12.00** Fréttir **12.02** Hádegisútvarp **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Veðurfregnir **12.50** Dánarfregnir **13.00** Inni **14.00** Fréttir **14.03** Tilraunaglasið **15.00** Fréttir **15.03** Útvarpssagan: Konur **15.25** Kveikjan **16.00** Síðdegisfréttir **16.05** Fimm fjórðu **17.00** Fréttir **17.03** Víðsjá **18.00** Spegillinn **18.50** Veðurfregnir **18.53** Dánarfregnir **19.00** Gullfiskurinn **20.00** Leynifélagið **20.30** Hvað er málið? **21.10** Raddir Afríku **22.00** Fréttir **22.05** Veðurfregnir **22.10** Lestur Passíusálma **22.15** Litla flugan **23.05** Hringsól **00.00** Fréttir **00.05** Næturútvarp Rásar 1

## RÚV

**15.40 Ástareldur** *(Sturm der Liebe)* Endursýndir þættir vikunnar.

**17.20 Babar**

**17.42 Bombubyrgið**

**18.15 Táknmálsfréttir**

**18.25 Framandi og freistandi 3** *(9:9) (e)*

**19.00 Fréttir**

**19.30 Veðurfréttir**

**19.35 Kastljós**

**20.00 Gettu betur** Spurningakeppni framhaldsskólanema. Að þessu sinni eigast við lið Kvennaskólans í Reykjavík og Menntaskólans í Kópavogi. Spyrill er Edda Hermannsdóttir. Dómarar og spurningahöfundar eru Atli Freyr Steinþórsson og Þórhildur Ólafsdóttir. Umsjón og stjórn útsendingar: Elín Sveinsdóttir.

**21.10 Draumadísin** *(She's Out of My League)* Kirk er ósköp venjulegur ungur maður sem hittir draumadísina en hann á ekki séns í hana, eða hvað? Meðal leikenda eru Jay Baruchel, Alice Eve og T.J. Miller. Bandarísk bíómynd frá 2010. Atriði í myndinni eru ekki við hæfi ungra barna.

**22.55 Trúður: Bíómyndin** *(Klovn: The Movie)* **Dönsk gamanmynd.** Meðal leikenda eru Frank Hvam, Casper Christensen, Mia Lyhne og Iben Hjejle. Atriði í myndinni eru ekki við hæfi ungra barna.

**00.30 Einkastríð Erics** *(Looking for Eric)* Fótboltaóði bréfberinn Eric er að missa allt niður um sig en þá ræður spekingurinn Eric Cantona honum heilt. Meðal leikenda eru Steve Evets, Eric Cantona og Stephanie Bishop.

**02.25 Útvarpsfréttir í dagskrárlok**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**12.10 Temple Grandin**

**13.55 Astro boy**

**15.30 When Harry Met Sally**

**17.05 Temple Grandin**

**18.50 Astro boy**

**20.25 When Harry Met Sally**

**22.00 The Change-up**

**23.50 Brideshead Revisited**

**02.00 The Edge**

**03.55 The Change-up**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2**

**08.05 Malcolm in the Middle** *(13:16)*

**08.30 Ellen** *(102:170)*

**09.15 Bold and the Beautiful**

**09.35 Doctors** *(89:175)*

**10.15 Til Death** *(14:18)*

**10.45 The Whole Truth** *(3:13)*

**11.25 Masterchef USA** *(17:20)*

**12.10 Two and a Half Men** *(11:16)*

**12.35 Nágrannar**

**13.00 The Invention Of Lying** Skemmtileg og óvenjuleg, rómantísk gamanmynd sem gerist í heimi þar sem hugtakið lygi, er ekki til.

**14.50 Sorry I've Got No Head**

**15.20 Barnatími Stöðvar 2**

**16.50 Bold and the Beautiful**

**17.10 Nágrannar**

**17.35 Ellen** *(103:170)*

**18.23 Veður**

**18.30 Fréttir Stöðvar 2**

**18.47 Íþróttir**

**18.54 Ísland í dag**

**19.11 Veður**

**19.20 Simpson-fjölskyldan** *(3:22)*

**19.45 Týnda kynslóðin** *(23:34)* Björn Bragi Arnarsson og félagar fá til sín landskunna gesti í skemmtileg og óhefðbundin viðtöl.

**20.10 Spurningabomban** *(10:21)* Logi Bergmann Eiðsson stjórnar þessum spurningaþætti þar sem hann egnir saman tveimur liðum sem svara skemmtilegum spurningum.

**20.55 American Idol** *(11:40)* Tólfta þáttaröð þessraa vinsælu þátta en talsverðar breytingar hafa orðið á dómnefndinni.

**22.20 Stone** Spennumynd með Robert De Niro, Edward Norton og Millu Jovovich í aðalhlutverkum. Myndin fjallar um skilorðseftirlitsmann sem á aðeins nokkrar vikur eftir í að komast á eftirlaun og á nú aðeins eitt mál eftir sem ólokið er.

**00.00 Saving God** Eftir að hafa afplánað fangelsisdóm snýr Armstrong aftur í gamla hverfið sitt og reynir að hjálpa bágstöddum.

**01.40 Taxi 4** Hasarmynd með ærslafullu grínívafi.

**03.10 The Invention Of Lying**

**04.45 Spurningabomban** *(10:21)*

**05.30 Fréttir og Ísland í dag**

## SPORT — besta sætið

**07.00 Evrópudeildin: Lyon - Tottenham**

**14.50 Meistaradeildin í handbolta: Medvedi - Flensburg**

**16.10 Meistaradeildin í handbolta: markaþáttur**

**16.40 Evrópudeildin: Chelsea - Sparta Prag**

**18.20 Evrópudeildin: Liverpool - Zenit**

**20.00 Meistaradeild Evrópu: fréttaþáttur**

**20.30 La Liga Report**

**21.00 Evrópudeildarmörkin**

**21.50 Evrópudeildin: Liverpool - Zenit**

**23.30 UFC London 2013** Útsending frá Wembley Arena þar sem Gunnar Nelson barðist við Jorge Santiago í UFC, meistaradeildinni í blönduðum bardagalistum.

## SPORT 2 — enski boltinn

**17.10 QPR - Liverpool**

**18.50 Arsenal - Southampton**

**20.30 Premier League World**

**21.00 Premier League Preview Show**

**21.30 Football League Show**

**22.00 Arsenal - Newcastle**

**23.40 Premier League Preview Show**

**00.10 Chelsea - Man. Utd.**

## krakkar

**07.00 Brunabílarnir**

**07.20 Áfram Diego, áfram!**

**07.45 Waybuloo**

**08.05 Svampur Sveinsson**

**08.25 Dóra könnuður**

**08.50 Doddi litli og Eyrnastór**

**09.00 UKI**

**09.05 Strumparnir**

**09.30 Lína Langsokkur**

**09.55 Histeria!**

**10.15 Ofurhundurinn Krypto**

**10.35 Ævintýri Tinna**

**11.00 Stöð 2 Krakkar - barnatími**

**17.05 Ozzy & Drix**

**17.30 Leðurblökumaðurinn**

**17.55 iCarly** *(19:25)*

## POPP TÍVÍ

**17.00 Simpson-fjölskyldan** *(15:22)* Marge og Hómer reyna að kvarta þegar þau fá himinháan símareikning þar sem þau kannast ekkert við þessi símtöl til Brasilíu.

**17.25 Íslenski listinn**

**17.50 Sjáðu**

**18.15 Gossip Girl** *(6:22)*

**19.00 Friends** *(18:24)*

**19.25 How I Met Your Mother** *(18:24)*

**19.50 Simpson-fjölskyldan** *(16:22)* Lífið hjá Hómer og Marge Simpson gengur sinn vanagang en ekki líður sá dagur að þau eða börnin, Bart, Lísa og Maggí, rati ekki í vandræði!

**20.10 The Glee Project** *(5:12)* Önnur þáttaröðin af þessum frábæru þáttum sem ganga út á það að finna og þjálfa upp ótrúlega hæfileikaríkt ungt fólk sem keppir svo um gestahlutverk í einni vinsælustu þáttaröð síðari tíma, Glee.

**20.55 The O.C** *(9:25)* Orange-sýsla í Kaliforníu virðist vera friðsæl paradís þar sem lífið leikur við bæjarbúa.

**21.40 Hellcats** *(5:22)* Dramatískir gamanþættir þar sem við fáum að skyggnast inn í keppnisfullan heim klappstýra og vinskap þeirra á milli.

**22.20 Dollhouse** *(1:13)* Önnur sería þessara spennuþátta sem gerast í nánni framtíð þar sem skotið hafa upp kollinum undirheimafyrirtæki sem gera út sérstaka málaliða. Echo er ein af þeim en vill losna úr þessum fjötrum.

**23.05 The Glee Project** *(5:12)*

**23.50 The O.C** *(9:25)*

**00.35 Hellcats** *(5:22)*

**01.20 Dollhouse** *(1:13)*

**02.05 Tónlistarmyndbönd Popptíví**

## GULL

**18.20 Doctors** *(141:175)*

**19.05 Ellen** *(103:170)*

**19.50 Það var lagið**

**20.50 Miss Marple - At Bertram‘s Hotel**

**22.25 American Idol** *(12:40)*

**23.50 Entourage** *(6:10)*

**00.20 Það var lagið**

**01.20 Miss Marple - At Bertram‘s Hotel**

**02.55 Entourage** *(6:10)*

**03.25 Tónlistarmyndbönd Popptíví**

## SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**

**08.00 Rachael Ray**

**08.45 Dr. Phil**

**09.25 Pepsi MAX tónlist**

**14.25 The Voice** *(7:15)*

**16.00 Top Chef** *(11:15)*

**16.45 Rachael Ray**

**17.30 Dr. Phil**

**18.10 Judging Amy** *(1:24)*

**18.55 Everybody Loves Raymond** *(8:24)*

**19.15 Solsidan** *(4:10)*

**19.40 Family Guy** *(8:16)* Peter Griffin og fjölskylda ásamt hundinum Brian búa á Rhode Island og lenda í ótrúlegum ævintýrum þar sem kolsvartur húmor er aldrei langt undan.

**20.05 America's Funniest Home Videos** *(10:44)* Bráðskemmtilegur fjölskylduþáttur þar sem sýnd eru fyndin myndbrot sem venjulegar fjölskyldur hafa fest á filmu.

**20.30 The Biggest Loser** *(8:14)* Það sem keppendur eiga sameiginlegt í þessari þáttaröð er að á þeim hafa dunið áföll en fá nú tækifæri til að létta á sér.

**22.00 HA?** *(7:12)* Jói G. er gestgjafi, Sóli Hólm og Gunnar Sigurðsson á Völlum sjá um svörin og Stefán Pálsson semur spurningarnar. Gestir þáttarins að þessu sinni eru leikkonurnar Halldóra Geirharðs og Ólafía Hrönn.

**22.50 Top Gear 2012 Special**

**23.50 Hæ Gosi** *(4:8)*

**00.30 Excused**

**00.55 House** *(23:23)*

**01.45 Last Resort** *(13:13)*

**02.35 Combat Hospital** *(9:13)*

**03.15 CSI** *(17:23)*

**03.55 Pepsi MAX tónlist**

## SKJÁRGOLF

**06.00** ESPN America **07.45** World Golf Championship **2013** *(2:5)* **12.45** Golfing World **13.35** World Golf Championship **2013** *(2:5)* **18.35** Inside the PGA Tour *(8:47)* **19.00** World Golf Championship **2013** *(3:5)* **23.00** Golfing World **23.50** ESPN America

## ÍNN

**20.00** Hrafnaþing **21.00** Gestagangur hjá Randveri **21.30** Eldað með Holta

## ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó **FM 90,1** Rás 2 **FM 90,9** Gullbylgjan **FM 93,5** Rás 1 **FM 95,7** FM957 **FM 96,3** FM Suðurland **FM 96,7** Létt Bylgjan **FM 97,7** X-ið **FM 98,9** Bylgjan **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 100,5** Kaninn **FM 102,2** Útvarp Latibær **FM 102,9** Lindin **FM 105,5** Útvarp Boðun


VIÐ VILJUM VITA

MÖGULEG INNGANGA ÍSLANDS Í EVRÓPUSAMBANDIÐ SNÝST UM HAGSMUNI ALMENNINGS – UM LÍFSKJÖR – UM FRAMTÍÐ.

KLÁRUM VIÐRÆÐURNAR OG SJÁUM SAMNINGINN.

JAISLAND.IS

Já! ÍSLAND



uppbod.is

Vefuppboð

Silfur
lýkur 25. febrúar

Póstkort
lýkur 5. mars

Myndlist
lýkur 6. mars



Gulir sjóndeildarhringir

Nikhil Nathan Kirsh

Síðasta sýningarhelgi

Listmunauppboð

Erum að taka á móti verkum á næsta uppboð sem haldið verður 4. mars

Síðustu forvöð til að koma verkum á uppboðið er mánudaginn 25. febrúar

LISTMUNASALA fold

Opið virka daga 10–18, laugard. kl. 11–16, sunnud. 14–16

Rauðarárstígur 14 · sími 551 0400 · www.myndlist.is

TRI

HJÓLREIÐAR HLAUP SUND



# Lokadagar útsölunnar hjá TRI á Suðurlandsbraut 32

**35-50%** afsláttur **af öllum** hlaupaskóm, hlaupa- og hjólafatnaði í verslun fram til laugardagsins 23. febrúar. **SKOÐAÐU ÚRVALIÐ Á TRI.IS**

NIKE CRAFT BROOKS ZOOT POLARIS COMPRESPORT 2XU COMPRESSION ETXEONDO

CUBE

**25%**

af öllum fjalla-, Hybrid- og Racer -hjólum, árgerð 2012.
Meðan birgðir endast.

**25-50%**

afsláttur af dekkjum.

## CUBE LTD

Listaverð: 225.990 kr.
**Tilboð: 169.493 kr.**
-25%



## CUBE LTD PRO

Listaverð: 255.990 kr.
**Tilboð: 191.992 kr.**
-25%



## CUBE LTD RACE

Listaverð: 275.990 kr.
**Tilboð: 206.992 kr.**
-25%



## CUBE LTD SL

Listaverð: 299.990 kr.
**Tilboð: 224.993 kr.**
-25%



# Fróðleikur

## Taktu meðvitaða ákvörðun og fjárfestu í CUBE reiðhjóli

TRI kynnir nýjan verðlista á 2013 hjólum á www.tri.is en þessi verð reiknast öll miðað við verðlag 1. mars 2013 þar sem tollur hefur verið tekinn af hjólum.

- Einhver hjól eru nú þegar komin á þessu verðlagi og til afhendingar strax.
- Ný sending af hjólum kemur í byrjun mars.

TRI vill líka benda á fróðleiksmola Sesselju Traustadóttir á www.hjolafaerni.is

- Semjið við launagreiðendur ykkar og fáið 7.000 kr. skattfrjálsa greiðslu upp í kostnað ef um vistvænan samgöngumáta er að ræða.
- Samgöngusamningar á www.hjolafaerni.is

TRI vill benda á fróðleiksmola FÍB þar sem reiknaður er kostnaður við rekstur á litlum fólksbíl. *www.fib.is Reiknivélar / Rekstrarkostnaður*

- **Dæmi:** 529,000 kr. kostar að reka 1.000.000 kr. bíl miðað við 10.000 km. á ári og 10 lítra á hundraði.
- Væri ekki betra að kaupa sér hjól, bæta heilsuna, spara pening og hugsa um umhverfið.

**Kíktu á nýja vefsíðu okkar www.tri.is**
**Mikið vöruúrval**

TRI
Tri ehf.
Suðurlandsbraut 32
Sími: 571 8111

www.tri.is

Verslunin er opin:
Alla virka daga kl. 09:00-18:00
Laugardaga kl. 10:00-16:00

## HELGIN



**„Helgin hjá mér fer í vinnutörn. Í kvöld er ég að frumsýna verkið Know Thy Yellow Self í Norðurpólnum. Á laugardaginn eru að hefjast tökur á myndinni Vonarstræti en þar er ég að vinna í framleiðsludeildinni.“**

Vigfús Þormar Gunnarsson kvikmyndagerðarmaður

# Ásthildur hlaut aðalverðlaunin

### Stuttmyndin Brynhildur og Kjartan þótti best á kvikmyndahátíðinni Arctic Heat.

Stuttmynd Ásthildar Kjartansdóttur hlaut aðalverðlaun kvikmyndahátíðarinnar Arctic Heat helgina sem leið. Ásthildur var nýkomin heim af Eddunni þegar henni var tilkynnt um sigurinn á Arctic Heat en hátíðin var fyrst haldin árið 1997.

„Ég var að koma heim af Eddunni og þá beið mín póstur þar sem mér var tilkynnt um sigurinn. Ég var auðvitað mjög ánægð með það,“ segir Ásthildur. Stuttmyndin ber titilinn Brynhildur og Kjartan og fjallar um eldri hjón sem búa saman í lítilli íbúð. Maðurinn þjáist af Alzheimer og reynir eiginkona hans að takast á við veikindin með honum.

„Þetta er vissulega stórt og mikið efni fyrir mynd sem er ekki nema fjórtán mínútur að lengd, en það næst samt að draga upp heillega mynd af þeirra aðstæðum.“

Myndirnar sem keppa til verðlauna á Arctic Heat eru í leikstjórn kvenna og þurfa leikstjórarnir einnig að hafa ríkisfang í einhverju Norðurlandanna. Alls komast 27 myndir í undanúrslit og velur dómnefnd sigurvegara úr þeim hópi. Sá hlýtur um 85 þúsund krónur að launum. Þegar Ásthildur er innt eftir því hvort kvikmyndahátíð sem þessi sé nauðsynleg í dag telur hún svo vera. „Ætli þetta sé ekki viðbragð við því ástandi sem ríkir innan kvikmyndabransans. Það skiptir engu máli hverjum það er að kenna, svona er þetta og það er ekki gott,“ segir hún að lokum.

- sm



**FYRSTU VERÐLAUN** Ásthildur Kjartansdóttir hlaut aðalverðlaun kvikmyndahátíðarinnar Arctic Heat um helgina fyrir stuttmyndina Brynhildur og Kjartan. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM


Mögnuð klassísk í kilju




„Það er háspenna lífshætta í bókinni ...“
Hermann Stefánsson / Morgunblaðið

„... yfirburðir Strindbergs þegar honum tekst upp tilheyra sviði þar sem ekki eru aðrir til samanburðar.“
Halldór Laxness / Úngur ég var

*Inferno* eftir August Strindberg er sjálfsævisögulegt verk og fjallar um rithöfund sem yfirgefur fjölskyldu sína til þess að helga sig rannsóknum í efnafræði. Fyrr en varir renna veruleiki og hugarástand saman; höfundurinn fer að sjá ofsóknir og samsæri í hverju horni og upplifir því sannkallað víti – Inferno – innra með sjálfum sér.

Þórarinn Eldjárn þýddi bókina og ritar eftirmála.

FORLAGIÐ

www.forlagid.is – alvöru bókabúð á netinu


# Hver sem er getur lært loftfimleika

### Katla Þórarinsdóttir er vön því að sýna listir hangandi í silki úr loftinu. Nú er hún farin að kenna öðrum að gera hið sama og hefur fengið góðar viðtökur.

„Hver sem er getur lært loftfimleika ef áhugi er til staðar. Fimleikafólk fer léttara með þetta en margir aðrir því það hefur verið pínt til að klifra upp kaðal frá því það byrjaði að æfa. Svo eru aðrir sem hafa aldrei klifrað upp kaðal á ævinni en það er engin þörf á að vera í ofurformi til að prófa þetta,“ segir Katla Þórarinsdóttir, loftfimleikakona og nútímadansari.

Katla var lengi einn af höfuðpaurum Sirkuss Íslands en sagði skilið við hópinn um áramótin og er farin af stað á eigin vegum. Hún er nú aðallega að einbeita sér að loftfimleikum, bæði að kenna þá og sýna. „Yfirleitt eru námskeiðin hjá mér um sex vikur en það er þó allur gangur á því. Þegar um nýliða er að ræða tek ég í mesta lagi sex manns í einu en annars fer ég upp í níu manna hópa,“ segir Katla sem býður líka upp á einstaklingskennslu.

Sérstakt silki er notað í íþróttinni sem er fest upp í loftið. „Það skiptir auðvitað öllu máli að festingarnar séu traustar þar sem það er ekkert grín að detta niður í miðri æfingu,“ segir hún. Hver tími byrjar á upphitun á gólfinu þar sem unnið er að því að styrkja líkamann. Í framhaldi er svo farið upp í silkið og Katla segir algengt að það taki fólk nokkra tíma að ná tækninni við að klifra upp, áður en það getur byrjað að gera æfingar. „Oft ætlar heilinn sér miklu meira en líkaminn getur fyrst um sinn og fólk verður oft pirrað á því. Það gerir það samt að verkum að fólk reynir enn meira á sig og það er skemmtilegt að fylgjast með þegar erfiðið fer að bera árangur,“ segir hún.

Mismunandi ástæður liggja að baki þess að fólk prófar íþróttina og nefnir Katla dæmi um einn nemanda sem kom til hennar til að vinna bug á lofthræðslu. „Sú hefur tekið gríðarlegum framförum frá því hún mætti í fyrsta tímann og átti bágt með að halda sér nokkrum sentímetrum frá gólfinu,“ segir hún.

tinnaros@frettabladid.is



**HANGIR Í SILKI** Í loftfimleikunum notar Katla sérstakt silki sem hún festir í loftið og gerir svo ýmsar æfingar í. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

## Sýndi í ullarnærfötum á Mont Blanc

Það eru fjögur ár síðan að Katla byrjaði að fikra sig áfram í loftfimleikum og er nú mikið bókuð til að sýna listir sínar. „Oftast er ég fengin til að vera með atriði á viðburðum en svo er ég stundum ráðin til að sveima um loftið tímunum saman í mismunandi stellingum. Ég hef til dæmis hangið yfir bar í veislum og einu sinni var ég hengd í stigapall í heimahúsi.

Erfiðasta, skemmtilegasta og magnaðasta sýningin sem Katla hefur tekið þátt í hingað til var þegar hún tók þátt í tískusýningu fyrir elítukúnna Helly Hansen, sem framleiðir útivistarfatnað. Sýningin var haldin í litlum bæ miðsvegar í fjallinu Mont Blanc í Frakklandi. „Þar var ég að sýna undirfatalínuna og mér var skellt upp í silkið á ullarnærfötunum einum fata í átta stiga frosti. Það versta var samt að silkið mitt hafði frosið yfir daginn svo þegar ég gerði æfingarnar skárust ísnálar alls staðar inn í mig. Þetta var því virkilega vont en á sama tíma var þetta ein magnaðasta upplifun lífs míns, að vera þarna í þunnu loftinu, nístingsfrosti og með mánann skínandi rétt fyrir ofan mig. Það var alveg toppurinn,“ segir hún.

# Silence með margar útnefningar

### Hinn íslenskframleiddi söngleikur Silence líklegur til afreka á verðlaunhátíðum.

„Við höfum aldrei fengið eins og góða dóma fyrir nokkra sýningu. Ég hef verið spurður hvort við höfum nokkuð borgað fyrir þessa dóma, sem voru eins og sannkölluð ástarbréf frá fjölmiðlum,“ segir Óskar Eiríksson hjá framleiðslufyrirtækinu Theatermogul, sem á heiðurinn að grínsöngleiknum Silence. Söngleikurinn hefur vakið mikla athygli vestanhafs og hefur hlotið flestar útnefningar á leiklistarverðlaunahátíðinni LA Drama Critics Circle sem fer fram þann 18. mars næstkomandi. Söngleikurinn er grínleikrit byggt á sögunni um mannætuna Hannibal Lecter í Silence of the Lambs og hefur gengið fyrir fullu húsi í New York frá frumsýningu í júlí 2011. „Við erum tilnefnd til fimm verðlauna á þessari hátíð, meðal annars fyrir bestu uppfærslu, tónlist og leikstjórn. Þar erum við í hópi með flottum Broadway-sýningum á borð við War Horse og The Book of Mormon, sem eru þær söluhæstu á Broadway í dag og því er þetta mikill heiður.“

Óskar segir að þau séu nú í viðræðum úti um allan heim um uppsetningu á söngleiknum. Einnig er áhugi fyrir að kvikmynda söngleikinn, en Óskar segist taka þeim fregnum með stakri ró enda sé það best í þessum geira.



**VINSÆLL SÖNGLEIKUR** Söngleikurinn Silence er tilnefndur til fimm La Drama Critics Circle-verðlauna við mikla ánægju Óskars Eiríkssonar hjá Theatermogul sem framleiddi söngleikinn. Hér er hann með systur sinni Signýju Eiríksdóttur. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

„Áhuginn er allavega mikill. Þetta ævintýri er rétt að byrja. Það hefur kostað okkur mikinn tíma og fjárfestingu sem lítur nú út fyrir að vera að skila sér.“

- áp



Einn vinsælasti söngleikur heims
nú loks frumsýndur á Íslandi!
BORGARLEIKHÚSIÐ
í samstarfi við
ÍSLENSKA DANSFLOKKINN
kynnir nýja uppsetningu á söngleik
Disney og CAMERON MACKINTOSH
MARY POPPINS
Byggt á sögum P.L. TRAVERS og kvikmynd frá WALT DISNEY
Frumsýning í kvöld kl. 20
Allt að seljast upp - tryggið ykkur miða í tíma!
fös. 22/2 kl. 20 UPPSELT
lau. 23/2 kl. 19 UPPSELT
lau. 2/3 kl. 19 UPPSELT
sun. 3/3 kl. 19 UPPSELT
þri. 5/3 kl. 19 UPPSELT
mið. 6/3 kl. 19 UPPSELT
fim. 7/3 kl. 19 UPPSELT
lau. 9/3 kl. 19 UPPSELT
sun. 10/3 kl. 13 UPPSELT
þri. 12/3 kl. 19 UPPSELT
mið. 13/3 kl. 19 UPPSELT
fim. 14/3 kl. 19 UPPSELT
lau. 16/3 kl. 19 UPPSELT
sun. 17/3 kl. 13 UPPSELT
mið. 20/3 kl. 19 UPPSELT
fös. 22/3 kl. 19 UPPSELT
lau. 23/3 kl. 19 UPPSELT
sun. 24/3 kl. 19 UPPSELT
þri. 26/3 kl. 19 UPPSELT
fim. 11/4 kl. 19 UPPSELT
lau. 13/4 kl. 19 UPPSELT
sun. 14/4 kl. 19 UPPSELT
fös. 19/4 kl. 19 UPPSELT
lau. 20/4 kl. 19 UPPSELT
sun. 21/4 kl. 19 UPPSELT
mið. 24/4 kl. 19 UPPSELT
lau. 27/4 kl. 19 UPPSELT
sun. 28/4 kl. 13 UPPSELT
föst. 3/5 kl. 19 UPPSELT
lau. 4/5 kl. 19 UPPSELT
sun. 5/5 kl. 13 UPPSELT
fim. 9/5 kl. 14 UPPSELT
fös. 10/5 kl. 19 UPPSELT
lau. 11/5 kl. 19 UPPSELT
sun. 12/5 kl. 13 UPPSELT
fim. 16/5 kl. 19 örfá sæti
fös. 17/5 kl. 19 örfá sæti
lau. 18/5 kl. 19 örfá sæti
fim. 23/5 kl. 19 örfá sæti
sun. 26/5 kl. 13 örfá sæti
lau. 1/6 kl. 13 örfá sæti
Íslandsbanki
Íd Íslenski dansflokkurinn
Miðasala | 568 8000 | borgarleikhus.is
Borgarleikhúsið

FRÉTTABLAÐIÐ
VIÐ SEGJUM FRÉTTIR • SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 VÍSIR
RITSTJÓRN 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is AUGLÝSINGADEILD auglysingar@frettabladid.is PRENTUN Ísafoldarprentsmiðja
9 771670 387005
Póst dreifing
DREIFING: dreifing@postdreifing.is
EF BLAÐIÐ BERST EKKI: 512 5060

FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN
vísir
Meiri Vísir.

## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Rebekka ekki með Hjaltalín

Hjaltalín kemur fram á tónleikum í Iðnó í kvöld án fagottleikarans **Rebekku Bryndísar Björnsdóttur**. Þrátt fyrir að vera enn formlegur meðlimur í hljómsveitinni er hún nánast hætt að spila með henni, að minnsta kosti á tónleikum, og sér þess í stað meira um sjónræna þáttinn. Þannig verða tónleikarnir í kvöld þeir fyrstu þar sem búið er að aðlaga Hjaltalín að því að vera sextett, án fagottsins. Rebekka Bryndís starfar nær alfarið í kvikmyndabransanum. Hún hefur verið að vinna mikið hjá Saga film og einnig í Bandaríkjunum, þar sem hún vinnur að stóru verkefni um þessar mundir.



### Heitir In the Silence

Enskt heiti plötunnar Dýrð í dauðaþögn með **Ásgeiri Trausta,** sem vann fern Íslensk tónlistarverðlaun á miðvikudaginn, verður In the Silence. Upptökum á plötunni er lokið og kemur hún út á vegum breska fyrirtækisins One Little Indian úti í heimi síðar á árinu. Það var bandaríski tónlistarmaðurinn John Grant sem þýddi texta plötunnar yfir á ensku. Íslensk útgáfa plötunnar kemur út á Norðurlöndunum í þessari viku á geisladiski og vínyl en verður fáanleg úti um allan heim stafrænt. Gagnrýnandi sænska blaðsins Dagens Nyheter gefur henni fjórar stjörnur af fimm mögulegum og segir að tónlistin nái hæstu hæðum þegar gítarinn er í bakgrunninum undir margslungnum útsetningunum.

- fb



## Mest lesið vísir

1 Kom með lífverði á nefndarsvið Alþingis
2 Mega ekki leika sér með bolta í leikfimi
3 Segja sjóræningjastarfsemi ógna hagkerfum heimsins
4 Sá kærastann halda framhjá á internetinu
5 Sony afhjúpar Playstation 4







806 hundar - 78 tegundir - 26 ungir sýnendur

Hundaræktarfélag Íslands - félag allra hundaeigenda – stofnað 1969

# Alþjóðleg hundasýning Hundaræktarfélags Íslands

## 23. – 24. febrúar að Klettagörðum 6, 104 Reykjavík

Dómarar sýningar eru frá Danmörku, Írlandi, Svíþjóð og Króatíu
Sýningin stendur frá kl. 9-17 laugardag og sunnudag
Keppni ungra sýnenda fer fram föstudaginn 22. febrúar kl. 18:00

**Meðal viðburða**

Hvolpar setja skemmtilegan svip á sýninguna
Virðulegir öldungar láta ljós sitt skína
Fallegustu hundar sýningar valdir
Viðamikil starfsemi HRFÍ kynnt
Kynning á hundategundum
Sölu- og kynningabásar – ýmis sértilboð
Veitingasala

**Sjá dagskrá á hrfi.is**

Fullorðnir 700 kr. Börn yngri en 12 ára og í fylgd með fullorðnum fá frítt inn, annars 400 kr.

HUNDARÆKTARFÉLAG ÍSLANDS 4. september 1969